

# SJÁVARÚTVEGUR

**Efnisyfirlit**

<b><u>13. KAFLI: SJÁVARÚTVEGUR</u></b> .....	<b>4</b>
<b><u>I. AUÐLINDASTJÓRNUN OG STJÓRNUN VEIÐIGETU FLOTANS</u></b> .....	<b>5</b>
A. GRUNDVALLAR-/RAMMALÖGGJÖF .....	5
B. STJÓRNSKIPULAG.....	10
C. HAGKERFI .....	30
<b><u>II. FISKVEIÐAR</u></b> .....	<b>35</b>
A. FISKVEIÐISTJÓRN .....	35
B. STJÓRNKERFI.....	73
C. STJÓRNUN FISKVEIÐIFLOTANS .....	93
D. HAGLÝSING FISKVEIÐANNA.....	98
<b><u>III. FISKELDI</u></b> .....	<b>109</b>
A. SÉRSTÖK STEFNA OG REGLUGERÐARAMMI .....	109
B. SÉRSTÖK HAGFRÆÐI FISKELDISSVIÐSINS .....	112
<b><u>IV. HAGFRÆÐI VINNSLUGEIRANS</u></b> .....	<b>114</b>
<b><u>V. STJÓRNKERFISADGERÐIR OG OPINBER STUÐNINGUR</u></b> .....	<b>124</b>
<b><u>VI. FISKVEIÐAR OG UMHVERFIÐ</u></b> .....	<b>131</b>
A. SAMÞÆTTING VIÐ UMHVERFIÐ / VISTKERFISNÁLGUN FISKVEIÐISTJÓRNUNAR.....	131
B. ALÞJÓÐLEG UMHVERFISMÁLEFNI.....	134
<b><u>VII. MARKAÐSSTEFNA OG VIÐSKIPTI</u></b> .....	<b>136</b>
A. SALA OG MARKAÐSSETNING FISKAFURÐA (HRÁRRA, UNNINNA,) NEYTENDAVERND (UMHVERFISMERKINGAR TALDAR MEÐ ÞAR SEM VIÐ Á).....	136
B. UPPLÝSINGAR TIL NEYTENDA OG UMHVERFISMERKINGAR ( SKYLDUGAR OG SJÁLFVILJUGAR) .....	138
<b><u>VIII. VIÐSKIPTASTEFNA (ÞAR Á MEÐAL FJÁRFESTINGAR OG ÞJÓNUSTA)</u></b> .....	<b>139</b>
A. LAGARAMMI FYRIR ALÞJÓÐLEG VIÐSKIPTI MEÐ SJÁVARAFURÐIR .....	139
B. ERLENDAR FJÁRFESTINGAR Í SJÁVARÚTVEGI (VEIÐUM OG VINNSLU) .....	144
C. ÞJÓNUSTA Í FISKVEIÐIGEIRANUM (VEIÐAR OG VINNSLA) .....	147

<b><u>IX. ALÞJÓÐASAMNINGAR OG SAMTÖK.....</u></b>	<b><u>148</u></b>
<b>A. HAGSMUNIR ÍSLANDS Á ALÞJÓÐLEGUM HAFSVÆÐUM .....</b>	<b>148</b>
<b>B. TVÍHLIÐA SAMNINGAR OG FYRIRKOMULAG .....</b>	<b>155</b>
<b>C. ÍSLENSKIR HAGSMUNIR Í FYRIRTÆKJUM/SKIPUM SKRÁÐUM ERLENDIS .....</b>	<b>161</b>
<b><u>X. FRAMKVÆMD SAMÞÆTTINGAR GRUNDVALLARATRÍÐA SJÁVARSTEFNUMÁLA</u></b>	<b><u>162</u></b>

### 13. kafli: Sjávarútvegur

ESB-löggjöf um sjávarútveg er í formi reglugerða, sem gilda beint án innleiðingar í landslög. Þó verður hvert land að gera sínar ráðstafanir til að stjórnýslan og útgerðirnar geti starfað innan sameiginlegrar fiskveiðistefnu ESB (SFS). Kveðið er á um gildissvið, markmið og meginreglur SFS í reglugerð ráðsins nr. 2371/2002. SFS felur m.a. í sér reglur um verndun lifandi auðlinda hafsins, takmörkun á umhverfisáhrifum fiskveiða, skilyrði fyrir aðgangi að miðum og auðlindum, byggðastefnu og stjórnun veiðigetu flotans, eftirlit og eftirfylgni, fiskeldi, sameiginlegt markaðsskipulag og alþjóðasamskipti. SFS byggir á traustri vísindalegri ráðgjöf og kveður á um gagnaöflun.

Að því er varðar **auðlindastjórnun** og **stjórnun veiðigetu flotans** setur ESB-löggjöfin takmörk á heildarafla á grundvelli vísindaráðgjafar og, fyrir vissa stofna, langtíma nýtingarstefnu. Einnig eru nákvæmar reglur til að stjórna veiðigetu og tryggja jafnvægi milli flota og stofna og um mælingu skipastærða. Lögin skylda aðildarríkin til að afla gagna í fiskiskipaskrá ESB og koma á fót kerfi fyrir gervihnattaeftirlit með skipum.

**Eftirlit** er aðallega á ábyrgð aðildarríkjanna. Löggjöfin setur nákvæmar reglur um skráningu aflans. Aðildarríki þurfa stjórnýslu sem ræður við að tryggja virkt eftirlit, skoðanir og eftirfylgni við SFS.

Kveðið er á um fjárhagslega aðkomu ESB að framkvæmd SFS í tvennum rammalögum.

Hin fyrri, Reg. nr. 861/2006, snýr t.d. að eftirliti, þátttöku hagsmunaaðila, alþjóðlegum samningum, gagnaöflun og vísindaráðgjöf. Síðari reglugerðin, nr. 1198/2006 og framkvæmdarreglugerð hennar, nr. 498/2007, kveða á um **Fiskveiðisjóð ESB (EFF)**, stjórn hans, verksvið og fjárhagsleg umsvif. Til að hafa aðgang að Fiskveiðasjóði ESB þurfa aðildarríki að hafa samþykkt langtímaáætlun (NSP) og aðgerðaáætlun (OP) og einnig að ráða yfir nauðsynlegu stjórnskipulagi og eftirlitskerfi til að tryggja áreiðanlega og virka framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.

**Markaðsstefnan** byggist á notkun sameiginlega markaðsstaðla, á samtökum framleiðenda, aðferðum til inngripa á markaði, neytendafræðslu og viðskiptasamningum við þriðju ríki.

Til viðbótar við almennar reglur um **ríkisstyrki** hefur ESB-löggjöfin að geyma sérstakar reglur um ríkisstyrki til sjávarútvegs og landbúnaðar. Þar sem ESB fer sjálft með yfirstjórn sjávarútvegsmála hefur það gerst aðili að mörgum **milliríkjasamningum** og **alþjóðasamtökum**. Í nokkrum tilvikum verður að aðlaga gildandi samninga og sáttmála við þriðju ríki eða alþjóðasamtök eða segja þeim upp áður en til aðildar kemur.

### *Skýringar á tilvísunum í lög og fjárhæðum*

Íslensk lög, reglugerðir (og annars konar stjórnvaldsreglur) og sáttmálar eru gefin út í Stjórnartíðindum.<sup>1</sup> Samfelldan texta gildandi laga er að finna á vefsetri Alþingis<sup>2</sup> Samfelldan texta gildandi reglugerða er að finna á vefsetri stjórnarráðsins.<sup>3</sup> Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum, en jafnvirði þeirra í evrum er í neðanmálsgreinum miðað við gengið 1 evra = 180 krónur (sem er námundað meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009) nema annars sé getið sérstaklega. Þó ber að hafa í huga að gengi krónunnar hefur sveiflast umtalsvert á liðnum árum og evran kostað stundum minna en 70 kr. og stundum yfir 180 kr. (jafnvel meira ef miðað er við skráð gengi evrópskra banka). Af þessum ástæðum getur verið að fjárhæðir í evrum gefi ekki rétta mynd miðað við þann tíma þegar viðskiptin fóru fram.

## **I. AUÐLINDASTJÓRNUN OG STJÓRNUN VEIÐIGETU FLOTANS**

### **Íslenskur sjávarútvegur í aðalatriðum**

#### **A. Grundvallar-/Rammalöggjöf**

##### **> Innlent**

- 1. Tilgreinið íslenska rammalöggjöf um fiskveiðar og fiskeldi, vinnslu og markaðssetningu lifandi auðlinda sjávar<sup>4</sup> og lýsið í stuttu máli helstu meginreglum og stefnumiðum sem hún hefur að geyma.**

#### *A. Lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006*

Árið 1990 samþykkti Alþingi samræmda heildarlöggjöf um fiskveiðistjórnun. Lögin komu á fót aflamarkskerfi þar sem hverju skipi er úthlutað leyfilegu aflamarki eða „kvóta“, sem táknar hlutdeild skipsins í leyfilegum heildarafla. Aflamarkið fylgir skipinu, er skiptanlegt og framseljanlegt að vild.

Eins og kemur fram í lögnum eru fiskistofnarnir umhverfis Ísland sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laganna er að stuðla að verndun þeirra og hagkvæmri nýtingu og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögnum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

<sup>1</sup> [www.stjornartidindi.is](http://www.stjornartidindi.is)

<sup>2</sup> [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

<sup>3</sup> <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/forsida>

<sup>4</sup> Þ.m.t. tegundir sem einnig ganga í ferskvatn, svo og lindýr, krabbadýr og sjávarplöntur.

Aflamarskerfið er hornsteinn nógildandi stjórnkerfis íslenskra fiskveiða. Markmið kerfisins er að takmarka heildaraflann og koma í veg fyrir veiði úr fiskistofnum umfram þau mörk sem yfirvöld setja miðað við vísindaráðgjöf á hverjum tíma.

Kerfið hvílir á þremur stöðum: almenna aflamarskerfinu, aflamarskerfi smábáta sem felur í sér takmarkanir á veiðarfærum og á færslu aflamarks, og byggðakvótum.

Sjávarútvegsráðherra ákveður leyfilegan heildarafla á hverju ári á grundvelli tilmæla Hafrannsóknastofnunar.

Hverju skipi er úthlutað fastri aflahlutdeild (tilteknum hundraðshluta) í tegundum sem sæta ákvörðun um leyfilegan heildarafla. Aflahlutdeild allra skipa jafngildir 100% af heildarafla í hverri tegund.

Allar fiskveiðar í atvinnuskyni eru háðar aflamarki.

Skipum var upprunalega úthlutað aflahlutdeild á grundvelli veiðireynslu þeirra áður en aflamarskerfinu var komið á.

Aflahlutdeild skipsins (hundraðshlutinn) er síðan margfölduð með leyfilegum heildarafla til að ákveða magnið sem það má veiða af viðkomandi tegund á því fiskveiðiári. Þetta er aflamark eða „kvóti“ skipsins.

Skipta má aflahlutdeild og aflamarki og færa þau milli skipa, með ákveðnum takmörkum þó. Framsal aflahlutdeildar og aflamarks á að auðvelda hagræðingu í sjávarútvegi og þar með auka arðsemi. Einnig greiðir framsal aflahlutdeildar fyrir aðlögun veiðigetunnar að afrakstursgetu fiskistofna.

Kvótum er úthlutað gegn veiðigjaldi.

Einstök útvegsfyrirtæki mega ekki ráða yfir aflamarki sem er meira en 12% af verðmæti heildaraflans af öllum tegundum og ekki meira en frá 12% til 35% af verðmæti heildaraflans af einstökum tegundum.

Virkt eftirlit er lykilþáttur fiskveiðistjórnunar og tryggir að afli íslenskra skipa sé í takt við leyfilegan heildarafla hvers fiskveiðiárs.

Löggiltir vigtarmenn verða að vigta allan afla sem landað er. Eftir vigtun skrá hafnaryfirvöld aflann í miðlægan gagnagrunn Fiskistofnu, sem tryggir yfirsýn á hverjum tíma yfir kvótastöðu hvers fiskiskips og hve mikið er búið að veiða af kvótanum í hverri tegund.

Skylt er að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri. Brottkast er bannað og refsivert að lögum.

Veiði skip umfram aflamark í einhverri tegund á útgerðin þess kost að útvega sér viðbótar-aflamark innan tiltekins tíma frá löndun. Skipum er heimilt að landa litlum hluta hvers farms, yfirleitt meðafla, án þess að hann dragist frá aflamarki þeirra. Slíkur afli er seldur á uppboði og rennur andvirðið til rannsóknarsjóðs fyrir hafrannsóknir.

Margvíslegar ráðstafanir aðrar hafa verið gerðar til að vernda smáfisk og viðkvæm búsvæði, m.a. settar reglur um hvers konar veiðifæri má nota á tilteknum svæðum og um lokun tiltekinna veiðisvæða. Einnig eru reglur um lágmarks möskvastærð og notkun smáfiskaskilja.

Sums staðar er veiðisvæðum lokað til lengri tíma og framfylgir sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytið ákvörðunum um slíkar lokanir. Lokun getur tekið til ákveðinna veiðarfæra eða stærðar fiskiskipa eða allra veiða um ákveðinn tíma. Svæðislokunum er beitt á hverju ári til að vernda hrygningarsvæði þorsks og annarra botnfisktegunda. Einnig er öll notkun botnvörpu bönnuð á tilteknum svæðum, t.d. þar sem kórall finnst eða á öðrum viðkvæmum stöðum.

#### *B. Lög um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996*

Markmið laganna er að bæta umgengni um nytjastofna sjávar og stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafrakstur fyrir íslensku þjóðina. Með lögnum er sú grundvallaregla staðfest að allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa verður að hirða og færa á land.

#### *C. Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997*

Aðeins þeim íslensku skipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt ákvæðum laga um stjórn fiskveiða, er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelginni.

Erlendum skipum eru bannaðar allar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema kveðið sé á um annað í milliríkjasamningum.

*D Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands nr. 151/1996*

Ákvæði þessa laga taka til veiða íslenskra skipa úr nytjastofnum sjávar (deilistofnum og víðförulum fiskistofnum) utan lögsögu Íslands, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

*E. Lög um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 22/1998*

Samkvæmt þessum lögum mega einungis íslensk skip stunda fiskveiðar og vinnslu afla um borð í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þó er erlendum skipum heimilt að landa eigin afla, umskipa afla og selja í íslenskum höfnum hafi hann verið veiddur í samræmi við milliríkjasamninga.

*F Lög um fiskeldi nr. 71/2008*

Lögin taka til alls fiskeldi á Íslandi. Aðalmarkmið laga um fiskeldi er að stuðla að hagkvæmni og samkeppnishæfni fiskeldis innan ramma sjálfbærrar þróunar, að skapa verðmæti og efla atvinnulíf í dreifðum byggðum landsins. Lögin um fiskeldi skapa grundvöll fyrir framtíðarvöxt greinarinnar með ábyrgri stjórnun.

*G. Lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða nr. 55/1998*

Lögin innleiða ESB-löggjöf um hreinlæti í matvörum að því er varðar sjávarafurðir (sjá svarið við 54. spurningu).

## › Alþjóðlegt

2. Tilgreinið milliríkjasamninga/-stofnanir<sup>5</sup> sem Ísland er aðili að (að undanskildu svæðisbundnu samstarfi um stjórn fiskveiða og tvíhliða samningum sem getið er undir fyrirsögninni „Alþjóðasamningar og -samtök“ hér að neðan) og máli skipta í fiskveiðum.<sup>6</sup> Tiltakið dagsetningu undirskriftar eða fullgildingar, nr. og heiti laganna á íslensku. Skráið ráðstafanir sem gerðar hafa verið varðandi aðgerðar-áætlanir til að fylgja þeim eftir innanlands (um hákarla, veiðigetu, fugla, ólöglegar veiðar).
- Stofnskrá Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, undirrituð 16. október 1945. Tók gildi 16. október 1945, Stjórnartíðindi 53.
  - Samningur um Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), 14. desember 1960. Fullgiltur 28. apríl 1961. Tók gildi 30. september 1961, Stjórnartíðindi 124.
  - Samningur um Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES), 12. september 1964. Fullgiltur 4. desember 1964, tók gildi 22. júlí 1968, C-deild Stjórnartíðinda 10/1968. Bókun 13. ágúst 1970, undirrituð 28. september 1970, C-deild Stjórnartíðinda 26/1970. Tók gildi 12. nóvember 1975, C-deild Stjórnartíðinda 2/1976.
  - Hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna 10. desember 1982. Fullgiltur 21. júní 1985, C-deild Stjórnartíðinda 7/1985. Tók gildi 16. nóvember 1994, C-deild Stjórnartíðinda 40/1993.
  - Samkomulag um beitingu XI. hluta Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982. Undirritað fyrir hönd Íslands 29. júlí 1994. Tók gildi til bráðabirgða að því að Ísland varðar 16. nóvember 1994, C-deild Stjórnartíðinda 43/1995. Tók gildi 28. júlí 1996, C-deild Stjórnartíðinda 39/2001.
  - Sáttmáli um líffræðilega fjölbreytni frá 29. desember 1993. Fullgiltur 12. september 1994. Tók gildi 11. desember 1994, C-deild Stjórnartíðindi 11/1995.
  - Samkomulag um beitingu ákvæða Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um stjórnun og verndun deilistofna og víðförla fiskistofna. Fullgilt af

<sup>5</sup> T.d. Hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna, samningur SP um verndun deilistofna og víðförla fiskistofna, fylgnisamningur Matvæla- og landbúnaðarstofnunarinnar; Efnahags- og framfarastofnunin, Matvæla- og landbúnaðarstofnunin.

<sup>6</sup> Með fiskveiðum er hér átt við sókn í nytjastofna sjávar hvort sem þær beinast að fiskum, skeldýrum, krabbadýrum eða sjávargróðri.

Íslands hálfu 14. febrúar 1997, C-deild Stjórnartíðinda 8/1997. Tók gildi 11. desember 2001, C-deild Stjórnartíðinda 40/2001.

- Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins frá 22. september 1992. Fullgiltur af Íslands hálfu 2. júní 1997. Tók gildi 25. mars 1998, C-deild Stjórnartíðinda 15/1997. V. viðauki og 3. viðbætur við samninginn voru fullgildir 18. júní 2001, C-deild Stjórnartíðinda 25/2001. Tóku gildi 18. júlí 2001.
- Samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, frá 22. júní 1979. Fullgiltur af Íslands hálfu 3. janúar 2000, tók gildi að því er varðar Ísland 2. apríl 2000, C-deild Stjórnartíðinda 1/2000. Í samræmi við 2. mgr. a 23. gr. samningsins gerði Ísland fyrirvara við tegundir skráðar í I. og II. viðauka að því er varðar hvali. Þessir fyrirvarar tóku gildi 13. febrúar 2003, C-deild Stjórnartíðinda 5/2003.
- Engar *innlendar aðgerðaráætlanir (um hákarla, veiðigetu, fugla, ólöglegar veiðar)* í líkingu við alþjóðaaðgerðaráætlanir Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP hafa verið samþykktar. Þó hafa ýmiss konar ráðstafanir verið gerðar eftir því sem við á, eins og lýst er í svörum hér á eftir, sem varða t.d. veiðigetu og ólöglegar veiðar (sjá svörin við spurningum 30, 32 og 62).

## **B. Stjórnskipulag**


### **› Uppbygging fiskveiðistjórnunar og stuðningur almennings**

- 3. Lýsið stjórnarsýslunni á Íslandi sem ber ábyrgð á þróun og framkvæmd fiskveiðistefnunnar, einkum: hlutverki, ábyrgð, mannafla og fjármagni (síðustu 5 ár), og lögformlegu skipulagi stofnana sem í hlut eiga. Einkum:**
  - **Sýnið nákvæmt skipurit yfir skipulag fiskveiðistjórnunar og eftirlits, og lýsið uppbyggingu og samstarfi innan þess. Gerið nákvæma grein fyrir dreifingu ábyrgðar að því er varðar eftirlit. Lýsið, eftir því sem við á, sérstökum heimildum sem héraðs- og/eða sveitarstjórnnum eða dótturstofnunum miðlægs stjórnskipulags eru veittar innan íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins.**

Í ljósi mikilvægis lifandi auðlinda hafsins fyrir efnahag þjóðarinnar kemur ekki á óvart að aðkoma íslenskra stjórnvalda, bæði löggjafarvaldsins og framkvæmdavaldsins, að málefnum hafsins er margþætt. Sex ráðuneyti bera ábyrgð á ýmsum málefnum varðandi hafið, með

sjávarútvegs- og landbúnaðaráðuneytið í fararbroddi. Verkaskipting ráðuneyta á þessu sviði er í megindráttum skýr og er henni lýst í reglugerð um stjórnarráðið.

Alþingi er handhafi lagasetningarvalds á Íslandi. Með löggjöf er lagður grundvöllur að þeirri stjórnarsýslu er sinnir málefnum hafsins og jafnframt er í löggjöf og þingsályktunum mörkuð stefna um málefni hafsins.



sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fer með mál er varða sjávarútveg, rannsóknir á fiski- stofnum og verndun og nýtingu þeirra og annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotnsins, sem og stjórnun svæða þar sem þær eru nýtanlegar. Auk þess fer sjávarútvegsráðuneytið með rannsóknir og reglur um framleiðslu sjávarafurða, þar á meðal útflutning og innflutning þeirra, eldi nytjategunda sem og stuðning við rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi. Þannig tekur starf ráðuneytisins einkum mið af því að tryggja og viðhalda til langs tíma heilbrigði hafsins og hámarksafrakstri til handa íslensku þjóðinni af sjálfbærri nýtingu lifandi auðlinda hafsins.

Þannig ber sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið ábyrgð á fiskveiðistjórnun og framkvæmd laga og gefur út reglugerðir í þeim tilgangi. Verkefni ráðuneytisins ná yfir almenna stjórnsýslu, langtíma áætlunargerð og samskipti við alþjóðasamtök og -stofnanir í sjávarútvegi. Ráðuneytið nýtur stuðnings fimm aðila við eftirlit og almenna stjórnsýslu: Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Mátis ohf. og Landhelgisgæslunnar.

Eftirfarandi tafla sýnir útgjöld og tekjur ráðuneytisins 2004–2008.

millj. króna*	2004	2005	2006	2007
Gjöld	367	404	414	421
Tekjur	15	14	20	18
Samtals	352	390	394	404
Starfsfólk	43	44	42	42

Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytin voru sameinuð 1. janúar 2008. Tölurnar í töflunni eru samtölur beggja ráðuneyta.

Fiskistofa er sjálfstæð stjórnsýslustofnun sem heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og leikur lykilhlutverk í að stuðla að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sjávar og vatna.

Fiskistofa ber ábyrgð á framkvæmd laga um stjórnun fiskveiða og tengdrar löggjafar, á daglegri fiskveiðistjórnun og eftirliti með framfylgd reglna um fiskveiðistjórnun. Meðal verkefna hennar er:

- að gefa út fiskveiðileyfi og úthluta aflamarki til íslenskra skipa og skrá þessi réttindi;
- að gefa út fiskveiðileyfi handa erlendum skipum í íslenskri fiskveiðilögsögu;
- að yfirfæra / skrá tilfærslu aflamarks milli fiskiskipa;
- að safna, skrá, vinna og dreifa upplýsingum um afla íslenskra skipa og verðmæti hans og fylgjast með veiðum þeirra frá degi til dags;

- eftirlit með veiðum íslenskra og erlendra fiskiskipa í íslenskri lögsögu;
- eftirlit með veiðum og vinnslu fullvinnsluskipa;
- eftirlit með löndun, vigtun og skráningu á afla íslenskra og erlendra fiskiskipa;
- útgáfa (rafrænna) afladagbóka og eftirlit með notkun þeirra;
- útgáfa rekstrarleyfa til fiskeldisstöðva og rafrænna framleiðsludagbóka, ásamt eftirliti með fiskeldi;
- umsjón með fiskútflutningi og fiskflutningum;
- stjórnun lax- og silungsveiða í ferskvatni;
- beiting refsingar (ógilding leyfa) vegna brota gegn fiskveiðilöggjöf;
- innheimta ýmissa gjalda af útgerðum fiskiskipa.
- samskipti og samstarf við ýmsar systurstofnanir og alþjóðasamtök eins og Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndina (NEAFC) og Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunina (NAFO).

Eftirfarandi tafla sýnir útgjöld og tekjur Fiskistofu 2004–2008.

m. ÍSK	2004	2005	2006	2007	2008
Gjöld	681	702	773	808	749
Tekjur	229	92	85	71	67
<b>Samtals</b>	<b>451</b>	<b>610</b>	<b>689</b>	<b>737</b>	<b>682</b>
Starfsmenn	96	93	95	90	80

Hafrannsóknastofnunin, stofnuð 1965, stundar margs konar rannsóknir á hafinu og lífríki þess og veitir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti vísindaráðgjöf á grundvelli rannsókna sinna á sjávarauðlindum og umhverfinu.

Stofnunin hefur u.þ.b. 170 starfsmenn og rekur tvö rannsóknarskip, fimm útibú umhverfis landið og eldisstöð.

Hlutverk Hafrannsóknastofnunarinnar er einkum þríþætt:

- að stunda rannsóknir á lífríki hafsins umhverfis Ísland og lifandi auðlindum þess;
- að veita ráðgjöf til stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins og um aðrar verndunarráðstafanir;

- að miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings um hafið og auðlindir þess.

Sjá nánar svar við spurningu 13.8.

Eftirfarandi tafla sýnir útgjöld og tekjur Hafrannsóknastofnunar 2004–2008.

Millj. kr.	2004	2005	2006	2007	2008
	1.56	1.86	1.70	1.94	2.22
Gjöld	6	6	5	0	4
Tekjur	554	502	449	607	813
	1.01	1.36	1.25	1.33	1.41
Samtals	3	4	6	3	1
Starfsfólk	172	159	153	144	147

Matvælastofnunin (MAST) var stofnuð árið 2006 og aukin 2008 þegar hún yfirtók nokkur verkefni frá Fiskistofu. Hlutverk Matvælastofnunarinnar er að stuðla að heilbrigði plantna, velferð dýra og öryggi og gæðum matvara með því að sinna stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur. MAST er lögbært yfirvald á sviði matvælaöryggis, eftirlits með frumframleiðslu dýraafurða, þ. á m. sjávarafurða, eftirlits með inn- og útflutningi allra matvæla og yfirumsjónar með matvælaeftirliti innanlands á vegum sveitafélaga.

Eftirfarandi tafla sýnir útgjöld og tekjur MAST 2006–2008.

Millj. kr.	2006	2007	2008
Gjöld	618	674	958
Tekjur	176	193	229
Samtals	443	481	729
Starfsfólk	56	56	76

Matís ohf. sinnir rannsókn- og þróunarstarfi í matvælaíðnaði. Það var stofnað árið 2007 með sameiningu fjögurra opinberra rannsóknarstofnana. Matís heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og vinnur aðallega að nýsköpun í matvæla- og líftækni. Stofnunin býður ýmiss konar þjónustu við matvælaíðnaðinn á Íslandi og erlendis. Hún stundar hagnýtar rannsóknir sem miða að því að auka verðmæti í vinnslu og framleiðslu matvæla auk þess að tryggja öryggi og gæði matvæla og fóðurvara. Á hverju ári kaupir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið nokkur rannsóknarverkefni frá Matís. Árið 2007 greiddi ráðuneytið Matís samtals 445 millj. kr. og 430 mill. kr. árið 2008. Fyrirtækið hefur u.þ.b. 90 starfsmenn.

Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að sanngjörnu og eðlilegu uppgjöri *þegar afli er seldur tengdum aðilum*. Birting upplýsinga um fiskverð er mikilvægur liður í starfsemi Verðlagsstofunnar. Verðlagsstofa skiptaverðs var stofnuð með lögum nr. 13/1998 og tók til starfa 1. júní það ár.

Eftirfarandi tafla sýnir útgjöld og tekjur Verðlagsstofunnar 2004–2008.

Millj. kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Gjöld	20	24	20	17	26
Tekjur	0	0	0	0	0
Samtals	20	24	20	17	26
Starfsfólk	3	2	3	3	2

Veiðimálastofnun var sett á fót árið 1946. Hún er nú sérstök stofnun sem stundar rannsóknir og vinnur við stjórnun veiða í ferskvatni. Helstu verkefni Veiðimálastofunnar eru:

- Að stunda rannsóknir á lífríki í ám og vötnum.
- Að rannsaka fiskistofna (lax, urriða, bleikju, ál, hornsíli) í ám og vötnum.
- Að hafa eftirlit með og veita ráð um veiðinýtingu í ám og vötnum og hvort auka megi veiði með fiskræktaraðgerðum.

- Að veita ráð varðandi lífríki og umhverfi áa og vatna varðandi mannvirkjagerð.
- Að setja upp og reka gagnagrunn um lífríki áa og vatna og fiskistofna þeirra.

Eftirfarandi tafla sýnir útgjöld og Veiðimálastofnunar 2004–2008.

Millj. kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Gjöld	135	179	178	159	188
Tekjur	79	87	85	91	114
Samtals	56	92	93	68	73
Starfsfólk	18	18	18	17	19

AVS rannsóknasjóður á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins  
Rannsóknasjóðurinn AVS (aukið verðmæti sjávarfangs) veitir styrki til rannsóknarverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs. Styrkir eru veittir til hagnýtra rannsókna á vegum verkefna á öllum sviðum sjávarútvegs og fiskeldis og eru ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsóknar- og þróunarstofnunum og háskólastofnunum. Stjórn sjóðsins forgangsraðar tillögum um styrki til rannsókna í þágu verkefna sem auka verðmæti sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs. Tillögurnar eru síðan sendar til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til ákvörðunar.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárveitingu sjóðsins á fjárlögum 2005–2009 (millj. kr.).

2005	2006	2007	2008	2009
200	210	235	335	335

*Eftirtaldir sjóðir veita styrki til rannsókna og þróunar og geta aðilar í sjávarútvegi sótt um rannsóknar- og þróunarstyrki til jafns við aðrar atvinnugreinar:*

### Rannsóknasjóður

Hlutverk Rannsóknasjóðs, sem heyrir undir Menntamálaráðneytið, er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja. Stuðningur er veittir við bæði grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir.

Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á öllum nýjum rannsóknartillögum.

### Tækniþróunarsjóður

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðar-, orku- og ferðamálaráðherra. Hann starfar samkvæmt lögum nr. 75/2007 um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, nr. 75/2007. Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Sjóðnum er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við megin stefnu Vísinda- og tækniráðs.

### Hafnir

Sveitafélög reka 57 hafnir umhverfis Ísland. Allur landaður afli skal veginn hjá löggiltum hafnarstarfsmanni. Eftir vigtun er aflinn skráður hjá viðkomandi hafnaryfirvöldum í miðlægan gagnagrunn Fiskistofu.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið fer meðal annars með löggæslu innan landhelgi og fiskveiðilögsögu, sjómælingar og sjúkortagerð. Landhelgisgæslan heyrir undir Dómsmálaráðuneytið.

Landhelgisgæslan (LHG) er löggæslustofnun. Helstu verkefni hennar eru:

- Öryggisgæsla á hafinu
- Almenn löggæsla á hafinu, þ. á m. veiðieftirlit og eftirlit í efnahagslögsögu Íslands og samstarf við lögregluna á landi
- Leit og björgun
- Aðkallandi sjúkraflutningar
- Aðstoð við almannavarnir
- Aðstoð við flutninga
- Sprengjueyðing á sjó og landi
- Sjómælingar og sjókortagerð
- Móttaka skyldutilkynninga frá skipum

Landhelgisgæslan rekur varðskip, eftirlitsflugvél og leitar- og björgunarþyrlur, sem eru einnig notaðar við löggæslu á grunnslóð. Stjórnstöð LHG er einnig miðstöð lögbundins fjareftirlits með öllum íslenskum fiskiskipum. Fylgst er með öllum minni skipum í sjálfvirku tilkynningakerfi á metrabylgju um strandstöðvar, og eru tilkynningar afar tíðar, á kringum 30 sekúndna fresti. Stærri skipum er fylgst með um gervitungl, oftast Inmarsat C, einu sinni á klukkustund. Erlendum skipum, sem veiða innan íslenskrar efnahagslögsögu, er einnig fylgst með skv. tvíhliða samningum um eftirlit og LHG fær staðsetningargögn frá Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndinni (NEAFC). Stjórnstöð LHG tekur einnig á móti öllum tilkynningum um afla og athafnir erlendra fiskiskipa og frá íslenskra skipa sem veiða utan efnahagslögsögu landsins eða í efnahagslögsögu annarra ríkja.

Eftirlitsmenn LHG fara um borð í 200–400 skip ár hvert til að skoða afla, veiðarfæri og vottorð um öryggisbúnað skipsins og áhafnarinnar.

LHG hefur lögregluvald og hefur heimild til að taka menn fasta og beita valdi ef með þarf.

Öll gæsluflug eru notuð við fiskveiðieftirlit og almennt eftirlit í efnahagslögsögunni, og allir dagar sem varðskipin eru á sjó teljast til fiskveiðieftirlits.

Eftirfarandi tafla sýnir tekjur og útgjöld Landhelgisgæslunnar 2004–2008.

Millj. kr.	2006	2007	2008
Gjöld	2.203	2.631	2.857
Tekjur	127	241	201
Samtals	2.076	2.390	2.656

Heildarfjöldi starfsmanna hjá LHG hefur verið frá 130 til 170 manns. Hvert varðskip hefur 18 manna áhöfn, um 40 manns vinna í flugdeildinni, 14 í stjórnstöðinni og 3 á rekstrarsviðinu.

Útgjöld Landhelgisgæslunnar vegna eftirlits með fiskveiðum eru áætluð um 30% heildarútgjalda.

Umhverfisráðuneytið fer meðal annars með mál er varða náttúruvernd, þar með talið vernd vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni og erfðaauðlinda, þjóðgarðar og friðlýst svæði. Auk þess fer ráðuneytið með mál er snerta rannsóknir á sviði umhverfismála sem ekki eru á vegum annarra ráðuneyta, mengunarvarnir og loftslagsbreytingar. Ráðuneytinu er ætlað að styrkja almenna umhverfisvernd og efla samvinnu ráðuneyta og stofnana er vinna að þessum málaflokki. Málefni hafsins hafa yfirleitt verið í fyrirrúmi hjá ráðuneytinu. Umhverfisstofnun starfar á vegum Umhverfisráðuneytisins.

Utanríkisráðuneytið fer með milliríkja- og fjölþjóðasamninga, þróunarsamvinnu sem og aðild Íslands að alþjóðlegum samtökum, stofnunum, ráðstefnum og fundum er varða opinbera hagsmuni, og eigi ber undir annað ráðuneyti samkvæmt áðurnefndri reglugerð um stjórnarráðið eða eðli máls. Innan ráðuneytisins er starfandi auðlinda- og umhverfisskrifstofa sem gætir auðlinda- og umhverfihagsmuna Íslendinga á alþjóðavettvangi og er ætla að tryggja sem best hagsmuni Íslands. Málefni hafsins, þar á meðal hafréttarmál, hafa alla tíð skipað veglegan sess í starfsemi utanríkisráðuneytisins.

## › Rekstur og starfsemi

### **4. Lýsið ákvörðunarferli og eftirliti í fiskveiðistjórnun og hvernig vald er framselt til lægri stjórnsýslustiga. Hvaða úrræði eru tiltæk til að leysa úr árekstrum um valdsvið ríkis og sveitar- eða héraðsstjórna?**

Fyrir hvert fiskveiðiár ákvarðar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra leyfilegan heildarafla á grundvelli vísindaráðgjafar Hafrannsóknastofnunar. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gefur einnig út framkvæmdarreglugerðir um fiskveiðistjórnun með heimild í lögum frá Alþingi.

Vegna þess að stjórn fiskveiða er miðstýrð, og það er einungis eitt lögbært yfirvald, eru engin úrræði tiltæk sem miða að því að leysa úr árekstrum um valdsvið ríkis og sveitar- eða bæjarstjórna.

Fiskistofa er eina lögbæra yfirvald í veiðieftirliti. Fiskistofa sér um daglega stjórnun fiskveiða. Eins og greint er frá í spurningu 13.3, ber Fiskistofa ábyrgð á að framkvæma lögum um stjórnun fiskveiða. Hún safnar gögnum um sjávarútveg og birtir þau. Hún veitir skipum veiðileyfi og úthlutar aflamarki. Meðal annarra hlutverka Fiskistofu er að leggja á refsingar vegna ólöglegs afla. Fiskistofa hefur eftirlit með færslu aflahlutdeildar og aflamarks milli fiskiskipa, hefur umsjón með skýrsluskilum um landaðan afla úr einstökum skipum og fylgist með vigtun afla. Fiskistofa sér um eftirlit um borð í fiskiskipum og í löndunarhöfnum, sem felur í sér skoðun á aflasamsetningu, veiðarfærum og meðhöndlun afla. Fiskistofa ber einnig ábyrgð á framkvæmd laga og reglna um lax- og silungsveiðar og um fiskeldi á Íslandi.

Fiskistofa rækir sitt fjölbætta hlutverk í samstarfi við margar aðrar opinberar stofnanir, þ. á m. Landhelgisgæsluna, Ríkistollstjóra og Siglingastofnun Íslands.

Aðili að málum hefur rétt til að skjóta stjórnvaldsákvörðun til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis til breytingar eða höfnunar, skv. stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Málum er varða alvarleg brot á lögum um stjórn fiskveiða er vísað til lögreglustjóra viðkomandi umdæmis, sem tekur ákvörðun um hvort gefa skuli út kærú og reka málið fyrir dómstólum.

**5. Hvernig er gert ráð fyrir því í stjórnsýslunni að hagsmunaaðilar geti haft áhrif á stefnumörkun og framkvæmd? Lýsið meginreglum að því er varðar samráð, mat á áhrifum, agareglum hagsmunaaðila eða hvata til að fara að reglunum, eftir því sem við á.**

*Samráð við hagsmunaaðila*

Lögin um stjórn fiskveiða gera ekki ráð fyrir beinum áhrifum frá hagsmunahöfum á stefnumótun og framkvæmd. Vegna eðlis málsins er þó nauðsynlegt að viðhafa nána samvinnu og samráð við hagsmunaaðila. Vegna þess hversu lítil og frekar einföld stjórnsýslan á Íslandi er, eru boðleiðir stuttar og aðgangur hagsmunaaðila að stjórnsýslunni auðveldur.

Að jafnaði tekur stjórnsýslan sjónarmið hagsmunaaðila til greina þegar hún mótar stefnu og framkvæmd í sjávarútvegi. Samráð er haft við hagsmunaaðila áður en meiriháttar ákvarðanir eru teknar. Áður en Hafrannsóknastofnunin byrjar á stofnstærðarmati hefur hún t.d. samráð við hagsmunaaðila í greininni. Samráð fer fram aðallega í gegnum vinnuhópa um helstu tegundirnar (t.d. þorsk, flatfisk, uppsjávartegundir). Á þessum fundum kynna vísindamenn horfur fyrir tiltekinn stofn og hagsmunaaðilar segja frá reynslu sinni og sjónarmiðum. Einnig er rætt um gagnstæð sjónarmið og túlkanir og reynt að ná sameiginlegum niðurstöðum og lausnum.

Margar opinberar nefndir vinna á hverjum tíma að mismunandi málefnum í sjávarútvegi, m.a. við undirbúning nýrra laga og reglugerða. Jafnframt fá hagsmunaaðilar tækifæri til að tjá sig um sérhver lög eða reglugerð sem er í smíðum.

*Hvatar til að fara að lögum*

Nokkrir hvatar til að fara að lögum eru innbyggðir í kerfið, einkum hvað varðar reglur um brottkast og undirmálsfisk. T.d. getur skipstjóri ákveðið að tiltekið magn af lönduðum afla teljist ekki til aflamarks skipsins, enda verði slíkur afli seldur á fiskmarkaði. Söluverðinu er þá skipt þannig að skipið fái 20% og Verkefnasjóður sjávarútvegsins fái 80%. Reglan hvetur skip til að landa öllum afla, án tillits til þess hvort þau hafa nægilegt aflamark. Þegar um er að ræða undirmálsfisk af þorski, ýsu, ufsa og karfa telst aðeins helmingur slíks afla til aflamarks skipsins, þó að hámarki 10% aflans úr hverri veiðiferð.

**6. Lýsið stjórnun og eftirliti sem beitt er til að tryggja trausta og markvissa nýtingu almannaþjárfjár.**

Fjárveiting ákvarðast af ríkisfjárlögum. Bókhald er á vegum ríkisins og endurskoðað af Ríkisendurskoðun. Ráðherra, sem ber ábyrgð á viðkomandi sjóði, tilnefnir menn í stjórn hans. Sjóðurinn auglýsir í dagblöðum og á heimasíðu eftir umsóknum um styrki til verkefna sem falla undir verkefnasvið sjóðsins. Faghópar skipaðir sérfræðingum á viðkomandi sviði meta umsóknir og skila til stjórnar faglegu mati sem miðast við fyrirfram gefna mælikvarða. Stjórn sjóðsins gerir tillögur um og/eða ákveður styrkveitingar (sjá nánar í 32. kafla).

**7. Fær stjórnsýslan endurgreiddan kostnað sinn af þjónustu tengdri fiskveiðistjórnun (t.d. útgáfu veiðileyfa, vísindalegri ráðgjöf, vöktun)? Gerið m.a. grein fyrir gjaldtökukerfum og sýnið bókfærðar tekjur og gjöld í þessu sambandi) á sl. 10 árum.**

Fiskistofa innheimtir gjöld af útgerðum fiskiskipa sem sum koma á móti almennum útgjöldum Fiskistofu. Þessi gjöld eru tíunduð í töflunni hér að neðan:

<b>Gjöld sem útgerðir greiddu Fiskistofu 1998-2008</b>											
<b>Tegund gjalds/Fiskveiðiár</b>	<b>98-99</b>	<b>99-00</b>	<b>00-01</b>	<b>01-02</b>	<b>02-03</b>	<b>03-04</b>	<b>04-05</b>	<b>05-06</b>	<b>06-07</b>	<b>07-08</b>	<b>08-09</b>
Prúnarsjóðsgjald á hvert þorskígildistonn	1.200	1.225	1.230	1.230/1.35	1.358/1.441	1.441					
Veiðieftirlitsgjald á hvert þorskígildistonn	166	242	424	1	664	664					
Veiðieftirlitsgjald utan landhelgi á hvert þorskígildistonn	300	300	424	593	664	664					
Veiðigjald á hvert þorskígildistonn							1,99	1,53	0,91	1,45	0,71
Veiðileyfi	14.262	14.940	15.000	16.500	17.500	17.500	17.500	17.500	17.500	17.500	17.500
Lágmarksgjald (veiðieftirlitsgjald/veiðigjald)	2.615	2.670	2.700	2.700	2.700	2.700	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000
Gjald v. færslu aflamarks			2.000	2.000	2.000	2.000	2.000	2.000	2.000	2.000	2.000
Gjald v. færslu aflahlutdeildar	1730-1770	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800
Gjald v. eftirlitsmanns um borð í vinnsluskipi, á dag	14.200	14.200	16.500	16.500	16.500	16.500	16.500	16.500	16.500	16.500	16.500
Gjald v. eftirlitsmanns um borð í skipi á Flæmingjagrunum	15.000	15.000	19.500	19.500	19.500	19.500	19.500	19.500*	19.500**	19.500**	19.500**
<b>Innheimt gjöld - heildartekjur</b>											
<b>Tegund gjalds/Reikningsár</b>	<b>1998</b>	<b>1999</b>	<b>2000</b>	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Gjald til Prúnarsjóðs (þús. kr.)	583.744	580.491	538.138	526.200	632.809	729.537	187.325	-20.534			
Veiðieftirlitsgjald (þús. kr.)	84.114	114.901	181.997	194.178	302.649	337.162	86.115	-9.462			
Veiðigjald (þús. kr.)							695.250	755.705	421.120	425.283	180.005
Veiðigjald (þús. kr.)	37.397	38.177	33.473	36.685	36.527	36.444	37.198	30.993	10.413	9.257	10.482
Vinnsluleyfi (þús. kr.)	11.140	3.575	3.395	5.065	3.540	4.725	4.840	3.345	2.205	2.225	
Gjald v. færslu aflamarks (þús. kr.)				12.174	20.234	20.780	21.742	23.324	22.154	18.326	16.286
Gjald v. færslu aflahlutdeildar (þús. kr.)	1.012	661	1.148	1.425	1.248	1.091	1.519	1.665	1.305	1.067	450
Eftirlit um borð í fiskiskipum (þús. kr.)	23.893	32.504	34.613	32.522	25.441	28.653	26.956	20.296	20.541	18.483	14.688
	<b>743.298</b>	<b>772.308</b>	<b>794.764</b>	<b>810.250</b>	<b>1.024.450</b>	<b>1.158.392</b>	<b>1.060.945</b>	<b>780.343</b>	<b>477.738</b>	<b>474.641</b>	<b>221.911</b>



Í efri hluta töflunnar, „Tegund gjalds/Fiskveiðiár“, má sjá grunnfjárhæð hvers gjalds um sig. Hvað varðar þróunarsjóðsgjald, veiðieftirlitsgjald og veiðigjald er fjárhæðin lögð á úthlutað aflamark hvers fiskiskips reiknað í þorskígildum en á landaðan afla í þeim tilfellum þegar aflamarki er ekki úthlutað á viðkomandi fiskveiðiári. Þorskígildisstuðlar eru gefnir út fyrir hvert fiskveiðiár með auglýsingu frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Þorskígildið er reiknað sem hlutfall aflaverðmætis einstakra tegunda, sem sæta ákvörðun um stjórn veiða, af aflaverðmæti slægðs þorsks á tilteknu tímabili. Þorskur hefur því alltaf stuðulinn 1,00. Skv. dálkinum „Veiðigjald á hvert þorskígildiskíló“ var veiðigjald síðasta fiskveiðiárs, þ.e. 2008–09, 0,71 kr. á hvert úthlutað þorskígildiskíló. Veiðigjald fyrir hvert þorskígildiskíló á fiskveiðiárinu 2009/2010 er 3,47 kr. og hefur aldrei verið hærra síðan gjaldið var innleitt árið 2004. Veiðigjaldið er reiknað út frá virði aflans frá 1. maí til 30. apríl árið á undan með því að draga frá því reiknaðan heildarkostnað vegna launa, eldsneytis og annars kostnaðar og ákvarða þannig framlegð í greininni. Tiltekið hlutfall (nú 9,5%) er reiknað af framlegðinni og myndar sú fjárhæð grunn að veiðigjaldi fyrir komandi fiskveiðiár sem leggst á kvótaúthlutun þess fiskveiðiárs. Veiðigjaldið er því breytilegt frá ári til árs þar sem það ræðst annars vegar af afkomu útgerðarinnar og hins vegar af úthlutuðu aflamarki á hverju fiskveiðiári.

Öll skip sem stunda fiskveiðar við Ísland verða að hafa veiðileyfi sem varðveitt er um borð. Gjald fyrir veiðileyfi er 17.500 kr.

Fiskistofa innheimtir gjald hverju sinni fyrir flutning á aflahlutdeild og aflamarki á milli fiskiskipa.

Eigendur fiskiskipa greiða fast gjald fyrir hvern dag sem veiðieftirlitsmaður er um borð í fullvinnsluskipi eða skipi sem er að veiðum á Flæmingjagrunni.

Seinni hluti töflunnar sýnir heildartekjur sem Fiskistofa hefur innheimt af útgerðinni sl. 11 ár. Eins og taflan sýnir, var hætt að innheimta gjöld til Þróunarsjóðs árið 2004/05. Þetta gjald, sem útgerðir greiddu, var ekki notað til að standa undir starfsemi Fiskistofu heldur safnað í sérstakan sjóð til að fjármagna úreldingu skipa og smíði nýs hafrannsóknaskips. Skv. töflunni voru innheimtar 180 millj. kr. í veiðigjöldum á sl. fiskveiðiári, sem er umtalsvert minna en árið þar á undan. Stafar það fyrst og fremst af ráðstöfunum í kjölfar ákvörðunar stjórnvalda um að minnka úthlutun á aflamarki í þorski úr 190 þús. tonnum í 130 þús. tonn. Það var álitíð sanngjarnt að lækka tímabundið grundvöll fyrir útreikning veiðigjalds og jafnframt að fella niður gjaldtöku fyrir aflamark í þorski. Taflan sýnir einnig að innheimtu veiðieftirlitsgjalda,

sem runnu til starfsemi Fiskistofu, var hætt sama árið og veiðigjald var lagt á. Veiðigjald rennur í ríkissjóð en ekki beint til reksturs Fiskistofu.

Taflan hér að neðan sýnir heildartekjur og gjöld Fiskistofu árin 1999–2008.

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Gjöld í þús.kr.	416.169	457.148	551.744	605.969	643.958	680.520	702.478	773.376	807.600	748.993
Tekjur í þús.kr.	205.128	233.077	305.491	423.734	487.109	229.145	92.255	84.542	70.987	66.707
Veiðigjald í þús.kr.*						695.250	755.705	421.120	425.283	180.005

\* 1. september 2004 var tekið upp veiðigjald í stað eftirlitsgjalds

Veiðigjald er byggt á afkomu útgerða og rennur beint í ríkissjóð.

#### › Rannsóknir sem tengjast stjórnun fiskveiða

**8. Lýsið getu Íslands til rannsókna sem styðja við stjórnun fiskveiða, þ.m.t. rannsóknir á stofnstærðarþróun og –mati og á vistfræði sjávar sem varðar stjórnun fiskveiða, og hvernig rannsóknir eru samþættar umhverfisstefnu og félagslegum- og hagrænum þáttum sem áhrif hafa á stefnuna. Upplýsingarnar eiga m.a. að taka til stofnana, mannauðs, innviða (t.d. rannsóknaskipa) og fjárveitinga.**

#### *Rannsóknir til að styðja stjórnun fiskveiða*

Umfangsmiklar og kerfisbundnar haf- og sjávarlífsrannsóknir mynda grundvöll verndunar og nýtingar sjávarauðlinda á íslenska hafsvæðinu. Ísland liggur einnig á mörkum heitra og kaldra hafstrauma, sem hefur áhrif á lífríki hafsins bæði á svæðinu og alls staðar í Norður-Atlantshafinu. Vegna þess er stöðug vöktun svæðisins bæði afar mikilvæg og áhugaverð í víðara samhengi.

#### *Hafrannsóknastofnun og helstu verkefni hennar*

Hafrannsóknarstofnunin í Reykjavík er langstærsta hafrannsóknamiðstöð á Íslandi. Hún er ríkisstofnun sem heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Hlutverk Hafrannsóknastofnunar er þrjúþætt:

(i) að stunda rannsóknir á hafinu umhverfis Ísland og lífríki þess,

(ii) að veita ráðgjöf til stjórnvalda um hámarksaflla og sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins, og

(iii) að miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings um lifandi auðlindir hafsins og sjálfbæra nýtingu þeirra. Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar beinast einkum að:

- Sjávarvistfræði og umhverfissvöktun
- Sjávarjarðfræði og kortlagningu hafsbotnsins
- Líffræði svifsins og framleiðni þess
- Viðgangi fiskistofna og nýliðun
- Stofnstærðarmælingum
- Fjölstofnasamspili
- Sjávarspendýrum
- veiðarfærum og áhrifum þeirra á vistkerfið
- Eldi sjávardýra og -fiska
- Nýjum tegundir til nýtingar

### *Skipulag*

Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar fara fram á þremur rannsóknarsviðum: *Sjó- og vistfræðisviði*, *Nytjastofnasviði* og *Veiðiráðgjafarsviði*.

Rannsóknir *Sjó- og vistfræðisviðs* beinast að umhverfisskilyrðum í sjónum (næringarefnum, hitastigi, seltu), jarðfræði, vistfræði þörunga, dýrasvifs, fiskseiða, smáfisks og botndýra. Meðal umfangsmikilla verkefna á *Sjó- og vistfræðisviði* eru rannsóknir á hafstraumum á föstum stöðum umhverfis Ísland fjórum sinnum á ári, mat á frumframleiðni svifþörunga og stofnstærð, langtíma rannsóknir á stofnstærð og dreifingu dýrasvifs og rannsóknir á hrygningu og nýliðun nytjastofna. Flestar umhverfisrannsóknir eru liðir í þverfaglegum rannsóknnum, unnar í nánnum tengslum við fiskirannsóknir.

Á *Nytjastofnasviði* eru stundaðar rannsóknir á öllum fiskistofnum, krabbadýrum, skelfiski og sjávarspendýrum sem veidd eru. Verulegur hluti starfsins felst í mati á stofnstærð, viðgangi stofna og leyfilegum heildarafla. Dæmi um verkefni sviðsins eru árleg stofnmæling botnfiska og mælingar á stærð stofna innfjarða- og úthafs-rækju, humars og hörpudisks. Árlegar bergmálmælingar eru notaðar til að fylgjast með uppsjávarstofnum.

*Veiðiráðgjafarsvið* endurskoðar úttektir á ástandi nytjastofna og undirbýr formlega ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar til stjórnvalda um leyfilegan heildarafla og stefnu í sjálfbæra nýtingu auðlinda. *Veiðiráðgjafarsvið* sér einnig um líkön í fiskivistfræði og annast verkefni um aðferðafræði stofnstærðarmats.

#### *Stoðdeildir og útibú*

Hafrannsóknastofnun gefur út tímaritið *Hafrannsóknir*, þar sem m.a. eru birtar niðurstöður ýmissa rannsóknaverkefna, árlegar skýrslur um ástand sjávar og stofna og veiðiráðgjöf fyrir komandi ár. Vísindalegar niðurstöður eru einnig birtar á mjög margvíslegan hátt, þ. á m. í mörgum alþjóðlegum ritrýndum tímaritum.

Hafrannsóknastofnun hefur einnig tilraunaeldisstöð nálægt Grindavík og rekur fimm smærri rannsóknarstofur sem útibú í sjávarbyggðum umhverfis Ísland. Þessar rannsóknarstofur gegna mikilvægu hlutverki í sýnatöku í svæðisbundnum fiskveiðum og styrkja samskipti milli Hafrannsóknastofnunar og sjávarútvegs alls staðar í landinu. Stærsta útibúið, á Ísafirði, er einnig miðstöð veiðarfærarannsókna Hafrannsóknastofnunar.

#### *Hafrannsóknaskip*

Hafrannsóknastofnun gerir út tvö vel búin fjölnota hafrannsóknaskip, *RS Árna Friðriksson* (70 m) og *RS Bjarna Sæmundsson* (55 m). Bæði skipin eru knúin rafmagni frá dísilvél, hljóðlát og henta vel til rannsókna með hljóðbylgjum. *Árni Friðriksson* er sérstaklega útbúinn til tilraunaveiða með botn- og flotvörpu og hefur fjölgeisla hljóðendurvarpstæki til að kortleggja hafsbotninn. Útibúin í Vestmannaeyjum og á Akureyri gera út hvort sinn litla rannsóknarbát (10m).

#### *Fjárhagsáætlun*

Af ráðstöfunarfé Hafrannsóknastofnunar eru tveir þriðju fjárveiting úr ríkissjóði. Heildarumsvif Hafrannsóknastofnunar hafa farið vaxandi síðustu tíu árin. Hins vegar hefur fjárveiting til hennar lítið breyst síðustu árin, en hún nam um 2,3 milljörðum króna 2009. Á móti hafa sértekjur stofnunarinnar aukist. Þeirra á meðal er fé úr sérstökum sjóði á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis sem myndaður er af andvirði afla úr rannsóknarleiðingrum, sömuleiðis styrkir úr samkeppnissjóðum, innlendum og evrópskum.

*Mannaflí*

Hafrannsóknastofnun hefur á að skipa um 155 manna starfsliði. Þar af hafa um 85 háskóla-menntun, m.a. í líffræði/vistfræði, eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og verkfræði. Þar af hafa um 60 rannsóknarmenntun, helmingur doktorspróf og hinir MSc-gráðu. Af tæknimönnum eru um 25 með háskólagráður (MSc, BSc) og um 20 með almenna tækniþekkingu. Í áhöfnum hafrannsóknaskipanna eru um 40 manns.

*Almannatengsl og alþjóðasamvinna*

Hafrannsóknastofnunin heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið en hefur sjálf náin tengsl við sjávarútveginn og almenning í landinu. Vísindamenn stofnunarinnar eru virkir þátttakendur í fundum á ýmsum sviðum þjóðlífsins og fjöldi fólks heimsækir stofnunina ár hvert. Hafrannsóknastofnun vinnur með háskólum landsins að rannsóknum og kennslu í fiskifræði og haffræði. Stúdentar frá háskólunum fá verkþjálfun á Hafrannsóknastofnun og vinna þar að rannsóknarverkefnum.

Hafrannsóknastofnun á samstarf við margar erlendar stofnanir og alþjóðleg samtök. Þar skiptir mestu máli þátttaka hennar í starfi *Alþjóðahafrannsóknaráðsins* (ICES). Stofnunin á einnig aðild að ýmsum öðrum samtökum, svo sem *Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndinni* (NEAFC), *Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnuninni* (NAFO), *Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðinu* (NAMMCO) og *Alþjóða hvalveiðiráðinu* (IWC). Enn fremur hefur Hafrannsóknastofnun átt hlut að mörgum alþjóðlegum verkefnum, bæði á vegum fyrrnefndra samtaka og annarra stofnana.

*Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna* er rekinn á vegum Hafrannsóknastofnunar í samvinnu við Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó og ýmsar stofnanir og háskóladeildir á Íslandi. Fyrir milligöngu *Þróunarsamvinnustofnunar Íslands* (ÞSSÍ/ICEIDA) hafa vísindamenn frá Hafrannsóknastofnun komið að verkefnum um þróun fiskveiða í þróunarlöndum.

**C. Hagkerfi****› Velta og hlutdeild í VLF****9. Lýsið þróun heildaraflans, virði aflans og útflutningstekjum sjávarútvegsins (veiða, vinnslu, markaðssetningar og stoðþjónustu), að fiskeldi meðtöldu, sl. 10 ár.**

	<b>Heildarafli í tonnum</b>	<b>Virði landaðs afla í m.kr.</b>	<b>Útflutnings- tekjur í m.kr.</b>
<b>1999</b>	1.735.344	60.367,8	97.682,3
<b>2000</b>	1.983.528	60.370,8	94.498,4
<b>2001</b>	1.990.853	70.884,8	122.045,5
<b>2002</b>	2.136.973	77.071,4	128.591,5
<b>2003</b>	1.985.672	67.277,7	113.692,7
<b>2004</b>	1.736.765	67.975,1	121.745,7
<b>2005</b>	1.677.352	67.920,1	110.130,1
<b>2006</b>	1.331.789	76.163,3	124.375,0
<b>2007</b>	1.400.550	80.251,5	127.618,6
<b>2008</b>	1.283.078	99.152,5	171.348,7

<sup>1</sup> Af íslenskum skipum

<sup>2</sup> Fiskeldisframleiðsla er meðtalin í aflatölum, en upplýsingar liggja ekki fyrir um virði hennar.

**10. Lýsið mikilvægi sjávarútvegs, þ.m.t. fiskeldis, fyrir efnahag Íslands og hvernig þróunin hefur verið sl. 10 ár.**

Lifandi auðlindir hafsins við Ísland eru meðal mikilvægustu náttúruauðlinda þjóðarinnar. Framfarir á Íslandi á tuttugustu öld, þegar þjóðin braust úr sárri fátækt til bjargálna, urðu fyrst og fremst vegna aukinnar nýtingar Íslendinga á nytstofnum hafsins. Enn í dag er nýting þessara auðlinda ein af grunnstoðum íslensks atvinnulífs sem gerir búsetu um allt landið mögulega og leggur til drjúgan hluta af gjaldeyrstekjum þjóðarinnar. Fjölbreytni innlendrar framleiðslu er takmörkuð. Hreinar gjaldeyrstekjur sjávarútvegsins standa undir stórum hluta

af innflutningi þjóðarinnar á margs konar vörum. Taflan hér á eftir sýnir hlutfallslegt framlag sjávarútvegs til VLF, vöruútflutnings og vöru- og þjónustuútflutnings 1998–2009. Hún sýnir einnig hlutfall veiða og vinnslu sjávarafurða í heildartekjum eftir landshlutum.

<b>Hlutfal sjávarútvegs í VLF %</b>	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Fiskveiðar og fiskeldi (05)	8.3	7.8	7.1	7.7	7.8	6.3	5.3	4.8	5	4.4
Fiskvinnsla (15.20)	4.5	3.6	2.8	4.7	3.2	2.7	2.2	2.1	2.1	1.6
<b>Samtals</b>	<b>12.8</b>	<b>11.4</b>	<b>9.9</b>	<b>12.4</b>	<b>11.0</b>	<b>9.0</b>	<b>7.5</b>	<b>6.9</b>	<b>7.1</b>	<b>6.0</b>
Iðngreinaflokkun skv. NACE 1.1										
<b>Sjávarafurðir sem hlutfall af vöruútflutningi</b>	<b>72.6</b>	<b>67.4</b>	<b>63.3</b>	<b>62.1</b>	<b>62.9</b>	<b>62.3</b>	<b>60.2</b>	<b>56.7</b>	<b>51.2</b>	<b>41.8</b>
<b>Sjávarafurðir sem hlutfall af vöru- og þjónustuútflutningi</b>	<b>48.6</b>	<b>46.0</b>	<b>41.2</b>	<b>40.8</b>	<b>42.0</b>	<b>39.5</b>	<b>38.5</b>	<b>34.1</b>	<b>33.5</b>	<b>28.6</b>

**Hlutfall tekna veiða og vinnslu af heildartekjum**

	Höfuðborgarsvæðið	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðvesturland
Veiðar	1.5	12.0	14.8	11.6	13.1	11.4	10.6	9.1
Fiskvinnsla	1.3	9.8	20.9	8.5	7.1	17.7	6.1	10.5
<b>Samtals</b>	<b>2.8</b>	<b>21.8</b>	<b>35.7</b>	<b>20.1</b>	<b>20.2</b>	<b>29.1</b>	<b>16.7</b>	<b>19.6</b>

Hvað varðar töfluna hér að ofan er þess að gæta að hlutfall sjávarútvegs, hvort heldur af útflutningi vöru og þjónustu eða af landsframleiðslu, hefur á síðustu árum farið lækkandi vegna aukinnar fjölbreytni í atvinnulífinu. Hins vegar er gert ráð fyrir að hlutur sjávarútvegs í landsframleiðslu, og sömuleiðis í útflutningstekjum, vaxi á ný eftir hrun bankakerfisins og að sjávarútvegur verði framvegis ein aðalstoð íslensks efnahags.

Samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða eru nytjastofnar við Ísland sameign íslensku þjóðarinnar. Til að tryggja sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda, með áherslu á langtíma sjónarmið og hagsmuni þjóðarinnar í fyrirrúmi, verða þeir sem hafa mestra hagsmuna að gæta, þ.e. Íslendingar sjálfir, að hafa full yfirráð yfir auðlindunum, nýtingu þeirra og verndun sem og greininni í heild, þ.m.t. eignarhald á framleiðslutækjunum sem notuð eru í verðmætasköpuninni. Hagsmunir þjóðarinnar þurfa ekki endilega að fara saman við hagsmuni einstakra fyrirtækja. Lifandi auðlindir hafsins eru svo mikilvægar fyrir efnahag, búsetu, samfélag og menningu á þessu afskekktu eylandi að ekki verður horfið frá eignarhaldi og yfirráðum Íslendinga sjálfra yfir þeim..

## › Atvinna

### 11. Lýsið atvinnuþróun í sjávarútvegi í heild, þ. m. t. í fiskeldi, á sl. 10 árum.

#### Fjöldi starfsmanna fyrirtækja starfandi í sjávarútvegi 1998–2008

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Starfsfólk í fiskvinnslu	9.761	8.698	8.316	8.114	7.717	7.497	7.105	6.543	6.223	5.527
Starfsfólk í fiskveiðum	6.561	6.086	5.830	6.174	5.666	5.845	5.175	4.866	4.640	4.111
<b>Samtals</b>	<b>16.322</b>	<b>14.784</b>	<b>14.146</b>	<b>14.288</b>	<b>13.383</b>	<b>13.342</b>	<b>12.280</b>	<b>11.409</b>	<b>10.863</b>	<b>9.638</b>

› **Fiskneysla**

**12. Gerið grein fyrir neyslu fisks og fiskafurða<sup>7</sup> og þróun hennar sl. 10 ár**

<b>Neysla fisks og fiskafurða</b>	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Samtals (tonn)	8.098	8.582	8.263	7.391	6.779	7.024	7.748	8.313	7.964	7.951
Á mann (kg)	29,6	31,0	29,4	25,9	23,6	24,3	26,5	28,1	26,2	25,5

› **Inn- og útflutningur fiskafurða**

**13. Sýnið magn og virði inn- og útflutnings fiskafurða á sl. 10 ár sundurliðað eftir tollskrárflokkum.**

Sjá Viðauka 13:13 - Tollskrárflokkun

<sup>7</sup> „Fiskafurðir“ nær yfir vörur sem skráðar eru í eftirfarandi köflum/fyrirsögnum/undirfyrirsögnum/númerum í samræmdri tollskrá ESB: 3. kafli: „Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar.“ Fyrirsagnir 1604: „Fiskur, unninn eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra“; og 1605: „Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, unnin eða varin skemmdum“, undirfyrirsögn 0511 91 „Vörur úr fiski, krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum; dauð dýr í 3. kafla“, nr. 1902 20 10 „Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt með fiski, krabbadýrum, lindýrum og öðrum sjávar- eða vatnahryggleysingjum sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd“, og 2301 20 00 „Mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar, úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum.“

## II. FISKVEIÐAR

### A. Fiskveiðistjórn

#### › Markmið og vísindalegur grundvöllur aðgerða

**14. Útskýrið markmið fiskveiðistjórnunar yðar, einkum með tilliti til brottkasts, og tæknilega þætti eins og líffræðileg viðmið. Lýsið hvernig vísindaráðgjöf er veitt og, eftir því sem við á, stjórnunartilmælum tengdum henni Gerið sérstaka grein fyrir ráðgjafarstofnunum sem í hlut eiga, tímabilum sem notuð eru við stjórnun og fyrirkomulagi fjármögnunar. Lýsið í grundvallaatriðum hvernig ráðgjöf er notuð í mótun stjórnunaraðgerða, einkum: Hvernig er samband milli verndunarviðmiða, eins og varúðarstofnstærðar og fiskveiðidauða, og reglulegra ákvarðana um veiðistjórn og -sókn?**

#### *Markmið fiskveiðistjórnunar*

Lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða kveða á um almenn markmið fiskveiðistjórnunar. Í 1. gr. laganna kemur fram að nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar og að markmið laganna er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Þannig er sjálfbær nýting grundvallareglan sem ber að framfylgja.

Stefna þessi er útskýrð í ritinu *Hafið – Samræmd stefnumörkun um málefni hafsins*, sem íslensk stjórnvöld gáfu út árið 2004. „... aðalmarkmið stjórnvalda hefur verið að tryggja sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins. Í öðru lagi hefur nýting auðlinda verið miðuð við það að hámarka virði þeirra, og í þriðja lagi að efla eftir föngum atvinnu og byggðapróun. Reynsla Íslands sýnir að sjálfbær nýting útilokar ekki hagkvæmni, þvert á móti. Ábyrg og upplýst ákvarðanatataka er lykilþáttur í stefnu Íslands.“

*Stefna landsins í sjálfbærri þróun* („Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnunámörkun til 2020“) kveður á um eftirfarandi markmið og leiðir fyrir sjálfbæra þróun:

- Nýting fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hafsins verði ávallt sjálfbær og byggja á bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum.
- Veiði úr stofnum, þar sem sýnt hefur verið fram á með vísindalegum rökum að takmarka þarf sókn, skal lúta veiðistjórnun þar sem beitt verði varúðarsjónarmiðum til að ná fram hámarksafrakstri stofna til langs tíma.

- Þróuð verði langtímastefna fyrir nýtingu einstakra stofna, m.a. með þróun aflareglna og beitingu fjölstofnanálgunar þar sem því verður við komið.
- Aðferðir og stjórnun við nýtingu á lifandi auðlindum sjávar taki mið af fjölpættu samspili í lífríki hafsins og miði að því að lágmarka neikvæð áhrif nýtingar á fjölbreytni lífríkis í hafinu.
- Grípa þarf til aðgerða til að viðhalda fjölbreytileika vistkerfa og búsvæða á Íslandi með því að vernda dýra- og plöntutegundir og aðrar lífverur, erfðaeftni sem þær hafa að geyma og búsvæði þeirra.
- Öll nýting lifandi náttúruauðlinda verði sjálfbær.
- Beitt verði varúðarsjónarmiðum og vistkerfisnálgun í allri starfsemi sem gæti breytt eða raskað vistkerfum, svo að neikvæðum áhrifum sé haldið í lágmarki.

#### *Brottkast, líffræðileg viðmið og aflareglur*

Skv. 2. gr. laga nr. 57/1996, er að jöfnu skylt að landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa, að undanskildum skemmdum fiski og verðlausum tegundum sem eru ekki háðar reglum um leyfilegan heildarafla. Skv. reglug. nr. 601/2003 er heimilt að varpa fyrir borð verðlausum fiski, svo og slógi, hausum og öðru því sem fellur til við verkun og vinnslu afla um borð í veiðiskipum, enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti.

Þó verður að hirða og koma með að landi öll þorsk- og ufsahrogn. Þá er og skylt að hirða og koma með að landi allan afskurð sem fellur til við snyrtingu á þorsk-, ýsu- og ufsaflökum um borð.

Komi afli í veiðarfæri fiskiskips sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt og ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar er ráðherra heimilt að ákveða að hann reiknist ekki til aflamarks skipsins. Þeim afla skal haldið aðgreindum frá öðrum afla skipsins, hann veginn og skráður sérstaklega.

Fiskistofa, í samvinnu við Hafrannsóknastofnun, hefur kerfisbundið gert mælingar á brottkasti í íslenskum sjávarútvegi frá 2001, á grundvelli umfangsmikillar gagnasöfnunar og lengdargreiningar gagna. Gagnasöfnun nær aðallega til veiða á þorski, ýsu, ufsa, gullkarfa og skarkola. Niðurstöður eru birtar árlega. Áætlað brottkast er ekki álitnið skipta miklu máli fyrir stofnstærðarmælingar þessara tegunda (sjá 16). Úrtak annarra tegunda er of takmarkað til að hægt sé að áætla brottkast á fullnægjandi hátt, en það er ekki álitnið svo hátt að það skipti máli.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á fiskveiðistjórnunarkerfinu sem miða að því að draga úr hvötum til brottkasts og rangrar upplýsingagjafar. Sérhver útgerð hefur umtalsvert svigrúm til að færa til og versla með aflamark, bæði milli skipa sama útgerðarfyrirtækis og milli fyrirtækja. Hvert skip hefur visst svigrúm að því er varðar færslu aflamarks úr einni tegund í aðra, og skipum er heimilt að fara fram úr aflamarki sínu um allt að 5%, enda renni 80% af virði slíks afla til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins.

Talið er að með þessum aðgerðum, sem hægt er að beita með litlum eða engum fyrirvara, hafi dregið úr brottkasti og vantöldum afla umfram það sem vænta mætti ef skip væru einungis háð reglum um aflamark (sjá nánar spurningu 13.62).

*Líffræðileg viðmið* hafa yfirleitt ekki verið notuð við stjórnun íslenskra nytjastofna. Að því er varðar þorsstofninn er beitt *aflareglu* (skv. henni er leyft að veiða 25% af veiðistofninum, eða þorski 4 ára og eldri), sem hefur verið í gildi frá því á síðari hluta tíunda áratugarins. Umtalsverður árangur hefur orðið af beitingu aflareglunnar í að lækka fiskveiðidánarstuðul og ná langtíma markmiðum fiskveiðistjórnunar. Þó mælti Hafrannsóknastofnun með því að þörf væri á hertum reglum til að auka líkurnar á bættri nýlíðun. Árið 2007 breytti ríkistjórnin aflareglunni þannig að leyft væri að veiða 20% af veiðistofninum. Þessi endurskoðaða nýtingarstefna fyrir íslenska þorsstofninn á að gilda næstu fimm fiskveiðiárin. Líkanareikningar til meðallangs tíma gefa til kynna mjög góðar líkur (>95%) á að hrygningarstofninn 2013 verði stærrí en varúðarmark sem til bráðabirgða er áætlað 220.000 tonn.

Þessi nýtingarstefna fyrir þorskin var staðfest af nýrri ríkisstjórn árið 2009, sem fór þess formlega á leit við Alþjóðahafrannsóknaráðið að það gerði úttekt á endurskoðuðu áætluninni með tilliti til sjálfbærra viðmiða. Verkefnið stendur nú yfir og á að ljúka í desember 2009.

Þrátt fyrir það að líffræðileg viðmið skv. kerfi Alþjóðahafrannsóknaráðsins hafi ekki verið skilgreind fyrir aðra fiskistofna umverfis Ísland, byggir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar og Alþjóðahafrannsóknaráðsins á markmiðum um fiskveiðidánarstuðul og/eða stærð hrygningarstofnsins fyrir ýsu, ufsa, síld, humar, loðnu og fleiri stofna. Þegar er ákveðið að hefja formlegt ferli snemma árs 2010 til að ákvarða líffræðileg viðmið og aflareglu fyrir komandi ár fyrir ufsa, og gera má ráð fyrir að ýsa og aðrar tegundir koma í kjölfarið.

*Hvernig vísindaráðgjöf er veitt*

Hafrannsóknastofnun er aðalráðgjafi stjórnvalda um fiskveiðar skv. 3. gr. laga nr. 116/2006 og birtir auðlindaskýrslu árlega í lok maí eða byrjun júní.<sup>8</sup> Í skýrslunni er nýjasta matið á 33 nytjastofnum á Íslandsmiðum og nærliggjandi hafsvæðum. Hún lýsir einnig umhverfis- aðstæðum á fiskimiðum, m.a. hitastigi sjávar, seltu, frumframleiðni og framleiðni á efri fæðuþrepum.

*Veiðiráðgjafarsvið* Hafrannsóknastofnunar birtir ráðgjöf sína um hámarksafla í árlegri auðlindaskýrslu. Meðal starfsmanna sviðsins eru sérfræðingar í stærðfræði, tölfræði, líffræði og líkanagerð. Framkvæmdastjóri *Veiðiráðgjafarsviðs* er einnig formaður innanhússstarfshóps um leyfilegan heildarafla.

Ráðgjafarferillinn er hringrás, sem byggir á kerfisbundinni söfnun gagna um landanir og þróun veiða, reglubundnum sýnatökum og mælingum í löndunarhöfnum, rannsóknarleiðöngrum með jöfnu millibili sem kanna mismunandi tegundir, kvarnagreiningum og mati á viðeigandi upplýsingum, þ. á m. alhliða stofnstærðarmati eftir tegundum og veiðum, til að geta boðið bestu vísindalega þekkingu og ráðgjöf.

Umfjöllun einstakra sérfræðinga eða teyma þeirra um tiltekinn nytjastofn byrjar með greiningu á viðeigandi upplýsingum, mati og samantekt á fyrstu niðurstöðum innanhússstarfshóps um leyfilegan heildarafla. Á grundvelli þeirrar niðurstöðu er tekin ákvörðun um framhald á vinnunni þangað til full greining og mat á tilteknum stofni liggur fyrir. Með þessari vinnuaðferð er reynt að sjá til þess að bestu aðferðum og vinnuháttum sé beitt og einnig að einstakir vísindamenn fái tækifæri til að ræða á skipulegan hátt spurningar sem kunna að vakna. Vinnuferillinn á einnig að tryggja að mat á einstökum stofnum eða tegundum sé ekki einungis á ábyrgð eins vísindamanns heldur niðurstaða breiðs hóps ólíkra vísindamanna, þótt verkefnið hvíli að mestu leyti á einum eða tveimur af þeim sérfræðingum sem í hlut eiga. Starfsemi innanhússhópsins um leyfilegan heildarafla miðar þannig fyrst og fremst að því að tryggja gæði starfsins og að farið sé eftir stöðluðum ferlum.

Áður en matsvinnan byrjar er haft samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Samráð fer fram aðallega í gegnum vinnuhópa um helstu tegundirnar (t.d. þorsk, flatfisk, uppsjávartegundir). Á þessum fundum kynna vísindamennirnir horfur fyrir tiltekinn stofn og hagsmunaaðilar segja frá reynslu sinni og sjónarmiðum. Einnig er rætt um gagnstæð sjónarmið og túlkanir og reynt að ná sameiginlegum niðurstöðum og lausnum.

---


<sup>8</sup> [www.hafro.is/index\\_eng.php](http://www.hafro.is/index_eng.php)

Starfshópar Alþjóðahafrannsóknaráðsins og ráðgjafarhópur þess ACOM fjalla einnig um flesta nytjastofna sem Hafrannsóknastofnun skilar skýrslu um árlega. Þrír starfshópar Alþjóðahafrannsóknaráðsins sjá um þetta verkefni: norðvestur-starfhópur (NWWG), starfshópur um stofna sem dreifast víða (WGWIDE) og starfshópur um líffræði og mat á djúpsjávar veiðiauðlindum (WGDEEP). Fyrstnefndi starfshópurinn (NWWG) fjallar um þorsk, ýsu, ufsa, gullkarfa, djúpkarfa, úthafskarfa, grálúðu, loðnu og íslenska sumargotssild. WGWIDE fjallar um norsk-íslenska síldarstofninn/norsku vorgotssíldina, kolmunna og makríl, en WGDEEP fjallar um keilu, löngu, blálöngu og gulllax.

Yfirleitt er það Hafrannsóknastofnun sem gerir frumgreiningu á gögnum og drög að mati, síðan er hvort tveggja lagt fram á ársfundum viðkomandi starfshópa Alþjóðahafrannsóknaráðs. Þar eru grunngögn endurskoðuð eða endurunnin til að ná sameiginlegri niðurstöðu um endanlegt mat. Sameiginlega matið er síðan gefið út í skýrslu frá hverjum starfshóp, ásamt tilmælum um ráðgjöf og skýringar með þeim. Skýrslan er einnig sent til sjálfstæðra sérfræðinga (sem mynda svokallaðan Endurskoðunarhóp) til að fara yfir tæknilega gæði hennar og staðla. Tilmæli um lokaráðgjöf og skýringar á þeim eru síðan samin af þriðja hópi sérfræðinga (svokölluðum ritunarhópi um ráðgjöf), en menn eru tilnefndir í þennan hóp af ACOM-ráðgjafarhópnum. Texti lokaráðgjafar er síðan ræddur í ACOM-hópnum og niðurstaða umræðnanna verður opinber ráðgjöf til íslenskra yfirvalda.



### The Annual Advisory process (cod).



Myndin hér að ofan sýnir árlega hringrás sem fylgt er til að fá vísindaráðgjöf um íslenska nytjastofna, einkum miðað við þorskind. Þrjú árlegir rannsóknaleiðangrar skipta hér máli, botnfiskmælingar að hausti (í október), botnfiskmælingar að vori (í mars) og lagnetamælingar á hrygningarþorski seint á vetri/snemma vors. Frumgreining á gögnum og fundir í tengsla-  
hópnum eiga sér stað í nóvember eða desember.

Greining heldur áfram í febrúar–mars, að viðbættum gögnum úr rannsóknarleiðöngrum, og þá eru mat og spár samin í apríl. Á eftir kemur norðvestur-starfshópur Alþjóðahafrannsóknaráðsins (NWWG) og síðan endurskoðunarhópur ráðsins (nefnd sjálfstæðra sérfræðinga) sem fer yfir aðferðafræði og vísindaleg gæði, og svo tekur við ritunarhópurinn um ráðgjöf sem gerir tillögu að tilmælum um ráðgjöf. ACOM-hópurinn veitir endanlega ráðgjöf um nýtingu stofnsins sem birt er snemma í júní. Sem formlegur ráðgjafi íslenskra stjórnvalda leggur Hafrannsóknastofnun ráðgjöfina fram strax eftir birtingu hennar hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu, og útskýrir vísindalega undirstöðu ráðgjafarinnar fyrir yfirvöldum og hagsmunaaðilum með fundum og samráði.

#### *Notkun vísindaráðgjafar við stjórnun*

Hafrannsóknastofnun skilar skýrslu sinni um mat á nytjastofnum til stjórnvalda í maí/júní ár hvert, með ráðgjöf sinni um leyfilegan heildarafla fyrir hvern nytjastofn (í örfáum undantekningartilvikum eru aðrar stjórnunaraðferðir notaðar í stað heildarafla), og einnig ráðgjöfinni frá ráðgjafarhópum Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Eftir að hafa fengið ráðgjöfina og haft samráð við hagsmunaaðila ákveður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið leyfilegan heildarafla fyrir hverja tegund og hvern stofn með góðum fyrirvara áður en fiskveiðiárið byrjar 1. september. Skv. 3. gr. laga nr. 116/2006 ákveður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr öllum þeim nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

**15. Lýsið skipulagi og framkvæmd gagnasöfnunar sem notuð er til að undirbúa vísindaráðgjöf fyrir ákvarðanir við stjórnun fiskveiða. Tiltekið hvaða félög og stofnanir taka þátt í því og lýsið þeim, gerið einnig grein fyrir mannafla sem notaður er í starfseminni. Tiltekið hverjir eru helstu notendur slíkra upplýsinga (t.d. svæðisbundin fiskveiðistjórnunarsamtök, Alþjóðahafrannsóknaráðið o.s.frv.). Vinsamlegast lýsið einnig gagnasöfnum þeim sem Ísland afhendir**

**framkvæmdastjórn ESB og öðrum samtökum utan Íslands og alþjóðlegt skil á gögnum er skipulagt á Íslandi.**

**Umgjörð um gagnasöfnun**

*Skipulag og framkvæmd vísindalegrar gagnasöfnunar*

Eins og getið er hér að ofan er *Hafrannsóknastofnun* langstærsti aðili í hafrannsóknnum á Íslandi. Aðalhlutverk hennar er að stunda rannsóknir og veita ráðgjöf til stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu á auðlindum hafsins umhverfis Ísland. Þar af leiðir að Hafrannsóknastofnunin, ásamt *Fiskistofu*, eru helstu aðilar á Íslandi sem safna og vista á kerfisbundinn hátt líffræði-, vistfræði- og haffræðigögn til nota við vísindaráðgjöf handa íslenskum stjórnvöldum. Fiskistofa safnar ýmsum gögnum sem máli skipta fyrir veiðistjórnun, aðallega nákvæmum upplýsingum um landanir og um veiðar hvers fiskiskips, sem nú er orðið skylt skv. lögum að skrá í rafrænar afladagbækur. Hafrannsóknastofnun hefur eftirlit með skráningum og samskiptum við fiskiskip, fer yfir gögnin og gerir ráðstafanir til að tryggja gæði þeirra.

Verkaskiptingin milli stofnana er þannig að Fiskistofa safnar gögnum um allar landanir og um veiðar skipa, þ. á m. nákvæmum gögnum um hvert skipti sem veiðarfæri eru sett í sjó af hverju fiskiskipi, en þau eru send um gervihnött beint til skráningarstöðvar á landi (með rafrænni skráningu í afladagbækur). Gögn úr afladagbókum eru m.a. staðsetning, hve lengi veiðarfæri eru í sjó og samsetning aflans. Vísindamenn Hafrannsóknarstofnunar hafa beinan aðgang að þessum upplýsingum, sem mynda mikilvægan grundvöll fyrir greiningu á þróun veiða og afla og í vinnu við mat á stofnum.

Eins og lýst er í svari við spurningu 13:16 byggist úrtakskönnun á fiskveiði- og líffræðigögnum á rafrænu úrtakskerfi sem tengt er við löndunargagnagrunn Fiskistofu. Starfsmenn Hafrannsóknastofnunar og veiðieftirlitsmenn safna frekari úrtaksgögnum um landanir og líffræðilega þætti á sjó, í höfnum, á veiðiferðum skipa og í rannsóknarleiðöngnum.

Sjómælinga- og umhverfisgögnum er aðallega safnað í sérstökum leiðöngnum hafrannsóknaskipanna. Bent skal á það að Hafrannsóknastofnun hefur í yfir 50 ár gert reglubundnar mælingar á plöntu- og dýrasvífi og aðrar sjómælingar í sjónum umhverfis Ísland á u.þ.b. 100 fóstum stöðum umhverfis landið. Þessi gögn leika mikilvægt hlutverk í túlkun líffræðilegra gagna í tengslum við fiskveiðar en eru einnig notuð á sjálfstæðan hátt í haffræði- og líffræðilegum rannsóknnum, þ. á m. á áhrifum loftslagsbreytinga. Gögn sem Hafrannsóknastofnun geymir eru vistuð í ORACLE-gagnagrunnum. Það eru nokkrir „fiskigagnagrunnar“, en

stærstur þeirra er „fiskar“, sem heldur utan um öll fánleg gögn um fiskveiðar ásamt frekari mælingum og greiningum (t.d. aldursgreiningum, greiningum á kynþroska o.s.frv.). Gögn í öðrum gagnagrunnum varða ólík rannsóknarsvið Hafrannsóknastofnunar í fiskveiða- og umhverfisrannsóknum. Að því er lýtur að fiskirannsóknum eru gagnagrunnar um „fæðu“, „merkingar“ og „erfðafræði“, og í umhverfismálum eru m.a. gagnagrunnar um „sjómælingar“, „efnasamsetningu“, „plöntusvif“, „dýrasvif“ og „botndýr“.

*Gagnasöfn sem ESB og öðrum aðilum utan Íslands eru látin í té*

Gögnum um afla íslenskra skipa sem Fiskistofa hefur safnað er skilað til Alþjóðahaf-rannsóknaráðsins í gegnum Hagstofuna. ESB hefur aðgang að gögnum í gegnum Alþjóða-hafrannsóknaráðið en aflagögnum er ekki skilað beint til ESB. Hafrannsóknastofnun afhendir Alþjóðahaf-rannsóknaráðinu einnig haffræðigögn (um hitastig, seltu) og gögn um ástand sjávar (næringarefni) sem fara í sameiginlegan grunn til almennra nota hjá vísindamönnum.

Á síðustu árum hefur Hafrannsóknastofnun tekið virkan þátt í mörgum verkefnum innan rammaáætlana ESB. Hún hefur látið í té sérgreind gögn um fiskveiðar og ástand sjávar fyrir gagnagrunna sem settir voru á fót á vegum einstakra verkefna, s.s. ESB SEADATA-netið, sem áformað er að gegni hlutverki gagnaveitu. Þetta á einnig við um önnur alþjóðleg verkefni og áætlanir sem Hafrannsóknastofnun hefur átt aðild að.

Unnin aflagögn eru aðgengileg á vefsetri Fiskistofu<sup>9</sup> og á vefsetri Hagstofunnar.<sup>10</sup>

## **16. Vinsamlegast tilgreinið umfang gagnasöfnunar:**

- **Hvaða fiskveiðar (svæði, veiðarfæri og tegundir) eru rannsakaðar.**
- **Hvaða félagslegum, efnahagslegum, líffræðilegum og tæknilegum upplýsingar er safnað um sjávarútveginn, þ. á m. um frístundaveiðar, og einnig um fiskvinnslu.**
- **Vinsamlegast útskýrið hvort Ísland hefur komið á kerfum til að safna gögnum um fiskeldi, eins og stefnt er að í reglugerð nr. 762/2008, um tölfræði í fiskeldi.**

---

<sup>9</sup> [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is)

<sup>10</sup> [www.statice.is](http://www.statice.is)

- **Stefnan í sýnatöku, þ. á m. hversu löng tímabil og stór svæði eru notuð við gagnaöflun og hvernig brottkast er mælt.**
- **Um rannsóknarleiðangra á sjó þar sem íslenskir vísindamenn taka þátt.**

*Hvaða fiskveiðar (svæði, veiðarfæri og tegundir) eru rannsakaðar*

Taflan hér að neðan sýnir helstu tegundir sem íslensk fiskiskip veiða. Íslenskar fiskveiðar á heimamíðum beinast að tæplega yfir 30 fisktegundum og eru að langmestu leyti bundnar við 200 mílna efnahagslögsögu umhverfis landið. Botnfiskveiðar í net og með línu og handfærum fara fram að mestu leyti á landgrunninu, en veiðar á uppsjávartegundum geta verið bæði á landgrunninu og á öðrum veiðisvæðum. Veiðar íslenskra skipa á alþjóðlegum hafsvæðum eru m.a. veiðin úr norsk-íslenska síldarstofninum (norskri vorgotssíld), kolmunna- og makrílveiðar milli Íslands og Noregs, veiðar á íslenskri loðnu og karfaveiðar milli Íslands og Grænlands.

*Helstu tegundir sem veiddar eru á Íslandsmíðum, afli innan efnahagslögsögu Íslands 2008, aðalveiðisvæði og helstu veiðarfæri sem notuð eru*

<i>Tegundir</i>	<i>Afli í efnahagslögsögu Íslands (þús. tonna)</i>	<i>Aðalveiðisvæði</i>	<i>Helstu veiðarfæri</i>
<i>Þorskur</i>	<i>150</i>	<i>Á landgrunninu suðvestur og vestur af landinu</i>	<i>Botnvarpa, þorskanet, lína, handfæri</i>
<i>Ýsa</i>	<i>103</i>	<i>Á landgrunninu suðvestur og vestur af landinu</i>	<i>Botnvarpa, lína, handfæri</i>
<i>Ufsi</i>	<i>70</i>	<i>Yst á landgrunninu suður af landinu</i>	<i>Botnvarpa, flotvarpa<sub>lkarfi</sub></i>
<i>Gullkarfi</i>	<i>44</i>	<i>Utan landgrunns suðvestur af landinu</i>	<i>Flotvarpa</i>

<i>Úthafskarfi</i>	25	<i>Suðvestur af landinu</i>	<i>Flotvarpa</i>
<i>Djúpkarfi</i>	4.6	<i>Suðvestur af landinu</i>	<i>Flotvarpa</i>
<i>Grálúða</i>	12	<i>Djúpmið vestur af Íslandi</i>	<i>Botnvarpa</i>
<i>Skarkoli</i>	6.7	<i>Grunnslóð suður, suðvestur og vestur af landinu</i>	<i>Dragnót, botnvarpa</i>
<i>Sandkoli</i>	0.8	<i>Á landgrunninu suður og suðvestur af landinu</i>	<i>Dragnót</i>
<i>Skráplúra</i>	0.3	<i>Á landgrunninu suður og suðvestur af landinu</i>	<i>Dragnót</i>
<i>Langlúra</i>	1.4	<i>Á landgrunninu suður og suðvestur af landinu</i>	<i>Dragnót, botnvarpa</i>
<i>Þykkvalúra</i>	2.6	<i>Á landgrunninu suður og suðvestur af landinu</i>	<i>Dragnót, botnvarpa</i>
<i>Steinbítur</i>	15	<i>Á landgrunninu norðvestur og suðaustur af landinu</i>	<i>Lína, botnvarpa</i>
<i>Íslensk sumargots síld</i>	152	<i>Á landgrunninu suðaustur og suðvestur af landinu</i>	<i>Hringnót, flotvarpa</i>
<i>Norsk vorgots síld</i>	130	<i>Austur, norðaustur</i>	<i>Hringnót, flotvarpa</i>

<i>Loðna</i>	<i>0*</i>	<i>Á landgrunninu og utan þess, norður, austur, suður og suðvestur af landinu</i>	<i>Hringnót, flotvarpa</i>
<i>Kolmunni</i>	<i>0.7</i>	<i>Utan landgrunns, austur, norðaustur og suðvestur af landinu</i>	<i>Flotvarpa</i>
<i>Makríll</i>	<i>110</i>	<i>Utan landgrunns austur af landinu</i>	<i>Flotvarpa</i>
<i>Langa</i>	<i>7.7</i>	<i>Suður, suðvestur</i>	<i>Lína</i>
<i>Keila</i>	<i>6.9</i>	<i>Suður, suðvestur</i>	<i>Lína</i>
<i>Gulllax</i>	<i>9.0</i>	<i>Djúpmið suður af Íslandi</i>	<i>Botnvarpa</i>
<i>Skötuselur</i>	<i>2.9</i>	<i>Djúpmið suður, suðvestur og vestur af Íslandi</i>	<i>Botnvarpa</i>
<i>Humar</i>	<i>2.0</i>	<i>Landgrunn suður af landinu</i>	<i>Botnvarpa</i>
<i>Innsjávarrækja</i>	<i>0.7</i>		<i>Botnvarpa</i>
<i>Úthafs rækja</i>	<i>1.4</i>	<i>Úthafssvæði norður af landinu</i>	<i>Botnvarpa</i>
<i>Hörpudiskur</i>	<i>0*</i>	<i>Innfjarðar vestanlands</i>	<i>Plógur</i>
<i>Kúfiskel</i>	<i>3.4</i>	<i>Innfjarðar við Norðausturland.</i>	<i>Plógur</i>

\*) Á síðastliðnum árum hefur loðnan verið sá uppsjávarfiskur sem mest er veiddur á Íslandsmiðum. Á fiskveiðiárum 2006–07 og 2007–08 hafa veiðar þó verið takmarkaðar vegna afar slakrar nýliðunar og hnignandi stofns. Einnig voru mikilvægar hörpudiskveiðar í mörg ár í einum firði á vesturströnd Íslands, en á síðustu árum hafa engar veiðar verið þar vegna hruns stofnsins, m.a. vegna hækkandi sjávarhita og útbreiddrar sýkingar.

*Hvaða félagslegum, efnahagslegum, líffræðilegum og tæknilegum upplýsingum er safnað um sjávarútveg, þ. á m. um frístundaveiðar, og einnig um fiskvinnslu*

Eins og kemur fram í mörgum svörum í þessum kafla er mjög fjölbreyttum gögnum um íslenskar fiskveiðar safnað og viðhaldið, bæði hjá opinberum stofnunum og öðrum aðilum.

Hagstofan sér um að safna gögnum um félagsleg og hagræn málefni. Siglingastofnun Íslands safnar m.a. tæknilegum upplýsingum um veiðiflotann.

*Kerfi til að safna gögnum um fiskeldi, eins og stefnt er að með reglugerð nr. 762/2008, um tölfraði í fiskeldi*

Reglugerð nr. 762/2008 um tölfraði í fiskeldi hefur ekki verið framkvæmd á Íslandi.

Stefnan í sýnatöku, þ. á m. hversu löng tímabil og stór svæði eru notuð við gagnaöflun og hvernig brottkast er mælt.

Líffræðileg gagnasöfnun um botnfiskveiðar á Íslandsmiðum byggist á rafrænu rauntímakerfi á Netinu, tengdu gagnagrunni Fiskistofu um landaðan afla, en hann er uppfærður daglega. Reiknireglur úrtaksathugana sýna hvenær þörf er á sýnatöku, byggt á lönduðu aflamagni eftir mánuðum, tegundum, veiðarfærum og svæðum. Eftir upplýsingum úr þessu kerfi fara starfsmenn Hafrannsóknastofnunar, bæði aðalstöðva og útibúa, við alla kerfisbundna sýnatöku. Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu taka þar að auki sýni, bæði um borð í einstökum skipum á hafi úti og í löndunarhöfnum. Starfsmenn Hafrannsóknastofnunar taka einnig viðbótarsýni þegar þeir sigla með fiskiskipum og í rannsóknarleiðöngrum.

Í veiðum á uppsjávartegundum (síld, kolmunna, loðnu og makríl) þarf veiðileyfishafi að taka eitt sýni í hverri veiðiferð, sem er síðan fryst og sent Hafrannsóknastofnun til greiningar. Einnig taka eftirlitsmenn Fiskistofu sýni á veiðiferðum með uppsjávarveiðiskipum sem eru síðan notuð til að sannreyna sýni sem sjómenn senda inn.

Árið 2008 voru samtals 1,6 milljónir fiska (botnfisk- og uppsjávartegundir) úr lönduðum afla lengdarmældir og skoðaðir til að greina kyn og þroskastig. Kvarnir voru teknar úr 137.000

fiskum og þar af voru u.þ.b. 96.000 fiskar aldursgreindir. Flest sýni voru tekin úr þorski, þar sem 385.000 fiskar voru lengdarmældir og kvarnir skoðaðar úr 24.000.

Á íslenskum sjómönnum hvílir sú lagaskylda að hirða allan afla og færa á land. Brottkast er bannað og refsivert að lögum.

Veiði skip umfram aflamark í einhverri fisktegund á útgerðin þess kost að útvega sér viðbótaraflamark innan tiltekins tíma frá löndun. Skipum er heimilt að landa litlum hluta hvers farms, yfirleitt meðafla, án þess að hann dragist frá aflamarki þeirra. Slíkur afli er seldur á uppboði og rennur andvirðið til rannsóknarsjóðs fyrir hafrannsóknir.

Síðan 2001 hafa Fiskistofa og Hafrannsóknastofnun reynt á skipulagðan hátt að áætla brottkast á þorsk- og ýsuveiðum á Íslandsmiðum. Niðurstöðurnar benda almennt til óverulegs brottkasts hjá veiðiflotanum. Skv. nýjustu niðurstöðum, fyrir árið 2008, er áætlað að brottkast í þorskveiðum nemi um 1090 tonnum, eða 0,79% af lönduðum afla, og er það þriðja lægsta hlutfallið á árunum 2001–2008. Brottkast af ýsu er áætlað að nemi 1935 tonnum, eða 1,93%, sem er næstlægsta hlutfallið á árunum 2001–2008. Meðaltal af brottkasti þorsks á árunum 2001–2008 var áætlað 2082 tonn, eða 1,12% af lönduðum afla og 2582 tonn af ýsu eða 3,58% af lönduðum afla.

#### *Rannsóknarleiðangrar á sjó þar sem íslenskir vísindamenn taka þátt*

Sýnataka og aðrar rannsóknir íslenskra vísindamanna á skipsfjöllum eru bæði gerðar á hafrannsóknaskipum Hafrannsóknastofnunar og fiskiskipum sem Hafrannsóknastofnun leigir til sérstakra verkefna (t.d. botnfiskmælinga, s.k. „togararall“) auk sýnatöku um borð í þeim fiskiskipum sem tiltæk eru hverju sinni. Auk þess ber við að íslenskir vísindamenn séu með í för þegar erlend hafrannsóknaskip eru að störfum á Íslandsmiðum. Starfsáætlun Hafrannsóknastofnunar fyrir 2009 gerir ráð fyrir um 1500 vinnudögum vísindamanna á sjó en um 2200 útivistardögum tæknimanna og aðstoðarfólks.

Stóru hafrannsóknaskip stofnunarinnar hafa á síðari árum verið við rannsóknir á hafi úti um 200 daga á ári. Leigð fiskiskip eru einkum notuð í „togararallinu“ þegar það tekur þrjá togara ásamt hafrannsóknaskipunum tveimur um 20 daga að toga á u.þ.b. 600 fyrirfram ákveðnum togstöðvum umhverfis landið. Aðaltilgangur þessarar rannsóknar er að fá samtímamynd af magni og dreifingu allra helstu botnlægu nytjastofnanna, en um leið fást upplýsingar um yfir 100 tegundir sem ekki eru veiddar.

Þar sem miklu varðar að gögn séu samfelld og sambærileg yfir löng tímabil eru verkefni vísindamanna og annarra starfsmanna Hafrannsóknastofnunar á hafi úti að mestu hin sömu ár frá ári. Í töflunni hér á eftir má sjá yfirlit um verkefni Hafrannsóknastofnunar á hafi úti 2009, talið í dögum og flokkað eftir aðalviðfangsefnum. Sleppt er veiðiferðum fiskiskipa þar sem Hafrannsóknastofnun hafði aðeins einn til þrjá starfsmenn um borð.

Mat á fiskistofnum fer einnig fram í nánú samstarfi við sjómenn og útgerðina. Þannig hefur verið árvissst hin síðari ár að uppsjávarflotinn komi til liðs við hafrannsóknaskipin við stofnmælingar. Þannig sparast tími hafrannsóknaskipanna og aðgerðin verður markvissari. Slík samvinna stuðlar einnig að gagnkvæmum skilningi vísindamanna og sjómanna.

*Starfsemi hafrannsóknaskipa og fiskiskipa sem Hafrannsóknastofnun leigir árið 2009*

<b>Starfsemi</b>	<b>RS Árni Friðriksson, dagafj.</b>	<b>RS Bjarni Sæmundsson, dagafj.</b>	<b>Önnur skip, dagafj.</b>
Sjómælingar	6	37	
Rannsóknir á svífi		5	12
Bergmálmælingar á loðnu	67	4	
Bergmálmælingar á síld	26	21	34
Makrill á Íslandsmiðum	15		
Þorskur við Grænland		14	
Botnfiskmælingar að vori	17	16	54
Botnfiskmælingar að hausti	30	27	

Mælingar á hrygningarstofni þorsks, netarall			70
Djúpsjávarfiskar	11		
Mælingar á djúpkarfa	26		
Mælingar á úthafsækju		15	
Innfjarðarækja			24
Mælingar á humri			12
Mælingar á skelfiski og líffræði			25
Mæling á sandsili og dreifingu þess			
Veiðarfærarannsóknir	7		27
Kortlagning sjávarbúsvæða, djúpsjávarkóralar		16	8
Fjölgeisla hljóðendurvarpsmælingar á hafsbótningum	14		
Hvalarannsóknir			20
Ýmiss konar starfsemi önnur	6	22	24

› **Fiskveiðar á heimamiðum**


**Vinsamlegast útbúið eftirfarandi yfirlitstöflur til að svara spurningum nr. 17, 19 og 21:**

**Síðastliðin 10 ár**

**17. Tilgreinið fiskistofna sem veiði í íslenskri lögsögu beinast að og veitið yfirlit yfir núverandi ástand þeirra, þar sem notað er flokkunarkerfi Alþjóðahafrannsóknaráðsins, og þróun sl. 10 ár. Veitið upplýsingar um landanir í magni og virði, og um brottkast af þessum stofnun á sl. 10 árum. Lýsið skipaflokkum sem nýta þessa stofna og hversu mikilvægur hver stofn er fyrir hvern flokk fiskiskipa.<sup>11</sup>**

*Skrá yfir stofna sem veiði í íslenskri lögsögu beinist að*

Almennt eru veiðar í íslenskri lögsögu blandaðar veiðar og sjaldgæfara að sókn sé eingöngu í eina tegund þar sem meðafli er lítill. Slíkar veiðar eru þó stundaðar á uppsjávartegundum eins og síld, loðnu, makríl og kolmunna Einnig á það um grálúðuveiðar vestur og suðaustur af Íslandi og djúpkarfa- og úthafskarfaveiðar. Aðrar veiðar, einkum botnfiskveiðar, verða fremur að teljast blandaðar, þar sem marktegundin, s.s. þorskur, ýsa, ufsi eða gullkarfi, veiðist ásamt öðrum tegundum í sama togi eða lögn (Mynd 17.1).



*Heimild: Fiskistofa*

<sup>11</sup> Sjá Viðauka 13:17 Magn og virði afla 1998-2008.

Línuritið 17.1 sýnir uppsöfnuð hlutföll fyrir botnvörpuveiðar árið 2008. Af tegundunum, sem línuritið sýnir, er það skarkoli sem einkum fæst sem meðafli, þar sem grálúðan er hins vegar sú tegund sem að stærstum hluta fæst þegar sótt er í hana sérstaklega.

Í töflunni hér á eftir má sjá þær tegundir sem landað var (meira en 100 tonnum) af Íslandsmiðum 2008, flokkað eftir veiðarfærum. Skáletur táknar að tegundin fái einungis sem meðafli.

Species/gear	Bottom Trawl	Danish seine	Pelagic trawl	Jiggers	Neprops trawl	Dredge	Long line	Purse seine	Gillnets	Shrimp trawl	Other	Total
Herring	0	0	222,308	0	0	0	0	148,506	0	0	0	370,814
Blue whitting	0	0	163,794	0	0	0	0	0	0	0	0	163,794
Cod	64,451	8,428	99	3,569	792	0	53,880	15	19,511	422	336	151,504
Capelin	0	0	24,948	0	0	0	0	124,083	0	0	0	149,031
Atlantic mackerel	0	0	112,336	8	0	0	0	8	0	0	0	112,352
Haddock	51,650	16,409	53	16	219	0	33,060	2	944	33	15	102,402
Saithe	59,143	1,172	252	2,468	104	0	617	2	6,359	0	25	70,142
golden redfish	48,214	527	13	43	300	0	1,017	0	154	1	1	50,269
deepwater redfish	19,374	0	6	0	0	0	3	0	0	0	0	19,384
common wolffish	7,046	1,642	1	10	79	0	5,808	0	54	0	7	14,648
Greenland halibut	10,621	0	147	0	0	0	22	0	715	193	0	11,698
greater argentine	8,774	0	264	0	0	0	0	0	0	0	0	9,038
Ling	1,509	291	1	8	416	0	5,002	0	510	0	1	7,738
Iceland cyprine	0	0	0	0	0	7,629	0	0	0	0	0	7,629
Tusk	114	0	0	5	12	0	6,756	0	45	0	1	6,934
Offshore redfish	2,958	0	3,828	0	0	0	0	0	0	0	0	6,786
European plaice	2,603	3,832	0	0	3	0	87	0	198	1	1	6,726
Blue ling	2,082	54	1	0	29	0	1,454	0	33	0	0	3,654
Monk fish	381	475	0	0	341	0	62	0	1,687	0	0	2,947
lemon sole	1,318	1,282	0	0	31	0	0	0	2	0	0	2,635
Shrimp	0	0	0	0	1	0	0	0	0	2,197	0	2,198
spotted wolffish	1,004	7	1	0	2	0	1,073	0	7	8	0	2,101
Nephrops	3	0	0	0	2,068	0	0	0	0	0	0	2,070
Whiting	928	151	0	1	21	0	557	0	29	1	1	1,688
witch flounder	102	1,166	0	0	158	0	0	0	1	0	1	1,428
Lumpfish roe	0	0	0	0	0	0	0	0	1,345	0	0	1,345
sea cucumber	0	0	0	0	0	1,051	0	0	0	0	0	1,051
common dab	24	759	0	0	0	0	7	3	4	0	0	798
starry ray	59	93	0	0	0	0	470	0	13	1	0	636
Atlantic halibut	180	46	0	1	14	0	242	0	18	0	0	502
Whelk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	398	398
long rough dab	50	211	0	0	1	0	15	0	1	0	0	278
sailfluke	34	126	0	0	36	0	0	0	0	0	0	197
Skate	24	37	0	0	4	0	26	0	33	1	0	127
Sea urchin	0	0	0	0	0	123	0	0	0	0	3	126
Total	282,762	36,725	528,119	6,131	4,636	8,807	110,222	269,318	31,730	2,859	789	1,285,067

### Heimild: Fiskistofa

Ath: Í eftirfarandi köflum eru upplýsingar einungis veittar þar sem landanir árið 2008 voru yfir 5000 tonn.

*Landaður afli (þús. tonn) af Íslandsmiðum 1999–2008 eftir helstu tegundum (einungis þeim sem landað var af yfir 5 þús. tonnum árið 2008)*

Heimild: Fiskistofa 1999–2002 og Hagstofa Íslands [www.statice.is](http://www.statice.is) 2003–2008.

Species/Year	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Icelandic herring	92.896	100.332	95.675	96.128	132.202	121.577	102.967	131.629	144.026	148.010
Cod	258.658	234.362	234.085	207.466	200.443	220.057	206.376	193.404	167.159	143.860
Capelin	691.000	888.000	917.000	1081.000	675.625	515.581	594.632	177.828	294.066	138.089
Mackerel	0.000	0.000	0.000	0.053	0.000	0.000	0.000	0.973	30.409	103.991
Norw. spring-sp. herring	2.244	0	0	0	11.821	5.404	40.669	51.439	104.404	130.447
Haddock	45.411	42.103	39.651	50.496	59.984	83.696	95.839	96.101	108.199	101.606
Saithe	30.583	32.914	31.854	41.687	51.855	62.631	67.274	75.204	64.008	69.992
Golden and Deep-sea redfish	68.414	72.580	52.279	67.615	62.728	47.647	61.513	57.702	55.362	69.554
Wolffish	13.786	14.968	17.945	14.341	16.440	13.165	15.176	16.402	16.134	14.531
Greenland Halibut	11.085	14.492	16.590	19.229	20.380	15.470	13.014	11.789	9.567	11.669
Silver smelt	5.495	4.593	2.478	4.357	2.686	3.637	4.481	4.775	4.246	8.778
Ling	3.973	3.221	2.863	2.830	3.583	3.718	4.307	6.277	6.592	7.724
Tusk	5.795	4.711	3.392	3.906	4.023	3.124	3.534	5.053	5.984	6.933
Pelagic S. mentella	36.524	44.677	28.148	37.279	48.402	36.826	16.005	22.233	18.168	6.785
Plaice	7.064	5.218	4.905	5.126	5.236	5.691	5.789	6.369	5.810	6.717
Blue whiting	96.290	155.024	224.680	195.483	398.682	337.380	146.580	40.200	39.348	5.560

### Heimild: Fiskistofa

#### Þróun stofna sl. 10 ár

Hafrannsóknastofnun mældi og undirbjó veiðiráðgjöf fyrir 30 tegundir/stofna árið 2009, þar af voru 11 einnig rannsakaðir hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu og ráðgjöf fengin frá ACOM-starfshópi þess. Fyrir stofna, þar sem fyrir liggja útreikningar á árgangagrunni eða niðurstöður bergmálmælinga, er áætlaður hrygningarstofn (lífmassi) notaður sem mælikvarði á þróun stofnsins. Fyrir aðra nytjastofna eru notaðar vísitölur stofnmælinga.

Species/Year	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
cod (ssb)	185	168	164	198	187	202	231	217	194	253
Haddock (ssb)	64	62	69	99	148	183	178	143	162	156
Saithe (ssb)	91	95	103	121	136	163	176	178	167	159
Herring (ssb)	300	322	293	337	462	594	638	729	650	618
Capelin (ssb)	500	650	450	475	410	535	602	400	410	406
Mackerel (ssb)	2.5	2.3	2.2	1.8	1.8	2.0	2.5	2.6	2.5	2.8
Blue whiting (ssb)	8.5	7.8	5.6	10.9	10.4	10.9	7.6	10.3	11.1	7.9
Nor. spring-spawn. herring (ssb)	6944	5926	4883	5131	6689	7500	7989	11506	11613	11869
Golden redfish	28.0	22.2	19.7	23.5	31.3	26.3	29.2	25.2	25.3	23.9
Deep-sea redfish	-	1.00	1.44	0.83	0.60	0.91	0.69	0.86	0.59	0.70
Wolffish	68.3	55.3	52.4	61.8	78.6	50.5	52.5	60.7	82.1	100.1
Plaice	5.6	3.7	3.6	5.0	6.0	9.7	7.5	8.7	7.7	7.2
Greenland halibut	0.57	0.44	0.66	0.55	0.28	0.17	0.23	0.19	0.21	0.30
Ling	0.72	0.49	0.48	0.74	0.70	0.99	1.32	1.50	2.74	1.98
Tusk	0.69	0.87	0.90	0.80	1.06	1.29	1.46	1.54	1.81	1.69
Silver smelt	No indices available									

### Heimild: Fiskistofa

#### Yfirlit yfir núverandi ástand stofna eftir flokkunarkerfi Alþjóðahafrannsóknaráðsins

Stofnar sem bæði eru metnir af Alþjóðahafrannsóknaráðinu og Hafrannsóknastofnun Mat Alþjóðahafrannsóknaráðsins á ástandi stofnanna

Species	Spawning biomass in relation to precautionary limits	Fishing mortality in relation to precautionary limits	Fishing mortality in relation to highest yield	Fishing mortality in relation to agreed target	Comments
Cod	Undefined	Undefined	Overfished	No targets agreed	
Haddock	Undefined	Increased risk	Undefined	NA	There is no $B_{pa}$ , but the stock is above any candidate values
Saithe	Undefined	Increased risk	Undefined	NA	Defined biomass reference points need to be revised
Icelandic herring	Full reproductive capacity	Increased risk	Undefined	NA	
Greenland halibut	Undefined	Undefined	Undefined	NA	
Golden redfish	Increased risk	Undefined	Undefined	NA	For this stock, a survey index series (U) is used as a reference instead of absolute values of SSB and fishing mortality.
Beaked redfish (slope)	Unknown/Undefined	Unknown/Undefined	Unknown/Undefined	NA/Unknown	
Capelin	Undefined	Undefined	Undefined	Appropriate	
Mackerel	Full reproductive capacity	Increased risk	Overfished	Above target	
Blue whiting	Full reproductive capacity	Increased risk	Overfished	Above target	
Norwegian spring spawning herring	Full reproductive capacity	Harvested sustainably	Unknown	Below target	MSY estimate not available

### Heimild: Fiskistofa

### Þorskur

Þar sem ekki liggja fyrir skilgreindir viðmiðunarpunktur er ekki unnt að leggja mat á ástand þorskstofnsins. Frá 1990 hefur hrygningarstofninn heldur farið vaxandi og er þó mun minni en hann var fram undir 1965. Árgangarnir frá 2001 til 2007 eru allir minni en langtímameðaltal. Fyrsta mat á 2008 árganginum bendir til að hann kunni að vera yfir meðaltali. Sá árgangur kemur ekki inn í veiðina fyrr en 2012. Slök nýliðun ásamt óvenjulega rýrum fiski eftir aldri

þýðir að afrakstursgeta þorsstofnsins er um þessar mundir afar lítil. Fiskveiðidánarstuðull hefur lækkað til muna og mælist nú hinn lægsti í 40 ár.

### Ýsa

Þar sem ekki liggja fyrir skilgreindir viðmiðunarpunktar er ekki unnt að leggja mat á ástand ýsustofnsins. Samkvæmt nýjasta mati á fiskveiðidánarstuðli (árið 2008) telur Alþjóðahafrannsóknaráðið hættu á að ýsveiðarnar séu ekki sjálfbærar. Hrygningarstofninn hafði vaxið frá 2001 til 2005 vegna nokkurra sterkra árganga en síðan hefur hann dregist saman.

Nýliðun var ágæt árin 1998–2003: fimm sterkir árgangar og hinn sjötti, 2003, geysisterkur. Frá og með árganginum 2004 hefur nýliðun verið nálægt langtímameðallagi. En á síðustu árum hefur dregið verulega úr vexti ýsunnar. Í ársbyrjun 2009 var meðalþyngd hvers árgangs nálægt því minnsta sem mælst hefur, og má segja hið saman um síðustu þrjú árin (Mynd 2.4.3.3). Sérstaklega er það risaárgangurinn frá 2003 sem reynist hægvaxta.

### Ufsi

Samkvæmt nýjasta mati á fiskveiðidánarstuðli (árið 2008) telur Alþjóðahafrannsóknaráðið hættu á að ufsaveiðarnar séu ekki sjálfbærar. Á seinni árum hefur það breyst hvernig veiðin velur úr stofninum þannig að meira veiðist af yngri og smærri fiski. Frá 2002 hefur hrygningarstofninn farið minnkandi en er þó enn nálægt langtímameðaltali. Nýliðun síðustu ára hefur verið kringum langtímameðaltal. Ufsinn er að svo stöddu léttur eftir aldri.

### Íslensk sumargotssíld

Samkvæmt nýjasta mati á stærð hrygningarstofns (árið 2009) metur Alþjóðahafrannsóknaráðið stofninn svo að hann hafi fulla tímgunargetu. Eftir nýjustu áætlun um fiskveiðidánarstuðul (árið 2008) telur Alþjóðahafrannsóknaráðið vaxandi hættu á að síldveiðarnar séu ekki sjálfbærar. Síðasta áratuginn hefur nýliðun verið um og yfir langtímameðaltali og sterkir árgangar komið fram 1999, 2000 og 2002. Veturinn 2008 til 2009 var mikið um sýkingu í síldarstofninum af völdum frumdýrsins *Ichthyophonus* sem jók náttúrulega dánartíðni síldarinnar.

### Grálúða

Þar sem ekki liggja fyrir skilgreindir viðmiðunarpunktar er ekki fyllilega unnt að leggja mat á ástand stofnsins. Matið er þó talið gefa vísbendingu um þróun stofnsins og er þannig óbeinn mælikvarði á ástand hans. Frá því um 1990 hefur stofnstærðin verið minni en þyrfti til að gefa varanlegan hámarksafkastur, nú aðeins 40% af þeirri stærð og hefur ekki verið minni svo vitað sé. Fiskveiðidánartíðni er núna talin tvöfalt meiri en samrýmast myndi mesta varanlegum afrakstri.

### Gullkarfi

Eftir síðustu áætlunum um stærð hrygningarstofns (árið 2008) telur Alþjóðahafrannsóknaráðið hætta á að stofninn hafi skerta tímgunargetu. Stofnmælingar á íslensku hafsvæði hafa undanfarin ár sýnt stofnvísitölu kringum varúðarmörk og, í svipinn heldur neðan við þau. Við Austur-Grænland hefur stofnvísitalan hækkað síðustu árin, bæði fyrir ungfisk og fyrir fisk af veiðanlegri stærð.

### Djúpkarfi og úthafskarfi

Þar sem ekki liggja fyrir skilgreindir viðmiðunarpunktar er ekki unnt að leggja mat á ástand djúpkarfastofnsins. Tiltækar áætlanir um lífmassa á grundvelli stofnmælinga benda til þess að á hafsvæði Va hafi stofninn síðustu árin verið lítill en stöðugur. Gögn um afla á sóknareiningu við venjulegar veiðar benda til þess að kringum 1990 hafi stofninn farið minnkandi en verið nokkuð stöðugur síðan.

### Loðna

Þar sem ekki liggja fyrir skilgreindir viðmiðunarpunktar er ekki unnt að leggja mat á ástand loðnustofnsins. Áætlað er að vorið 2009 hafi 328 þúsund tonna stofn verið eftir til að standa undir hrygningu, en það er minna en markmið nýtingarstefnunnar segir til um. Árgangurinn frá 2007 er metinn sá næstminnsti sem gögn ná yfir og of lítill til að hefja veiðar úr honum 2009.

### Langa

Vísitala stofnmælinga sýnir vaxandi stofn frá 2000 og er hann nú álíka stór og þegar mælingar hófust. Vísbendingar eru um að fiskveiðidánartala kunni að hafa lækkað síðustu árin. Afli á sóknareiningu hefur þó haldist lítill.

### Keila

Ekki er vitað um ástand stofnsins. Nýliðun var lítil 1995 en hefur farið vaxandi. Vísbendingar eru um að fiskveiðidánartala kunni að hafa lækkað síðustu árin. Stofnmælingar benda til að lífmassi stofnsins sé vaxandi en fiskurinn að mestu leyti smár.

### Gulllax

Ekki er vitað um ástand gulllaxastofnsins á hafsvæði Va.

### Makríll

Eftir nýjustu áætlun um fiskveiðidánarstuðul telur Alþjóðahafrannsóknaráðið stofninum stefnt í vaxandi hættu með veiðum. Fiskveiðidánarstuðull 2007 er áætlaður rétt yfir varúðarmörkum (Fpa). Lífmassi hrygningarstofns hefur vaxið um 40% frá 2002 og er nú yfir varúðarstigi (Bpa). Árgangurinn frá 2002 er vel yfir meðaltali. Næstu árgangar, allt til 2005, eru áætlaðir nálægt meðaltali allrar tímaraðarinnar. Ekki liggja fyrir nægileg gögn til að staðfesta stærð árganganna 2006 og 2007.

### Kolmunni

Eftir nýjustu áætlun um fiskveiðidánarstuðul og lífmassa hrygningarstofns telur Alþjóðahafrannsóknaráðið að stofninn hafi fulla tímgunargetu en sé stefnt í vaxandi hættu með veiðum. Hrygningarstofninn 2003 var hinn stærsti síðan mælingar hófust en hefur minnkað síðan og er búist við að 2009 sé hann rétt yfir varúðarmörkum (Bpa). Áætlaður fiskveiðidánarstuðull er talsvert yfir varúðarmörkum (Fpa) Nýliðun úr árgöngunum 2005 og 2006 er áætlað að verði með því allra lægsta sem gögn ná yfir. Stofnmælingar benda til þess að árgangurinn 2007 kunni einnig að vera veikur.

### Norsk vorgotssíld

Eftir nýjustu áætlun um stærð hrygningarstofns og fiskveiðidánarstuðul telur Alþjóðahaf-  
rannsóknaráðið að stofninn hafi fulla tímgunargetu og veiðar úr honum séu sjálfbærar. Áætlun  
um lífmassa hrygningarstofns 2008 er vel yfir varúðarmörkum (Bpa) og nálægt því hæsta sem  
nýleg gögn ná til. Fiskveiðidánarstuðull er vel undir varúðarmörkum (Fpa). Afrakstursgeta  
stofnsins er að svo stöddu mikil. Á tíu árum hefur hann gefið af sér fjóra stóra árganga (1998,  
1999, 2002 og 2004). Þar sem árgangurinn frá 2004 á eftir að koma fyllilega inn í veiðina má  
vænta þess að bæði afli og hrygningarstofn vaxi enn á allra næstu árum.

*Eftirtaldir stofnar eru metnir af Hafrannsóknastofnun fyrir íslenskt hafsvæði en ekki af  
Alþjóðahaffrannsóknaráðinu.*

### Skarkoli

Afli á sóknareiningu við venjulegar veiðar hefur heldur vaxið síðustu árin, sömuleiðis vísitala  
stofnmælinga, og má ætla að fiskveiðidánarstuðull hafi lækkað. Mat á nýliðun byggt á stofn-  
mælingum botnfisks sýnir hins vegar enga framför.

### Steinbítur

Vísitala veiðistofns er mun minni nú en á fyrra ári og orðin svipuð og 2003. Samkvæmt  
nýjasta mati hefur veiðanlegur hluti stofnsins farið minnkandi síðan 2006. Nýliðunarvísitölur  
eru nú með því lægsta sem sést hefur.

*Verðmæti landaðs afla síðustu tíu ár*

Sjá viðauka 13:17.

### *Brottkast*

Brottkast í fiskveiðum Íslendinga hefur verið metið síðan 2001, byggt á víðtækri gagnsöfnun  
og greiningu á lengdardreifingu í afla. Gögnum hefur einkum verið safnað um veiðar á þorski  
og ýsu í öll helstu veiðarfæri, sömuleiðis botnvörpuveiðar á ufsa og gullkarfa og

dragnótaveiðar á skarkola. Um aðrar tegundir liggur ekki fyrir svo gott úrtak að hægt sé að áætla brottkast með sæmilegri vissu. Brottkast á þorski hefur verið innan við 1–2% af lönduðum afla þann tíma sem athuganir ná yfir. Áætlað brottkast á ýsu er nokkru meira, milli 2 og 6% eftir árum. Á ufsa og karfa hefur brottkast verið óverulegt síðan athuganir hófust. Taflan hér á eftir sýnir brottkastsprósentu fyrir þorsk og ýsu árin 2001 til 2008.

Sp./year	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
<b>Cod</b>	1.8	1	0.5	0.6	1.3	1.45	1.51	0.79
<b>Haddock</b>	3	4.9	5.8	3.13	5.24	2.62	2.04	1.93

*Heimild: Fiskistofa*

#### *Lýsing á flokkum fiskiskipa sem veiðarnar stunda*

Fiskiskipafloti Íslendinga er búinn þeirri fullkomnustu tækni sem völ er á. Það á jafnt við um leiðsögubúnað og fiskleitartæki sem nýjustu og afkastamestu veiðarfæri. Mikilvægasta breytingin á síðustu árum er að nota kraftmeiri skip og stærri flotvörpur til að veiða uppsjávartegundir á meira dýpi en áður var unnt. Einnig hafa ýmsar tækniframfarir orðið í notkun annarra veiðarfæra, svo sem botnvörpu, línu og handfæra. Sömu fisktegundir eru veiddar í margvísleg veiðarfæri og algengt er að sama fiskiskipið skipti um veiðarfæri eftir árstímum. Algengustu veiðarfæri á botnfiskveiðum eru botnvarpa (hleravarpa), lína, dragnót, lagnet og handfærarúllur, en uppsjávartegundir eru veiddar í flotvörpu og hringnót.

Erfitt er að gefa einfalda mynd af flotanum sem sækir í hverja fisktegund því að margir skipta milli veiðarfæra eftir aðstæðum. Þar koma til árstíðabundnar fiskigöngur, kvótastaða hvernar útgerðar, fiskigegnd á miðunum og framboð á kvótamörkuðum, markaðsverð á fiski o.s.frv. Þannig sækja stærri togskipin ýmist í botnfisktegundir með botnvörpu eða uppsjávartegundir með hringnót og flotvörpu.

Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu fiskiskipaflotans eftir veiðarfærum og stærðarbil (í brúttólestum) skipanna í hverjum flokki. Hafa verður í huga að tilgreindur fjöldi skipa er ekki endilega hárnákvæmur. Sama skipið getur talist í fleiri en einum flokki hafi það notað ólík veiðarfæri eftir árstímum. Þannig er mikil skörun milli lítilla línubáta (undir 15 brúttólestum) og handfærabáta, og má gera ráð fyrir að flestir handfærabátar rói með línu einhvern hluta

ársins. Einnig er algengt að dragnótabátar séu á humarveiðum yfir sumarið en veiði með dragnót að vetrarlagi.

<i>Flokkun íslenskra fiskiskipa eftir stærð og veiðifærum</i>				
<i>Tegund skips</i>	<i>Stærð (brúttólesti r)</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Veiðarfæri</i>	<i>Helstu tegundir sem veiddar eru</i>
<i>Togarar</i>	<i>110 – 2.850</i>	<i>70</i>	<i>Botnvarpa og flotvarpa</i>	<i>Botnfiskur og karfi, þ.m.t. djúpkarfi</i>
<i>Línuskip</i>	<i>200 – 700</i>	<i>18</i>	<i>Lína</i>	<i>Botnfiskur</i>
<i>Smærri línubátar</i>	<i>&lt; 15</i>	<i>350</i>	<i>Lína</i>	<i>Botnfiskur</i>
<i>Dragnótaskip</i>	<i>15 – 500</i>	<i>50</i>	<i>Dragnót</i>	<i>Botnfiskur, einkum flatfiskar</i>
<i>Handfærabátar</i>	<i>&lt; 15</i>	<i>550</i>	<i>Handfæri</i>	<i>Þorskur og ufsi</i>
<i>Netabátar</i>	<i>3 – 280</i>	<i>75</i>	<i>Þorskanet</i>	<i>Þorskur og ufsi</i>
<i>Netabátar á skötusel</i>	<i>10 – 350</i>	<i>30</i>	<i>Skötuselnet</i>	<i>Skötuselur</i>
<i>Hrognkelsabáta r</i>	<i>&lt; 15</i>	<i>275</i>	<i>Hrognkelsanet</i>	<i>Hrognkelsi</i>
<i>Rækjubátar</i>	<i>40 – 600</i>	<i>15</i>	<i>Rækjutroll</i>	<i>Úthafsækja</i>
<i>Humarbátar</i>	<i>30 – 530</i>	<i>16</i>	<i>Humarvarpa</i>	<i>Humar</i>
<i>Uppsjávarbátar</i>	<i>570 – 3.200</i>	<i>27</i>	<i>Hringnót og flotvarpa</i>	<i>Síld, kolmunni, makrill og loðna</i>

*Heimild: Fiskistofa*

Botnfiskveiðar fara fram allt í kringum landið. Bátar og skip af mörgum stærðum og gerðum nota margs konar veiðarfæri. Þau helstu eru:

- Stórir og litlir togarar sem veiða með botnvörpu. Þetta er mikilvægasti hluti flotans að því er varðar veiðar á þorski, ýsu, ufsa og karfa og fleiri tegundum. Flotinn er gerður út árið í kring, og veiðar að mestu leyti utan 12 sjómílna línu frá ströndinni.
- Bátar (< 300 brúttólestir) sem veiða í net. Þessir bátar veiða aðallega þorsk en einnig ýsu og nokkrar fleiri tegundir. Flotinn veiðir yfirleitt nálægt landi.
- Línubátar. Í þessum flokki eru bæði smábátar (< 10 brúttólestir) sem veiða á grunnslóð og stærri skip sem veiða á meiri dýpi. Helstu sóknartegundir eru þorskur og ýsa en fleiri tegundir eru veiddar og eru stundum sóknartegundir.
- Handfærabátar. Þetta eru litlir bátar (< 10 brúttólestir). Þorskur er helsta sóknartegundin og ufsi honum næst.
- Dragnótabátar. (20–300 brúttólestir) Þorskur, ýsa og ýmsir flatfiskar, t.d. skarkoli, sandkoli og þykkvalúra, eru sóknartegundir flotans.

Þótt mismunandi skip geri út á sömu tegund getur sókn þeirra dreifst á ólík svæði. Botnvörpuskip veiða að jafnaði á meira dýpi en línubátar.

Næstum eingöngu stór skip veiða uppsjávartegundirnar loðnu, síld, kolmunna og makríl. Við loðnu- og síldveiðar á heimamiðum eru notuð bæði hringnót og flotvarpa, en kolmunni og makrill eru nær eingöngu veiddir í flotvörpu. Þá er umtalsverður hlutur uppsjávaraflans, t.d. norsk-íslenska síldin og kolmunni, veiddur utan íslenskrar efnahagslögsögu.

## **18. Vinsamlega lýsið blönduðum veiðum á þessum miðum og tilgreinið helstu sóknartegundir. Lýsið því hvernig fiskveiðistjórnin tekur á verndun fiskveiðiauðlindanna.**

### **› Verndunarráðstafanir**

Helstu sóknartegundir eru þorskur, ýsa, ufsi, steinbítur, karfi, grálúða, sandkoli, skrápflúra, skarkoli, þykkvalúra, langlúra, keila, langa, skötuselur, síld, loðna og makrill.

Þótt veiðar beinist að sóknartegundum fæst nær undantekningarlaust meðafli af öðrum tegundum. Allar tegundir nefndar hér að ofan eru háðar reglum um hámarksafla og aflamark (sjá spurningu 13:24 hér að neðan). Verndun auðlindanna byggist á 2. og 3. gr. laga nr. 57/1996, sem kveða á um að allan afla beri að hirða og landa og að óheimilt sé að halda til

veiða án þess að hafa nægt aflamark í öllum tegundum sem telja má líklegt að veiddar verði í þau veiðarfæri sem notuð eru. Ef veitt er umfram aflamark í einhverri tegund, af ásetningi eða óafvitandi, verður að færa viðbótar aflamark á skipið innan fjögurra virkra daga. Að öðrum kosti er veiðileyfi afturkallað án fyrirvara.

**19. Tilgreinið hvaða stofnar, sem veiddir eru innan íslenskrar lögsögu, eru háðir takmörkunum um leyfilegan heildarafla. Veitið upplýsingar um núgildandi hámarksafla og þróun sl. 10 ár.**

	<b>2009/2010</b>	<b>2008/2009</b>	<b>2007/2008</b>	<b>2006/2007</b>	<b>2005/2006</b>	<b>2004/2005</b>	<b>2003/2004</b>	<b>2002/2003</b>	<b>2001/2002</b>	<b>2000/2001</b>
Þorskur	150,000	162,500	130,000	193,000	198,000	205,000	209,000	179,000	190,000	220,000
Ýsa	63,000	93,000	100,000	105,000	105,000	90,000	75,000	55,000	38,000	30,000
Ufsi	50,000	65,000	75,000	80,000	80,000	70,000	50,000	45,000	36,400	30,000
Steinbítur	12,000	13,000	12,500	13,000	13,000	13,000	16,000	16,000	16,500	13,000
Karfi	50,000	50,000	57,000	57,000	57,000	57,000	57,000	60,000	65,273	57,000
Grálúða	12,000	15,000	15,000	15,000	15,000	15,000	23,000	23,000	20,000	20,000
Sandkoli	1,000	1,000	1,500	2,000	4,000	5,000	7,000	7,000	4,000	5,500
Skrápflúra	1,000	1,000	1,000	1,500	3,500	5,000	5,000	5,000	5,000	5,000
Skarkoli	6,500	6,500	6,500	6,000	5,000	5,000	4,500	5,000	5,000	4,000
Þykkvalúra	2,200	2,200	2,200	2,000	1,800	1,600	1,600	1,600	1,400	1,400
Langlúra	2,200	2,200	2,400	2,400	2,400	2,000	1,700	1,500	1,350	1,100
Keila	5,500	5,500	5,500	5,000	3,500	3,500	3,500	3,500	4,500	-

## 13. kafli - Sjávarútvegur

## Ísland

Langa	7,000	7,000	7,000	5,000	5,000	4,000	3,000	3,000	3,000	-
Skötuselur	2,500	3,000	2,500	3,000	3,000	2,000	2,000	1,500	1,500	-
Síld	0	155,000	155,000	130,000	110,000	110,000	110,000	105,000	125,000	110,000
Úthafsækja	7,000	7,000	7,000	7,000	10,000	15,000	20,000	30,000	35,000	25,000
Humar	2,200	2,200	1,900	1,800	1,800	1,500	1,600	1,600	1,500	1,400
Hörpudiskur	0	0	0	0	0	0	0	4,150	6,500	9,300
Innfjarðarækja	0	500	150	0	0	450	750	1,700	2,390	2,050

**20. Tilgreinið hvaða stofnum á þessum lista eru stjórnað með takmörkunum til fjölda ára. Lýsið í hverju tilviki fyrirkomulaginu sem notað eru til að ákvarða markmið stjórnunar og veiði möguleika.**

Aflatakmarkunum til margra ára (þ.e. að leyfilegur heildaraflí sé ákveðinn fyrir meira en eitt ár í einu) er yfirleitt ekki beitt á fiskistofna sem íslensk yfirvöld stjórna veiðum úr. Þó felur aflareglan fyrir þorsk í sér að aflatakmarkanir fylgi framvegis föstu hlutfalli stofnstærðar. Einnig eru notuð föst viðmið fyrir flesta aðra stofna, oftast miðað við veiðidánartíðni eða stofnstærðarvísitölur.

**21. Lýsið, eftir því sem við á, gildandi reglum um sóknarstýringu. Lýsingin á að taka til þess hvernig sókn er skilgreind, hvaða reglur gilda um breytingar á mestu leyfilegu sókn og hvernig kerfið felur í sér hvata til góðrar umgengni um veiðistofnana. Teljið upp þær veiðar sem lúta sóknarstýringu, hvers konar fiskiskip eiga í hlut og hve mörg, og gefið upp tölur um sóknarheimildir og raunverulega sókn síðustu fimm árin.**

Sóknarstýringu er yfirleitt ekki beitt við fiskveiðistjórnun á Íslandi þar sem veiðum fiskveiðiflotans er stýrt með úthlutun aflahlutdeildar og aflamarks sem tekur til allra helstu nytjastofna, eða um 95% alls sjávaraflla í verðmætum talið.

Fiskveiðiárið 2005/2006 var síðasta árið sem sóknardagakerfi smábáta var í gildi, en þá var aðeins gefið út eitt leyfi til slíkra veiða. Árið áður höfðu verið gefin út leyfi til níu sóknardagabáta en ekki færri en 311 árið 2003/2004.

Í sóknardagakerfinu fólst að smábátar, allt að sex brúttólestum, fengu að stunda handfæraveiðar tiltekinn dagafjölda á ári. Þeim var ætlaður tiltekinn viðmiðunaraflí og hafði hann áhrif á sóknardagafjöldann næsta ár.

Heimilt var að flytja sóknardaga af einum bát á annan. Sóknardagakerfið var afnumið með breytingum á lögum um stjórn fiskveiða sem tóku gildi í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005.

Ný breyting á lögum um stjórn fiskveiða tók gildi sumarið 2009. Samkvæmt henni voru smábátum heimilar handfæraveiðar utan aflamarkskerfisins frá júní til ágúst það ár. Þetta ákvæði var tímabundið, gildi aðeins þetta tiltekna ár. Þetta kerfi var þannig uppbyggt að alls 3.955 tonn af óslægðum þorski voru tekin framhjá aflamarkskerfinu og skipt á ákveðinn hátt á milli báta á fjórum landsvæðum. Leyfilegur hámarksafli á hvern bát í röðri var 800 kg af

óslægðum afla af kvótabundnum tegundum. Leyfilegt var að fara í einn róður á dag á sunnudegi til fimmtudags og vera á sjó að hámarki 14 klst. Veiðarnar voru takmarkaðar við 4 handfærarúllur að hámarki og landa þurfti aflanum daglega. Alls voru gefin út 595 leyfi til þessara veiða en 554 leyfishafar nýttu leyfi sín. Alls veiddust 3.450 tonn af þorski eða 87,2% af þeim þorskkvóta sem tekinn var frá í þessu skyni. Annar afli en þorskur var 654 tonn, að mestu ufsi og karfi. Eins og fyrr segir var þetta fyrirkomulag einungis lögfest til bráðabirgða í eitt ár. **Eins og stendur er verið að meta árangur og tilhögun þessara veiða.** Verði niðurstaðan jákvæð stendur til að halda áfram með þessa tilhögun og úthluta heimildum að nýju fyrir næsta fiskveiðiár.

Á Íslandi er fyrirkomulag grásleppuveiða með þeim hætti að alls eru 482 grásleppuleyfi bundin við báta undir 15 brúttólestum. Nýliðar geta því ekki hafið slíkar veiðar nema kaupa til þess réttindi af fyrri leyfishöfum. Heimilt er að flytja rétt til grásleppuveiða milli báta enda sé sá bátur sem réttur er fluttur til ekki meira en 2,5 brúttótonnum stærri en sá bátur sem réttur er fluttur frá. Grásleppuleyfum hefur fækkað á síðustu árum, eftir því sem útgerðir grásleppubáta hafa hagrætt og breytt skipakosti sínum. Út á grásleppuréttindi geta handhafar þeirra leyst út veiðileyfi til grásleppuveiða ár hvert en veiðunum er stjórnað með svæðaskiptingum, dagafjölda og hámarksfjölda neta. Reglugerð um þetta efni er ótímabundin en hefur verið breytt árlega á síðustu árum hvað varðar fjölda veiðidaga. Á síðustu vertíð voru veiðidagarnir 62 talsins og hafði fjölgað um 12 frá árinu áður.

Gulllax (*Argentina silus*) er fisktegund sem ekki er stjórnað með kvótum en fæst gjarnan sem meðafli við karfaveiðar. Þó er beinum veiðum á tegundinni stjórnað með reglugerð og veitingu sérveiðileyfa. Útgefin fjöldi leyfa hefur verið sem hér segir:

2009/2010: 29

2008/2009: 29

2007/2008: 32

2006/2007: 35

2005/2006: 43

*Karfi á ICES svæðum I og IIA*

Á árunum 2006 og 2007 stunduðu íslensk skip veiðar á karfa á alþjóðlegu hafsvæði á ICES svæðum I og IIA en þar er veiðum stjórnað með sameiginlegu heildaraflamarki fyrir þau skip frá ýmsum löndum sem þar stunda veiðar. Engin íslensk skip stunduðu þó veiðarnar á árinu 2008 en þrjú skip hafa leyfi á árinu 2009; þau hafa þó ekki enn hafið veiðar.

**22. Teljið upp gildandi skilyrði um búnað og framkvæmd veiða (svo sem möskvastærð, gerð neta, óheimil veiðarfæri, svæðalokanir, lágmarksstærð landaðs afla, reglur til að hamla brottkasti) og um hvaða fiskistofna þær gilda.**

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gefur út reglur um fiskveiðar í atvinnuskyni fyrir hvert fiskveiðiár, þar á meðal um leyfilegan heildarafla úr þeim nytjastofnum sem háðir eru slíkum takmörkunum. Hér fylgir stutt greinargerð fyrir helstu skilyrðum um búnað og framkvæmd veiða.

Eins og þegar var tekið fram er lagaskylda að koma með allan afla að landi. Þar af leiðir að engin takmörk gilda um lágmarksstærð landaðs afla. Til að hamla veiðum á ungfiski er beitt ýmiss konar aðgerðum, svo sem reglum um möskvastærð og svæðalokunum (sjá nánar hér á eftir).

*Takmarkanir á veiðarfærum og möskvastærð*

Þegar Ísland færði fiskveiðilögsögu sína út í 200 mílur 1976 var jafnframt gripið til nýrra aðgerða til verndar ungfiski. Minnsta möskvastærð í botnvörpu var stækkuð 1977 úr 120 mm í 155 mm, en 135 mm möskvi aðeins leyfður á karfaveiðum á vissum svæðum. Frá 1998 er 135 mm möskvastærð leyfð í pokanum við allar togveiðar þar sem ekki er notuð „pólsk klæðning“, sömuleiðis við dragnótaveiðar. Netaveiðar eru háðar reglum bæði um mestu og minnstu leyfilega möskvastærð. Síðan haustið 2004 hefur stærsti leyfilegi möskvi í þorska-netum verið átta þumlungar. Þessi regla þjónar þeim tilgangi að draga úr veiðum á stærsta hrygningarfiskinum.

*Svæðislökanir*


## Skyndilökanir:

Kerfi tímabundinna skyndilökana hefur verið í gildi frá 1976 með það fyrir augum að vernda smáfisk. Þá eru veiðar bannaðar í allt að tvær vikur á svæðum þar sem eftirlitsmenn hafa séð undirmálsfisk í afla fara yfir tiltekin mörk (25% eða meira af þorski eða ufsa sé undir 55 cm, 30% eða meira af ýsu sé undir 45 cm, 20% eða meira af karfa undir 33 cm). Ef skyndilökanir reynast tíðar á tilteknu svæði getur sjávarútvegráðherra gefið út reglugerð til að loka svæðinu í lengri tíma, og verða fiskiskip þá að stunda veiðar annars staðar.

Fiskistofa hefur eftirlit með skyndilökunum í samstarfi við Hafrannsóknastofnun. Þeim var beitt 93 sinnum á árinu 2008.

Varanlegar svæðislökanir: Á grundvelli þess sem vitað er um hegðun ýmissa nytjastofna hefur mörgum svæðum verið lokað fyrir veiðum varanlega eða um tiltekinn tíma í því skyni að vernda ungfisk og viðkvæm vistsvæði hafsins.

Tímabundnar svæðislökanir: Helstu hrygningarsvæði þorsks, skarkola og steinbíts eru lokað fyrir veiðum um aðal-hrygningartímamann. Tilgangur þeirra aðgerða, sem sjómenn sjálfir áttu að hluta til frumkvæðið að, er að draga úr sókn í fiskinn meðan hann er að hrygna.



Heimild: Fiskistofa, 29. september 2009

*Brottkast*

Um brottkast vísast til spurninga 13:14, 16 og 17.

**23. Bendið á þau atriði verndaraðgerðanna sem íslensk stjórnvöld hyggjast endurskoða í nánustu framtíð eða áður en langt um líður.**

Íslensk stjórnvöld beita margvíslegum verndaraðgerðum sem sífellt eru til endurskoðunar svo að tryggja megi ábyrgar og sjálfbærar veiðar, t.d. með því að auka vernd viðkvæmra vist-svæða á íslensku hafsvæði gegn alvarlegum spjöllum.

› **Meginatriði fiskveiðistjórnunar**

**24. Lýsið kerfinu sem beitt er við úthlutun veiðiheimilda (afla- eða sóknarmark, upphafleg úthlutun, stýring innan fiskveiðiárs, frádráttur og afturköllun) til einstakra útgerða eða útgerðarflokka.**

Lagaákvæðin, sem mesta þýðingu hafa í þessu sambandi, er að finna í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, en þó eru einnig ákvæði sem skipta hér máli í öðrum lögum, s.s. lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands (deilistofnar og stofnar á alþjóðlegum svæðum) og í lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar.

Áréttað skal að samkvæmt lögum verður aflaheimildum aðeins úthlutað á skip sem eru á íslenskri skipaskrá og aflaheimildir þurfa ávallt að vera bundnar við slík skip.

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla, eru frjálssar öllum íslenskum skipum sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni, með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma. Það er þó mjög hæpið að skip verði gert út með arðbærum hætti án þess að hafa einhvern kvóta í kvótabundnum tegundum þar sem allar mikilvægustu tegundirnar (sjá (spurningu 13:18 hér að ofan) sæta nú takmörkunum á leyfilegum heildarafla sem skipt er niður með kvótum, þannig að veiðiheimildum ber lögum samkvæmt að úthluta til einstakra skipa (kvótakerfið).

Úthlutun veiðiheimilda í hverri tegund sem tekin hefur verið inn í kvótakerfið fór þannig fram í upphafi, með smávægilegum frávikum (kvótasetning smábáta), að hverju skipi var reiknuð aflahlutdeild á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila þegar heildarafla var ekki takmarkaður. Dæmi: Ef skip veiddi samtals 2.100 tonn af tegundinni á þremur veiðitímabilum sem höfð voru til viðmiðunar og heildarafla á þeim tíma var 210.000 tonn, þá fékk skipið 1% í

aflahlutdeild. Þessi aflahlutdeild er varanleg og fylgir skipinu óbreytt (ekki eiganda þess) nema hún eða hluti hennar sé fluttur á annað íslenskt fiskiskip samkvæmt reglum sem um slíkar tilfærslur gilda (sjá 13:25 hér að neðan).

Ráðherra ákveður með reglugerð, eftir að hafa samkvæmt lögum fengið tillögur frá Hafrannsóknastofnuninni þar að lútandi, hver skuli vera leyfður hámarksafli hvernar tegundar fyrir sig á hverju fiskveiðiári. Þegar sú ákvörðun liggur fyrir úthlutar Fiskistofa hverju skipi, sem hefur aflahlutdeild í hverri tegund, aflamarki (aflaheimild fyrir viðkomandi fiskveiðiár) á grundvelli aflahlutdeildarinnar þannig að skip sem t.d. hefur 1% aflahlutdeild í einhverri kvótabundinni tegund fær í sinn hlut 1% af hámarksafli þeirrar tegundar. Skip sem ekki hafa aflahlutdeild fá ekki úthlutað aflamarki. Þau geta hins vegar flutt til sín aflamark frá öðrum skipum, skv. reglum þar að lútandi, og þannig tekið þátt í veiðum þeirra tegunda sem fluttar eru á þau.

Skip, sem veitt hafa allt aflamark sitt í einhverri tegund, eru þegar í stað svipt veiðileyfi eins og gerð er grein fyrir í spurningu 13:29 hér á eftir.

Heimildir byggðar á sóknartakmörkunum eru ekki lengur viðhafðar, með þeirri einu undantekningu að á fiskveiðiárinu 1. sept.2008–31. ágúst 2009 var gerð tilraun með svokallaðar strandveiðar (handfæraveiðar). Sjá nánar í svari við spurningu 21.

**25. Ef viðskipti eru leyfð með veiðiheimildir: Gefið yfirlit um regluverkið sem gildir um viðskipti með veiðiheimildir (þ.m.t. um eðli veiðiheimildanna, takmarkanir á framsali þeirra ef einhverjar eru, leyfilega eigendur þeirra, hömlur á samþjöppun eignarhalds eða forgangshlutdeild tiltekinna aðila eða landsvæða). Um veiðiheimildir sem ekki eru leyfð viðskipti með: Lýsið lögum sem um þær gilda og af hverju viðskipti með þær eru óheimil.**

Viðskipti með veiðiheimildir eiga sér stað milli i aðila án þátttöku opinberra stofnana, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 eru nytjastofnar á Íslandsmiðum sameign íslensku þjóðarinnar og myndar úthlutun veiðiheimilda ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Samkvæmt sömu lögum eru aflaheimildir, þ.e. aflahlutdeild (þ.m.t. krókaaflahlutdeild) og aflamark (þ.m.t. krókaaflamark) ávallt bundnar við skip sem uppfylla tiltekin skilyrði, m.a. það að vera skráð á íslenska skipaskrá. Einnig er það meginregla að aflaheimildir má flytja á milli fiskiskipa sem uppfylla sett skilyrði. Framsal

(flutningur) aflaheimilda er þó að lögum háð ýmsum skilyrðum og takmörkunum og öðlast ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur gengið úr skugga um og staðfest að framsalið samræmist lögum og reglum.

#### *Framsal aflahlutdeilda þ.m.t. krókaaflahlutdeilda*

Almennt gilda sömu reglur um framsal aflahlutdeilda og krókaaflahlutdeilda að öðru leyti en því að krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til báta sem eru undir 15 brúttólestum og starfa innan krókaafakerfisins. Helstu takmarkanir á framsali aflahlutdeilda eru annars eftirfarandi:

- Óheimilt er að flytja aflahlutdeild til fiskiskips ef flutningurinn leiðir til að aflaheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Við ákvörðun þess er fyrst og fremst litið til stærðar skips og magns og tegundar hlutdeilda.
- Samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila má aldrei vera meiri en sem nemur 12% af heildaraflahlutdeild allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, en 5% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeilda. Ennfremur eru takmörk hvað varðar samþjöppun aflahlutdeilda í einstökum kvótabundnum tegundum í þorskígildum reiknað.

#### *Framsal aflamarks þ.m.t. krókaaflamarks*

Almennt gilda sömu reglur um framsal aflamarks og krókaaflamarks að öðru leyti en því að krókaaflamark verður aðeins flutt til báta sem eru undir 15 brúttólestum ef bátarnir eru í krókaafakerfinu. Helstu takmarkanir á framsali aflamarks eru annars eftirfarandi:

- Óheimilt er að flytja aflamark til fiskiskips ef flutningurinn leiðir til að aflaheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Við ákvörðun þess er fyrst og fremst litið til stærðar skips og magns og tegundar aflamarks.
- Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram afamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað. Í þessu sambandi er aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda sem ákvarðað er samkvæmt lögum nr. 116/2006.

*Veiðileyfi.*

Veiðileyfi, hvort heldur almenn leyfi til veiða í atvinnuskyni eða svokölluð sérveiðileyfi, þ.e. leyfi til veiða á tilteknum tegundum eða til að veiða á tilteknum svæðum eða með tilteknum veiðarfærum, þurfa ávallt að vera bundin við skip sem uppfylla tiltekin skilyrði, m.a. það að vera skráð á íslenska skipaskrá. Almennt geta útgerðir skipa sem uppfylla sett skilyrði fengið slík leyfi Fiskistofu og þurfa ekki að fá þau framseld frá öðrum útgerðum (skipum). Þó eru tvær undantekningar frá því. Leyfi til grásleppuveiða er háð því skilyrði að annar nægilega stór bátur láti leyfi í stað þess sem leyfi fær eða m.ö.o. leyfin eru framseld (flutt á milli báta); og þá eru leyfi til kolaveiða með dragnót á tilteknum svæðum bundin sams konar skilyrði.

› **Stjórnun álaveiða**

**26. Lýsið stefnu yðar um stjórnun álaveiða. Hvað er gert til að meta áhrif manngerðra hindrana (svo sem stíflna, fiskigildra og virkjana) á álagöngur og til að hafa stjórn á slíkum áhrifum?**

Lífsferill álsins er flókinn. Hann hrygnir í sjó á vestanverðu Atlantshafi. Fremur lítið af glerál gengur upp í ferskvatn á Íslandi og þar vex hann hægt vegna þess hvað vatnið er kalt. Állinn hefur því ekki mikla efnahagslega þýðingu. Mannvirki, sem takmarka fiskigöngur upp fallvötn, eru óheimil að lögum nema með mótvægisáðgerðum, svo sem fiskistigum. Gagnvart ál eru slíkar hindranir því ekkert vandamál. Stýring álaveiði er að mestu leyti innifalin í reglum um veiðar á öðrum vatnafiski. Gildruveiði er þannig yfirleitt bönnuð, bæði í sjó og vötnum, og yrði að gefa út sérstök leyfi til að veiða ál, annaðhvort í vatni sem ekki hentar sem búsvæði laxfiska eða á árstímum þegar laxfiska er ekki von.

**Frístundaveiðar**

**27. Lýsið hvernig frístundaveiðum á sjávartegundum eða tegundum sem ganga milli sjávar og ferskvatns er stjórnað. Veitið upplýsingar m.a. um útgáfu veiðileyfa, hámarksafla, gagnasöfnun, verndunarráðstafanir, efnahagslega þýðingu þeirra og hugsanleg áhrif milli frístundaveiða og veiða í atvinnuskyni.**

Í 6. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er kveðið á um fiskveiðar í frístundum:

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla sem

veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein er einungis heimilt að hafa til eigin neyslu og er óheimilt að selja hann eða fénýta á annan hátt.

Ráðherra er heimilt að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks eða krókaaflamarks, enda sé aflinn einungis fénýttur til að standa straum af kostnaði við mótshaldið.

Aðilum sem reka ferðaþjónustu og hyggjast nýta við þann rekstur báta til frístundaveiða er skylt að sækja um sérstakt leyfi til Fiskistofu fyrir hvern bát sem nota skal í því skyni. Einungis er heimilt að veita leyfi til frístundaveiða aðilum sem fengið hafa leyfi sem Ferðamálastofa gefur út með stoð í 8. gr. laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála. Einungis er heimilt að stunda veiðar með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar á þeim bátum sem leyfi fá samkvæmt þessari grein.

Leyfi til frístundaveiða, sbr. 3 mgr., eru tvenns konar:

1. Leyfi til að veiða tiltekinn fjölda fiska af kvótabundnum fisktegundum á hvert handfæri eða sjóstöng dag hvern og reiknast sá afli ekki til aflamarks viðkomandi báts. Ráðherra setur frekari leiðbeiningar um þessi atriði í reglugerð. Óheimilt er að selja eða fénýta á annan hátt afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.
2. Leyfi til veiða sem takmarkast af aflamarki eða krókaaflamarki viðkomandi báts. Allur afli þessara báta skal veginn í samræmi við gildandi reglur um vigtun og skráningu sjávarafla. Um afla þessara báta gilda ekki ákvæði laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Ekki skal leitað staðfestingar Verðlagsstofu skiptaverðs skv. 4. málsl. 3. mgr. 15. gr. vegna flutnings aflamarks til þessara báta. Heimilt er að selja eða fénýta á annan hátt afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.

Innan sama fiskveiðiárs er einungis heimilt að veita báti leyfi annaðhvort skv. 1. tölul. 4. mgr. eða 2. tölul. 4. mgr. Við veitingu leyfa til frístundaveiða koma aðeins til greina þau fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Leyfi til frístundaveiða skulu veitt til eins fiskveiðiárs í senn. Ekki er heimilt á sama fiskveiðiári að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni á báti sem fengið hefur leyfi til frístundaveiða. Þó er Fiskistofu heimilt að veita bátum tímabundin leyfi til frístundaveiða sem gildi fyrir tímabilið 1. maí–31. ágúst enda stundi þeir ekki veiðar í atvinnuskyni innan þess tímabils.

Rekstraraðili skal með sannanlegum hætti kynna fyrir áhöfn báts reglur um takmarkanir sem kunna að vera á veiðum á þeim svæðum þar sem líklegt má telja að báturinn stundi frístundaveiðar og enn fremur reglur um bann við brottkasti afla og reglur um meðferð afla.

Ráðherra setur í reglugerð1) frekari skilyrði og reglur um frístundaveiðar, þ.m.t. um skil á skýrslum vegna veiða frístundaveiðibáta og á sjóstangaveiðimótum.

Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til frístundaveiða í samræmi við ákvæði VI. kafla fyrir brot á ákvæðum þessarar greinar og reglum settum með stoð í henni.

Hvað varðar frístundaveiðar á tegundum sem ganga á milli sjávar og ferskvatns, þá eru lax- og silungsveiðar í sjó bannaðar, með fáeinum undantekningum hvað varðar silungsveiðar. Þessar tegundir eru einungis veiddar í ám og vötnum þar sem veiðiréttur fylgir eignarlöndum og er því í höndum eigenda og ábúenda jarða sem lönd eiga að viðkomandi ám og vötnum. Fiskistofa viðheldur skrá yfir öll veiðivötn (ár og stöðuvötn) og veiðiréttarhafa. Veiðiréttarhafar verða að sjá til þess að veiðiskýrslum sé skilað til Fiskistofu. Sérstakar reglur gilda um veiðitímabil fyrir lax og göngusilung, en veiði á vatnasilungi og ál er leyfð árið um kring. Sérstakar reglur gilda um veiðarfæri og veiðiaðferðir og einnig um mannvirki í vötnum og ám. Veiðiréttarhafar eiga samkvæmt ákveðnum reglum að stofna með sér veiðifélög sem eiga að sjá til þess að ákvæðum laga um veiðistjórnun og veiðiaðferðir sé framfylgt.

### ***B. Stjórnkerfi***

**Í lýsingu á eftirlitskerfinu<sup>12</sup> eiga að koma fram starfsmenn, búnaður og fjárveitingar, Upplýsingar um skipulag, samstarf stjórnunaraðila og starfsmenn eiga að koma fram í svari við „stjórnunar“ hlutanum í svari 1.**

---

<sup>12</sup> Með stjórnkerfi er átt við vöktun, eftirlit og skoðun.

**28. Eftirlitskerfi: Lýsið möguleikum til eftirlits og takið sérstaklega fram fjárveitingar búnað og starfsmenn, sérstaklega hvað varðar eftirlitsskip, eftirlitsflugvélar og eftirlitsmenn á landi. Sérstaklega:**

**- Lýsið eftirliti sem farið hefur fram síðastliðin þrjú ár, þar á meðal:**

- Á sjó: fjöldi daga við eftirlit á sjó þar sem stjórnun á veiðum var meginverkefni (innlend skip og skip annarra ríkja), fjöldi klukkustunda á flugi vegna eftirlits með fiskveiðum.

Undanfarin ár hefur Fiskistofa leigt skip til nokkurra verkefna, þar á meðal til eftirlits með grunnslóð. Meðfylgjandi tafla sýnir skipulag þessa eftirlits undanfarin þrjú ár.

Ár	Eftirlitsdagar á sjó	Fjöldi skoðana
2006	39	108
2007	35	98
2008	34	88

Eftirlitsmenn fara einnig í veiðiferðir með fiskiskipum og eru þá um borð alla veiðiferðina. Þeir fylgjast með þeim veiðarfærum sem notuð eru, tækjabúnaði skipsins, brottkasti o.sfrv. Einnig rannsaka eftirlitsmennirnir samsetningu aflans með mælingum á lengd fisks. Eftirlit um borð í skipum síðastliðin þrjú ár þegar eftirlitsmenn eru með í veiðiferðum er sýnt í töflunni hér að neðan.

Ár	Fiskiskip		Vinnsluskip	
	Veiðiferðir	Dagar á sjó	Veiðiferðir	Dagar á sjó
2006	449	1186	45	1006
2007	376	1039	43	1011
2008	426	1186	34	859

Minnkandi áhersla á eftirlit um borð í vinnsluskipum árið 2008 skýrist með þeirri staðreynd að skoðunarmönnum var fækkað um einn, úr 6 í 5, í byrjun árs 2008 vegna þess að skipum sem vinna afla um borð hefur fækkað undanfarin ár. Það sama gildir um veiðiferðir skipa frá Evrópusambandinu.

Árið 2006 notaði Landhelgisgæslan 3 skip við veiðieftirlit en eitt skip hefur verið tekið úr notkun frá 2007. Landhelgisgæslan á von á afhendingu nýs fjölnota skips til strandgæslu snemma árs 2010.

Samtals hafa fjórar þylur verið notaðar en þeim hefur nú fækkað í þrjár. Ein flugvél hefur verið notuð og 2009 tók ný flugvél við verkefninu.

Starfsmannafjöldi Landhelgisgæslunnar hefur sveiflast á bilinu 130 og 170, 18 manns eru á hverju varðskipi, um 40 manns við flugdeildina, 14 í stjórnstöð og 3 í stjórnsýsludeild.

Taflan að neðan sýnir útgjöld og tekjur 2004-2008.

<b>Millj. kr.</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Útgjöld	2,203	2,631	2,857
Tekjur	127	241	201
Samtals	2,076	2,390	2,656

Áætlað er að kostnaður Landhelgisgæslunnar við eftirlit með fiskveiðum sé um 30% af heildarútgjöldum.

<i>Fjöldi eftirlitsdaga á sjó<sup>1</sup></i>			
<i>Ár</i>			
<i>2006</i>	<i>2007</i>	<i>2008</i>	<i>Total</i>
444	503	365	1312

<sup>1</sup> Allir dagar við gæslu á sjó falla undir fiskveiðieftirlit þar eð það er meginverkefni viðkomandi dags ef hann er merktur sem eftirlitsdagur í rafræna leiðabók.

<i>Fjöldi flugstunda við fiskveiðieftirlit</i>				
	<i>Ár</i>			
<i>Svæði</i>	<i>2006</i>	<i>2007</i>	<i>2008</i>	<i>Samtals</i>
Landhelgi	451	404	340	1195
NEAFC	62	31	15	108
Samtals	513	435	355	1303

<i>Eftirlitsaðgerðir</i>					
		<i>Ár</i>			
<i>Svæði</i>	<i>Þjóðerni</i>	<i>2006</i>	<i>2007</i>	<i>2008</i>	<i>Samtals</i>
Innan landhelgi	Íslensk	149	181	163	493
	Erlend	29	30	41	100
Utan landhelgi	Íslensk	0	1	2	3
	Erlend	15	43	4	62
		193	255	210	658

Á landi fer fram mismunandi eftirlit á löndun, fiskflutningi, mörkuðum og ákveðin aðferð er notuð til að áætla tegundaskiptingu við löndun uppsjávarafla (sýnataka). Taflan hér að neðan sýnir eftirlit með tilteknum fiskveiðum undanfarin 3 ár. Aðeins er um að ræða nokkurn hluta eftirlits á landi.

<i>Hvað skoðað</i>	<i>Fjöldi skoðana</i>		
	<i>2006</i>	<i>2007</i>	<i>2008</i>
Löndun afla	1,993	2,499	2,178
Samanburður: löndun og veiðidagbók	151	294	116
Fiskflutningur innanlands	25	61	127
Endurvigtun afla	214	233	235
Útflutningur fersks fisks	399	381	374

Til að sundurgreina afla við uppsjávarveiðar og áætla magn hvarrar tegundar fyrir sig verður sá sem leyfi hefur til vigtunar að taka í það minnsta 5 sýni úr hverjum 100 tonnum af afla. Um það bil 100 kg sýni verður að taka af handahófi úr aflanum. Sýnið verður að greina eftir tegundum og hver tegund skal veginn fyrir sig. Magn aukaafra skal síðan framreikna með tilliti til heildarmagns við hverja löndun. Þennan aukaafra skal skrá sem afla viðkomandi skips í skráningu Fiskistofu á lönduðum afla.

**- Er hægt að setja fram dæmi um almenna stefnumörkun varðandi eftirlit (markmið, viðmiðanir, áhættugreiningu stjórnunar, vísbendingar um frammi-stöðu, skilvirkni notaðra aðferða o.sfrv)?**

Almennt talað má segja að þungamiðjan í eftirliti á landi sé að fylgjast með vigtun og skráningu sjávarafla. Sérstök áhersla er lögð á að aflinn sé réttilega veginn á hafnarvog og skráður í afla viðkomandi skips. Fiskverkendur og fiskmarkaðir á Íslandi geta að uppfylltum ákveðnum skilyrðum fengið leyfi hjá Fiskistofu til að veða fiskinn að nýju og töluverðum tíma er eytt til að tryggja að sú vigtun sé framkvæmd í samræmi við viðeigandi lög og reglur.

Grundvallar atriði við veiðieftirlit á sjó er að koma í veg fyrir ólöglegar veiðar sem og slæma umgengni um nytjastofan. Áhersla er lögð á að koma í veg fyrir brottkast. Meðferð afla, veiðarfæra og tækjabúnaðar fiskiskipa, að leyfi séu gild og að veiðidagbækur séu rétt færðar, allt er þetta athugað svo dæmi séu nefnd. Aðgreining stærðar og tegunda afla um borð í skipunum er kannað; þar á meðal er lengd fiska mæld og kvörnum safnað, og einnig er gögnum og sýnum safnað til nota við hafrannsóknir og fiskveiðistjórnun.

Í byrjun hvers árs eru undirbúnar áætlanir um framkvæmd eftirlits á sjó og á landi. Byggt er á reynslu undanfarinna ára og væntanlegri þróun veiðanna og löndun afla á komandi ári. Þar á meðal er áætlað hvernig veiðar muni dreifast á ýmis svæði á mismunandi tímum og hvernig líklegt er að fjöldi landana muni þróast á hverju svæði fyrir sig á mismunandi tímum.

Auk þess að fylgja þeim áætlunum sem gerðar eru fyrir hvert ár eins nákvæmlega og mögulegt er verður fiskveiðieftirlitið að bregðast við ófyrirsjáanlegum breytingum. Tillögur og vísbendingar um brot á reglum eru einnig teknar til athugunar eftir því sem við á. Stjórnendur fiskveiðieftirlitsins hjá Fiskistofu funda vikulega til að fara yfir þróun mála. Auk þess skila deildarstjórar eftirlitsins yfirmanni sínum ársfjórðungsskýrslu um hversu árangursríkar þær áætlanir sem gerðar hafa verið hafa reynst og hvaða mál hafa komið upp í sérhverjum landshluta síðasta ársfjórðung.

**- Hver er reynsla eftirlitsaðferða ykkar í tengslum við erlend yfirvöld?**

Í nokkur ár hefur Landhelgisgæsla Íslands unnið með eftirlitsmönnum frá löndum innan Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Þetta samstarf hefur verið í formi mismunandi funda svo og skiptum á upplýsingum. Þess utan hefur Landhelgisgæslan verið í nánú og árangursríku samstarfi með mismunandi ríkjum við að fylgjast með ólöglegum og óskráðum fiskveiðum (IUU) og koma í veg fyrir þær á Norður-Atlantshafi. Þar að auki vinnur Landhelgisgæslan með CFCA (stofnun ESB varðandi eftirlit með fiskveiðum) í Vigo, sérstaklega innan ramma Samráðsfunda Strandgæslu á Norður Atlantshafi í vinnuhóp eftirlitsaðila með fiskveiðum (e. Fisheries Enforcement Working Group)

## 29. Stjórnkerfi:

### (a) Leyfi til fiskveiða

**- Hvernig er leyfisveitingakerfi háttað? Getið þið lýst leyfisveitingum og reglum um útgáfu leyfa? Eru beinar eða óbeinar kröfur um þjóðerni/aðsetur til að fá eða flytja réttinda til aðgengis (sjá einnig spurningu um erlendar fjárfestingar hér á eftir)?**

Fiskistofa gefur út öll leyfi til fiskveiða íslenskra skipa sem og leyfi erlendra skipa til veiða í íslenski fiskveiðalögsögu að undanskildum tilraunaleyfum sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gefur út. Útgerðir skipa sækja um leyfi til Fiskistofu sem veitir þau að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, þar á meðal kröfum um skráningu og sjóhæfni og að eigendur skipsins og stjórnendur þess uppfylli öll skilyrði til að mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilögsögu Íslands eins og tekið er fram í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (sjá enn frekar svar við spurningu 71) og lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

### **- Hvert er form og innihald fiskveiðileyfa?**

Fiskistofa gefur út vottorð um leyfi sem er gilt í tiltekinn tíma og því fylgja tilvísanir í lög og reglugerðir sem eiga við þær veiðar sem leyfið tekur til ásamt upplýsingum um sérstakar reglur sem snúa að einstaka tilvikum. Til að mega stunda fiskveiðar verða aflaheimildir að fylgja skipinu.

### **- Er sérstakt stjórnkerfi um ákveðnar veiðar og/eða svæði?**

Eins og lýst er að ofan veiðum einkum stjórnað með aflahlutdeildakerfi, þ.s. aflahlutdeildir eru deilanlegar og framseljanlegar, bundinn við framseljanlega kvótakerfið (ITQ), þ.e. almenn veiðileyfi, aflahlutdeildum og úthlutuðum eða keyptum aflaheimildum. Við ákveðnar veiðar íslenskra skipa þarf sérstök veiðileyfi. Upplýsingar um fjölda og gerð slíkra leyfa er að finna í töflunni hér að neðan.

<i>Tegund sérstakra veiðiheimilda</i>	<i>Fiskveiðiár</i>				
	<i>2002/2003</i>	<i>2003/2004</i>	<i>2004/2005</i>	<i>2005/2006</i>	<i>2006/2007</i>
Grásleppuveiðileyfi	371	353	271	163	139
Dragnótaveiðileyfi	129	132	122	112	105
Leyfi til rækjuveiða á grunnslóð	26	8	7	0	0
Leyfi til hörpuveiða	10	0	0	0	0
Leyfi til ígulkerjaveiða	0	0	4	0	2
Leyfi til síldveiða með vörpu	22	21	23	24	23
Leyfi til veiða á djúpkarfa	27	24	19	16	15
Leyfi til rækjuveiða á Flæmska hattinum	6	2	2	2	2
Leyfi til veiða á norsk-íslenskrri síld	35	27	27	27	22
Leyfi til veiða á norsk-íslenskrri í norskri lögsögu	6	0	0	0	15
Leyfi til gulllaxveiða	38	36	36	43	35
Leyfi til veiða á kolmunna	23	24	25	24	22
Leyfi til veiða á kolmunna í færeyskrri lögsögu	23	24	25	24	22
Leyfi til að veiða síld og makríl í færeyskrri lögsögu	3	1	2	13	9
Leyfi til þorskveiða í norskri lögsögu.	4	7	5	5	5
Leyfi til þorskveiða í rússneskrri lögsögu.	4	6	4	5	6

Öll veiði erlendra skipa er bönnuð í íslenskrri fiskveiðilögsögu nema um sé að ræða skip sem fengið hafa sérstakt leyfi á grundvelli samninga sem íslenska ríkið hefur gert við önnur ríki. Upplýsingar um gerð og fjölda leyfa til erlendra skipa á tímabilinu frá 2004 til 2008 fylgir í eftirfarandi töflu.

<i>Gerð veiðileyfa</i>	<i>2003</i>	<i>2004</i>	<i>2005</i>	<i>2006</i>	<i>2007</i>
Leyfi til kolmunnaveiða	15	15	15	14	12
Leyfi til loðnuveiða	103	94	86	96	92
Leyfi til veiða á djúpkarfa	1	1	1	1	1
Leyfi til handfæra- og línuveiða	53	44	42	41	36
Leyfi til veiða á norsk-íslenskri síld	8	8	8	8	19
Leyfi til karfaveiða	15	15	13	11	12
<i>Heildarfjöldi veiðileyfa erlendra skipa</i>	<i>195</i>	<i>177</i>	<i>165</i>	<i>171</i>	<i>172</i>

Íslensk skip mega ekki veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót í íslenskri fiskveiðilandhelgi að undanskildu á þeim svæðum og með þeim tímatakörkunum sem tekin eru fram í lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Leyfi til þessara veiða er bundið stærð fiskiskips og aflvísí en samkvæmt því eru skipum skipt í þrjá flokka eins og hér greinir:


- 1. flokkur: Fiskiskip 42 metrar og lengri. Enn fremur öll fiskiskip með aflvísí 2.500 eða hærri.
- 2. flokkur: Fiskiskip lengri en 29 metrar en styttri en 42 metrar með aflvísí lægri en 2.500. Enn fremur fiskiskip styttri en 29 metrar en með aflvísí 1.600 og hærri.
- 3. flokkur: Fiskiskip styttri en 29 metrar, enda séu þau með lægri aflvísí en 1.600.

Einn flokkur fiskiskipa, svokallaðir krókabátar, takmarkast við skip sem eru minni en 15 brúttótonn. Þeir mega eingöngu veiða á línu og handfæri.

Siglingastofnun heldur skrá yfir lengd skipa, stærð í brúttótonnum, og aflvísí sem notað er sem grunnur flokkunar. Sjá Spurningu 13:29 (e) Stjórnun á veiðigetú.

Aðgengi til veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu er takmarkað með lokun svæða sem eru ákveðin með reglugerðum, sérstaklega á uppeldissvæðum ungfisks og hrygningarsvæðum þorsks. Þessi svæði eru lokuð annað hvort tímabundið eða um ótakmarkaðan tíma og getur lokun snúið að notkun ákveðinna veiðarfæra eða allra. Einnig eru til önnur svæði þar sem veiðar eru óleyfilegar nema með sérstaklega aðlöguðum veiðarfærum, svo sem botnvörpu með seiðaskilju. Svæðislokanir eru mikið notaðar til að vernda ungfisk; í viðbót við lokanir samkvæmt reglugerðum. Þeim er beitt þegar eftirlitsmenn Fiskistofu, stjórnendur rannsóknarferða Hafrannsóknarstofnunar eða starfsmenn Landhelgisgæslunnar verða varir við að magn ungfisks er meira en viðmiðanir sem ráðherra hefur sett samkvæmt tillögum

Hafrannsóknarstofnunar. Tilkynningu um þetta ber þeim að senda til Hafrannsóknastofnunar sem getur bannað veiðar á tilteknum svæðum í 14 daga. Slíkar skammtímalokanir taka gildi um leið og þær hafa verið tilkynntar strandstöðvum og þeim útvarpað. Fjöldi skammtímalokana sem settar hafa verið á árunum 1990-2008 eru settar fram á eftirfarandi súluriti.



Auk svæðislokana eru ýmsar fiskveiðar bannaðar á ákveðnum tímum. Til dæmis er fiskveiðitímabilið fyrir sumargotssíld frá 1. september 2009 til 30. apríl 2010 og botnvörpuveiðar á humri bannaðar frá 1. nóvember 2009 til 15. mars 2010.

#### **svipta skip leyfi til fiskveiða, tímabundið eða til frambúðar.**

Í svari við spurningu 13:29 (g) Eru tiltekin brot sem geta varðað sviptingu veiðileyfis, þ.e. veiðar fram yfir kvóta eða önnur brot.

#### **(b) Aðgengi að auðlindum**

**Lýsið kerfi við skráningu, og samanburð upplýsinga um veiðar. Sérstaklega:**

**- Á hverju byggja gögnin? Er veiðidagbókakerfi í notkun? Er það fært á pappír og/eða rafrænar bækur? Er afli skráður sem óslægður eða unninn fiskur? Eru notaðir umreikningsstuðlar?**

Allur landaður afli er veginn af viðurkenndum veganda og skráður í gagnagrunn Fiskistofu í löndunarhöfn (GAFL gagnagrunnur). Öll gögn um landaðan afla berast því Fiskistofu á rafrænu formi um leið og vigtun er lokið. Fiskistofa birtir þessar upplýsingar á vefsvæði sínu þar sem það er öllum aðgengilegt. Magn aflans er skráð eftir ástandi þegar það er vegið (landað) og stuðst við umreikningsstuðla þegar það á við til umreikna í þunga óslægðs fisks. Stjórnendur fiskiskipa verða að halda veiðidagbók og skrá þar aflamagn daglega; magn sem skráð er í veiðidagbók miðast við óslægðan fisk. Í undirbúningi er að taka upp rafrænar

veiðidagbækur og nú þegar skráir um það bil 15-20% flotans á rafrænan hátt, aðrir skrá á pappír og þær upplýsingar eru síðan færðar inn í gagnagrunn.

**- Hvaða tækni er notuð við að bera saman magn sem tilkynnt hefur verið við það magn sem landað er?**

Fiskverkendur og fiskmarkaðir afhenda Fiskistofu mánaðarlegar skýrslur um innvígtað magn til vinnslu og ráðstöfun aflans í mismunandi verkunartegund. Í þeim koma fram upplýsingar um fiskiskip, dagsetningar löndunar og magn, verðmæti og nýtingu aflans. Magntölurnar eru byggðar á ástandi aflans og umreikningsstuðlar eru notaðir til að umreikna í óslægðan fisk. Þessar upplýsingar berast ýmist rafrænt eða á pappír og eru skráðar inn í gagnagrunn. Það magn sem fiskverkendur fá af tilteknu skipi er borið saman við skráningarkerfi Fiskistofu. Skipstjórnendur verða að útskýra allt ósamræmi.

**- Lýsið einnig gildandi kerfi til að bera gögn um afla saman við upplýsingar annars staðar frá.**

Þegar afli er fluttur til endanlegrar vigtunar erlendis, eru lagðar fram rafrænar áætlanir ásamt upplýsingum um skipið, dagsetningu löndunar, fisktegun og magn. Uppboðsmarkaðir sem Fiskistofa hefur samþykkt sjá um lokavigtun aflans og senda Fiskistofu rafræna sölukvittun. Upplýsingar um magn í áætluninni og selt magn (og fisktegun) eru bornar saman og skipstjórnendur þurfa að útskýra allt ósamræmi. Eftirlitsmenn taka saman magn fisks sem fluttur hefur verið í ákveðið hlutfall gáma, sbr. viðeigandi verklýsingu hvað þetta varðar, og eftirlitsmenn Fiskistofu á mörkuðum erlendis telja saman það sem úr gámunum kemur. Í þeim tilvikum þegar þörf er á sérstakri rannsókn þá eru þessar upplýsingar bornar saman við upplýsingar í leiðabókum skipsins. Þetta er hins vegar ekki gert reglulega, aðeins ef sérstakt tilefni þykir til þess. Auk þessa safna eftirlitsmenn Fiskistofu upplýsingum á staðnum sem hægt er að bera saman við áður nefndan gagnagrunn.

**- Lýsið því kerfi sem er notað til eftirlits með hvalveiðum.**

Þau skip sem hafa leyfi til hvalveiða verða að senda skýrslu til Fiskistofu um leið og dýr hafa verið veidd. Fiskistofa gefur út nauðsynlegar upplýsingar um fjölda veiddra dýra og tilkynnir veiðileyfishöfum þegar þeir eru að nálgast hámarks fjölda.

Samkvæmt íslenskum reglum verður að skrá allan aukaafli sjávarspendýra í veiðidagbók en engar sérstakar reglur takmarka meðafli af sjávarspendýrum.

**(c) Eftirlit með fiskiskipum****Lýsið eftirliti með fiskiskipum og þar á meðal stjórnstöð eftirlits með fiskveiðum.**

Öll skip sem fá úthlutað veiðileyfi í atvinnuskyni bæði innan og utan efnahagslögsögu Íslands eru búin sjálfvirkum staðsetningartækjum sem senda sjálfkrafa upplýsingar til Vaktstöðvar siglinga (VSS), Fiskistofu og Landhelgisgæslunnar, í það minnsta á klukkustundar fresti, varðandi staðsetningu, stefnu og hraða skipsins. Skipum er óleyfilegt að halda úr höfn án staðfestingar frá upphafi til VSS að staðsetningartæki séu um borð og starfi eðlilega. Upplýsingar frá slíkum tækjum verða að berast strax og skipið siglir úr höfn og mega ekki hætta fyrr en skipið er lagst að bryggju til að landa afla sínum.

Ef sjálfvirkt staðsetningartæki bilar í veiðiferð verður að tilkynna VSS það samstundis. Tækið ber að gera við eins fljótt og hægt er, og ekki síðar en innan 30 daga. Skip mega ekki fara úr höfn ef staðsetningartæki virka ekki nema með sérstöku leyfi frá Vaktstöðinni. Ef slíkt gerist verður að tilkynna staðsetningu, stefnu og hraða með öðrum hætti á sex tíma fresti.

Vaktstöð siglinga er staðsett í aðalstöðvum Landhelgisgæslunnar og hefur ferns konar hlutverk. Það er fjarskiptamiðstöð fyrir skip Landhelgisgæslunnar og eftirlitsflugvélar, stjórnun björgunaraðgerða og tengiliður í allsherjar öryggiskerfi landsins; vaktstöð siglinga og fiskveiða; og móttökustöð tilkynninga frá erlendum skipum sem sigla um íslenska lögsögu og koma við í íslenskum höfnum samkvæmt Schengen samkomulaginu og öryggi til sjós.

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar svarar öllum fyrirspurnum varðandi svæðislokanir, leyfð veiðarfæri og tæki og annað sem snýr að fiskveiðum og fjölda annarra spurninga. Það er einnig sameiginleg stöð fyrir leitar- og björgunaraðgerðir á íslenskum hafsvæðum. Stöðin samhæfir og þjónar öllum aðgerðum Landhelgisgæslunnar. Hún fær tilkynningar frá erlendum fiskiskipum sem hafa leyfi til veiða í íslensku efnahagslögsögu, vinnur með hafnaryfirvöldum varðandi öryggi á sjó og í höfnum, útvarpar upplýsingum um skammtíma lokanir veiðisvæða og einnig veðurspám og veðurlýsingum til sjófarenda á föstum tímum í gegnum fjarskiptakerfi stöðvarinnar.

Öll íslensk fiskiskip eru skyld til að taka þátt í tilkynningakerfinu sem starfar hjá vaktstöð Landhelgisgæslunnar. Stöðin er miðpunktur samskipta þar sem öllum upplýsingum sem tengjast sjóferðum er safnað saman og þær notaðar við allsherjar eftirlit, en einnig veiðieftirlit, öryggis- og björgunaraðgerðir.

Erlend skip sem hafa leyfi til veiða innan íslensku efnahagslögsögunnar verða að gangast undir sérstakar kröfur um upplýsingagjöf. Þau þurfa að tilkynna um komu inn í lögsöguna, daglegan afla og brottför úr lögsögunni. Skip frá Grænlandi, Færeyjum, Noregi og Rússlandi verða að gangast undir kröfur um eftirlit með skipum, en samkvæmt því verður það land sem skipið er skráð í að senda sjálfvirkar upplýsingar um staðsetningar að minnsta kosti á tveggja klukkustunda fresti eða oftár meðan skipið er innan efnahagslögsögu Íslands. Öðrum skipum er skylt að tilkynna staðsetningu reglulega meðan þau eru innan lögsögunnar.

Vaktstöð fiskveiða hjá Landhelgisgæslunni er opin 24 tíma á sólarhring, 7 daga vikunnar, og er staðsett innan sameiginlegrar stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar, sjóferðaeftirlitsins og einnig Samræmingarstöðvar sjóbjörgunarveita.

**(d) Markaðseftirlit og -stjórnun, þar á meðal rekjanleiki sjávarafurða**

**Lýsið því kerfi sem til er og ætlað að tryggja**

- **Rekjanleika sjávarafurða, úr sjó til neytanda (forsendur markaðssetningar og einnig vegna eftirlits). Reglur um sölu sjávarafurða (við skipshlið, á uppboðsmörkuðum, í smásöluverslunum, í stórmörkuðum).**

Allur afli er veginn á hafnarvog af viðurkenndum vigtunarmanni sem gefur út kvittun fyrir hverja einstaka vigtun. Í þeim koma t.d. fram upplýsingar um veiðiskipið, dagsetningu löndunar og veiðarfæri. Ökumaður flutningatækis sem flytur aflann fær afrit af kvittuninni sem verður að afhenda þeim sem tekur við eða kaupir aflann, hvort sem aflinn er sendur til verkunar eða endursölu, þar á meðal kaup á afla beint frá eigin skipi. Kaupandinn verður síðan að skila Fiskistofu, í sérstakri skýrslu, upplýsingum um allan þann afla sem fenginn er frá hverjum seljanda fyrir sig. Kaupandinn verður síðan að afhenda Fiskistofu aðra mánaðarlega skýrslu um ráðstöfun afls sem keyptur var í mismunandi vinnslu, í samræmi við vigtað heildar magn. Í skýrslunni um ráðstöfunina þurfa að koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- Kaupandi
- Fyrirtæki
- Ástand aflans (slægður, hausður, ísaður, heilfrystur)
- Fisktegund
- Magn af hverri tegund
- Birgðir við upphaf tímabils
- Keyptur fiskur á tímabilinu
- Sala á óunnum fiski; a) til fiskverkunar, b) til útflutnings í gámum, c) til útflutnings með flugvélum
- Sala til innlendrar neyslu
- Birgðir við lok tímabils

Ef kaupandi aflans selur hann aftur í heilu lagi eða að hluta verður að skila skýrslu þar sem fram kemur nafn og auðkenni kaupandans, afhendingardagur, fisktegund, magn og ástand aflans við sölu.

Varðandi þetta, sjá einnig Spurningu 13:29 (b) að ofan.

Afla má aðeins vinna af aðilum sem hafa vinnsluleyfi sem eru tölusettt fyrir hvern og einn. Leyfin eru gefin út af Matvælastofnun Íslands (MAST) til fiskverkenda sem uppfylla öll útgefin skilyrði. Öll framleiðsla fiskverkunarfyrirtækja verður að vera merkt með númeri vinnsluleyfis. Fyrir bragðið er hægt að rekja framleiðsluna frá neytanda til vinnslu og þaðan til einstakra skipa og veiðiferðar (dagsetning löndunar). Ekki er eftirlit með sölu afla eða vinnslu á löndunarstöðum þar eð slíkt tíðkast ekki og allur afli er veginn á hafnarvigt við löndun eins og áður er lýst. Svárið við Spurningu 13:29 (b) lýsir eftirliti Fiskistofu varðandi afla sem seldur er á mörkuðum erlendis. Vigtun og skráning aflans verður að vera viðurkennd samkvæmt reglum um stjórnun íslenskra fiskveiða. Ennfremur er hægt að rekja aflann rafrænt frá löndun til kaupanda samkvæmt lýsingu í annarri málsgrein svars við Spurningu 13:29. Eftirlit með smásölum og stórmörkuðum er byggt á skoðun upplýsinga í Spurningu 13:10 hér að ofan.

#### **(e) Stjórnun á veiðigetu**

**Lýsið því kerfi sem er í notkun til hafa eftirlit með skráðri veiðigetu (t.d. stærð og afl skips) og eftirliti með afskráningu fiskiskipa. Hver sér um skráningu skipa.**

Beinar reglur um veiðigetu fiskiskipa hafa litla merkingu í stjórnkerfi fiskveiða á Íslandi. Eins og bent er á að ofan byggir kerfið fyrst og fremst á úthlutun aflakvóta en sem var ætlað að draga úr veiðigetu flotans og tryggja að hann verði hagkvæmni veiða og fjárhagslega skilvirkni í samræmi við framleiðslugetu fiskistofna. Hins vegar eru nokkrar mikilvægar reglur innan ramma fiskveiðistjórnunarkerfisins þar sem stærð og veiðigeta skipanna skiptir máli. Í lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands er vísað til aflvísa, byggt á reiknuðum aflvísunum. Sé skip búið skráfuhring er aflvísir þess reiknaður þannig:  $HÖ \times \text{PS}$ . Sé skip ekki búið skráfuhring er aflvísir þess reiknaður þannig:  $0,60 \times HÖ \times \text{PS}$ .  $HÖ$  merkir hér skráð afl aðalvélar skipsins í hestöflum,  $\text{PS}$  merkir þvermál skráfu í metrum.

Siglingastofnun heldur skrá um aflvísa fiskiskipa sem nota botnvörpu, flotvörpu og dragnót og skal hún notuð sem grundvöllur viðeigandi útgefinna veiðileyfa. Þar sem vísað er til lengdar skipa skal miðað við hámarks lengd samkvæmt mælingum Siglingastofnunar.

Siglingastofnun ber ábyrgð á skoðun skipa, hún gefur út haffærnissskírteini og heldur skrá yfir öll íslensk fiskiskip með upplýsingum um brúttólesta stærð þeirra, aflvísi og hámarks lengd.

**(f) Heimildir eftirlitsmanna**

- Lýsið valdheimildum eftirlitsmanna (eða annars valdhafa sem ber ábyrgð á eftirliti og skoðun) og aðgengi þeirra að skipum og gögnum
- Lýsið heimildum veiðieftirlitsmanna til að framfylgja lögum og reglum er lúta að fiskveiðistjórnun (þar á meðal heimild til að gera veiðarfæri og/eða afla upptækan, að afturkalla veiðileyfi), sölu og markaðsreglum (lágmarks stærð fyrir viðskipti, kröfum um merkingar). Hvað varðar þessar síðastnefndu reglur, gerið grein fyrir heimildum eftirlitsaðila. ( möguleikar á að taka framleiðslu af markaði, sektir, afturköllun sölu, vinnslu og /eða markaðsleyfa).

Ákvæði um heimildir eftirlitsmanna Fiskistofu er að finna í lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar. Einnig eru í lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands mikilvæg ákvæði hvað þetta varðar.

Fiskistofa hefur það hlutverk lögum samkvæmt að hafa eftirlit með því að lögum og reglum um fiskveiðistjórnun sé framfylgt. Í þeim tilgangi er eftirlitsmönnum Fiskistofu heimilt að fara um borð í skip til að skoða afla þess og veiðarfæri. Þegar eftirlitsmenn eru um borð í skipum í veiðiferðum er skipstjórum skylt að sjá þeim fyrir aðstöðu um borð til að gera þeim kleift að fylgjast með veiðum, afla og veiðarfærum. Eftirlitsmenn hafa einnig aðgang að allri vinnslusölum fiskverkana og birgðageymslum, flutningatækjum og aðstöðu þar sem sjávarafli er veginn.

Eftirlitsmaður Fiskistofu sem er um borð í fiskiskipi getur óskað eftir því að skipstjóri láti kasta eða leggi veiðarfæri á tilteknu svæði í tilraunaskyni, enda hafi hann rökstudda ástæðu til að ætla að önnur skip séu að stunda skaðlegar veiða á svæðinu. Eftirlitsmaður um borð í erlendu skipi getur ennfremur farið fram á að skipstjórinn dragi inn veiðarfærin og sigli á annan stað ef meðafli skipsins fer yfir ákveðin viðmiðunarmörk.

Eftirlitsmenn Fiskistofu hafa ekki lögregluvald. Ef þeim er neitað um aðgengi að fiskiskipi, fiskverkun geta þeir leitað liðsinnis lögreglu eða fengið Landhelgisgæsluna sér til aðstoðar.

Landhelgisgæslan er vopnuð löggæslustofnun og hefur löggæsluvald innan íslensku efnahagslögsögunnar. Hún hefur heimild til að handtaka menn og færa skip til hafnar, með valdi ef það reynist nauðsynlegt. Landhelgisgæslan fer einnig með tiltekið eftirlit í umboði NEAFC, og hefur eftirlit og framkvæmir skoðanir á þeim svæðum sem falla undir reglugerðir NEAFC. Tekið skal fram að þegar skoðunarmenn Landhelgisgæslunnar fara um borð í skip innan íslensku efnahagslögsögunnar framkvæma þeir fjölda skoðana auk þess að skoða afla og veiðarfæri. Þar er um að ræða skoðun á öryggisbúnaði, skjölum og vottorðum skips og áhafnar.

**(g) Löggjöf og meðferð brotamála**

**- Lýsið gildandi kerfi hvað varðar beitingu viðurlaga og eftirfylgni brotamála á sviði fiskveiðistjórnunar.**

**- Lýsið því kerfi sem notað er til að meta áhrif viðurlaga.**

Viðurlög við brotum gegn lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, reglum sem settar eru á grundvelli þeirra og ákvæðum leyfa eru sektir allt að 4.000.000 króna fyrir fyrsta brot og allt að 8.000.000 fyrir endurtekin brot, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Tilvik þar sem um er að ræða alvarleg eða endurtekin ásetningsbrot geta ennfremur varðað allt að sex ára fangelsisvist.

Í lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar er kveðið á um viðurlög við brotum gegn ákvæðum laga um vigtun og skráningu sjávarafla. Þar segir að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, afturkalla leyfi til vigtunar sjávarafla og afturkalla heimilda erlendra uppboðsmarkaða til að taka við afla íslenskra fiskiskipa sem ekki hefur verið endanlega vigtaður og skráður. Ákvarðanir Fiskistofu eru kærnanlegar til Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins innan eins mánaðar frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Það frestar þó ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.

Svipting veiðileyfis vegna minniháttar brots skal ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf þegar um fyrsta brot er að ræða. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár. Við fyrsta minniháttar brot skal þó ljúka máli með því að Fiskistofa sendi skriflega áminningu til útgerðar viðkomandi skips.

Þegar brotið er gegn lögum og reglum um vigtun sjávarafla skal Fiskistofa afturkalla leyfi til vigtunar sjávarafla. Aðili fær ekki leyfi að nýju fyrr en átta vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis. Ef leyfi vigtunarleyfishafa hefur ítrekað verið afturkallað skal honum ekki veitt slíkt leyfi á ný fyrr en 16 vikur eru liðnar frá því að leyfið var síðast afturkallað. Ef brotið er gegn reglum þannig að bersýnilega leiði til þess að afli verði ranglega skráður skal leyfi ekki veitt að nýju fyrr en 26 vikur eru liðnar frá afturköllun leyfisins, en heimavigtunarleyfi skal þó ekki veitt aðila fyrr en eitt ár er liðið frá afturköllun fyrra leyfis.

Lögin gera einnig ráð fyrir beitingu viðurlaga ef skip veiðir afla umfram heimildir sínar. Hér er annars vegar um að ræða um að ræða beitingu viðurlaga og þvingunaraðgerðir til að knýja útgerðaraðila til að leiðrétta aflastöðu skips. Ef skip verður uppvíst að veiðum umfram heimildir sendir Fiskistofa útgerðinni og skipstjóra viðkomandi skips tilkynningu þar að lútandi með símskeyti. Þar er upplýst að skipið verði svipt veiðileyfi frá og með fjórða degi hafi fullnægjandi aflaheimildir ekki verið fluttar á skipið innan þess tíma. Svipting veiðileyfis gildir þar til nægar aflaheimildir hafa verið fluttar á skipið.

Hafi aflaheimildir skips ekki verið leiðréttar fyrir lok fiskveiðiárs skal Fiskistofa, auk sviptingu veiðileyfis, leggja á útgerðina gjald vegna ólögðs sjávarafla til jafns við verðmæti þess afla sem veiddur var umfram heimildis.

Í málum sem að ofan eru greind geta aðilar ávallt leitað réttar síns fyrir dómstólum en það frestar þó ekki réttaráhrifum ákvarðananna.

#### **(h) Notkun nýrrar tækni**

**Lýsið notkun nýrrar tækni, þar á meðal rafrænum afladagbókum, í tengslum við eftirlitskerfi með skipum (VMS), og öðrum kerfum til að staðsetja skip (VDS), réttarrannsóknarlegum, þar á meðal erfðafræðilega greiningu fiskafurða, o.sfrv.**

Skipstjórar fiskiskipa sem fengið hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni skulu halda rafræna afladagbók, sem Fiskistofa sér þeim fyrir, með upplýsingum um afla skipsins. Þær upplýsingar sem á að skrá í afladagbókina, form þeirra, og afhending til Fiskistofu eru settar í reglugerð. Fiskistofa sviptir skip veiðileyfi ef afladagbókum er ekki er skilað á tilsettum tíma. Svipting veiðileyfis gildir þar til afladagbók hefur verið skilað til Fiskistofu eða gefnar fullnægjandi skýringar á ástæðum þess að upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram.

Útgerðum hefur verið heimilað að nota rafrænar afladagbækur frá árinu 1999 í samræmi við reglugerð nr. 557/2007. Skyld verður að nota rafrænar afladagbækur í öllum fiskiskipum eftir 31. desember 2009.

Upplýsingar úr afladagbókum eru notaðar af Hafrannsóknastofnuninni í vísindalegum tilgangi og einnig við eftirlit Fiskistofu og Landhelgisgæslunnar. Sjá einnig Spurningu 13:29 (b).

Öll fiskiskip sem fengið hafa veiðileyfi innan eða utan efnahagslögsögunnar eiga að hafa um borð sjálfvirk staðsetningartæki sem senda upplýsingar til Vaktstöðvar siglinga, Fiskistofu og Landhelgisgæslunnar í það minnsta á klukkustundar fresti þar sem kemur fram staðsetning, stefna og hraði skipsins. Skip mega ekki halda af stað til veiða fyrr en Vaktstöðin hefur staðfest að staðsetningartæki sé um borð og vinni sem ætlast er til. Sendingar slíkra tækja skulu hefjast um leið og skipið leggur úr höfn og ekki hætta fyrr en skipið er komið aftur til hafnar til löndunar afla.

Ef sjálfvirka staðsetningartækið bilar í veiðiferð verður að tilkynna Vaktstöðinni það samstundis. Gera skal við tækið svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en 30 dögum eftir að það bilaði. Skip má ekki fara úr höfn ef sjálfvirka staðsetningartækið vinnur ekki sem skildi nema með sérstöku leyfi Vaktstöðvarinnar. Þegar svo stendur á verður að senda Vaktstöðinni tilkynningar með sex klukkustunda millibili, með öðrum hætti, þar sem fram koma staðsetning, stefna og hraði skipsins. Sjá einnig Spurningu 13:28(c).

Upplýsingum frá sjálfvirkum staðsetningartækjum er hlaðið inn á Google Earth umhverfiskerfi á vefnum. Skyndilokanir og svæðalokanir samkvæmt reglugerðum eru einnig birtar þar og þannig er hægt að sjá hvort einhverjar líkur eru á að skip séu á þeim svæðunum og með áætlun um hraða skipsins og hvort mögulegt sé að það sé að stunda veiðar.

Vegna reglna um ráðstafanir vegna línuveiða er staðsetningarkerfið notað til að athuga hvort lengd veiðiferðar sé í samræmi við tímatakmarkanir, þ.e. 24 stundir, og að aflanum sé landað í sömu höfn og skipið sigldi frá. Upplýsingar úr sjálfvirkri símaþjónustu Fiskistofu og úr staðsetningarkerfinu eru bornar saman til að kanna hvort skipið hafi fullnægt tilkynninga-skyldu sinni og öðrum skilyrðum í tengslum við línuveiðar.

Í aflaskráningarkerfi Fiskistofu er afli skipa sem landa í íslenskum höfnum skráður í rauntíma. Eftirlitsmenn geta fylgst með löndun afla úr fiskiskipi jafnframt því að athuga hvort aflinn sé rétt skráður í aflaskráningarkerfið.

VDS-kerfið hefur verið notað frá 2001 í gagnkvæmu sambandi við upplýsingar úr VMS-kerfinu. Þetta hefur verið gert í samvinnu við sameiginlega rannsóknarstöð Evrópusambandsins.

Ný eftirlitstækni hefur nú verið tekin í notkun við eftirlit á hafinu með nýrri flugvél sem búin er háþróaðri tækni. Samsetning myndar af yfirborðinu hjá höfuðstöðvunum er stöðugt borin saman við upplýsingar í skynjurum flugvélarinnar og þannig er athyglinni beint að þeim skipum sem ekki hafa gefið upp staðsetningu sína og hvort staðsetning þeirra sé röng.

Upplýsingar úr ratsjám eru auknar með sjálfvirku staðsetningarkerfi (AIS) móttakara í flugvélinni og innrauðum myndavélum (TV/IR) við notkun bæði að degi og að næturlagi.

Með þessum aðferðum er hægt að stunda eftirlit á hafsvæðum úr meiri hæð en áður sem aftur þýðir víðara svæði sem ratsjá og myndavélar ná til.

### **30. Eftirlit með ólöglegum veiðum skipa utan EES svæðisins.**

#### **(a) Erlend fiskiskip**

##### **- Hvernig eru erlend fiskiskip skilgreind með tilliti til aðgengis að íslenskum höfnum eða skoðunar í höfn eða á sjó?**

Öll fiskiskip sem ekki eru skráð á Íslandi og finnast ekki í skipaskrá Siglingastofnunar teljast erlend skip.

Öll erlend fiskiskip (þau sem ekki sigla undir íslenskum fána) sem koma inn í efnahagslögsöguna og sigla inn á íslenskar hafnir verða að tilkynna komu sína með minnst 6 klukkustunda fyrirvara áður en þau sigla inn í lögsöguna. Í tilkynningunni skal koma fram staðsetning þeirra og hvenær þau sigla inn í lögsöguna, hvaða höfn þau ætla til og hver er áætlaður komutími, tilgangur siglingar í höfn, hvaða tegundir afla eru um borð og hvar þau hafa verið að veiðum. Sjá einnig Spurningu 13:29 (c) og 74.

Þessar upplýsingar eru einnig notaðar þegar skipin eru skoðuð í höfn. Eftir ástæðum eiga við reglur um hafnriksáeftirlit (e. Port State Measures), Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NAFO).

**- Hvernig eru reglur um aðgengi erlendra skipa að íslenskum höfnum sem og skoðun erlendra skipa? Vinsamlega útskýrið.**

Öll erlend skip sem stefna að viðkomu í íslenskum höfnum verða að tilkynna Landhelgisgæslunni það áður en þau sigla inn á íslenskt hafsvæði. Skip sem eru á lista svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarsamtaka yfir skip sem stundað hafa ólöglegar fiskveiðar (e. IUU) mega ekki sigla inn á íslensk hafsvæði nema í neyðartilvikum, t.d. ef um bilun er að ræða sem gæti varðað öryggi skipsins eða alvarlega slasaðan skipverja. Óleyfilegt er að sjá skipinu fyrir vistum eða eldsneyti. Hvað þetta varðar, sjá lög nr. 22/1998 um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og svar við Spurningu 13:69.

Ef skip er ekki frá EES-landi og ætlar að landa eða umskipa afla eða sjávarafurðum í íslenskri höfn, fellur það undir reglur ESB sem Ísland hefur tekið upp í löggjöf sína og fylgt er að öllu leyti. Slík skip mega aðeins koma til hafna þar sem viðurkenndar landamærastöðvar eru fyrir hendi.

Í viðbót við að taka upp allar ESB reglur sem snúa að aðgengi að höfnum og eftirliti hefur Ísland einnig tekið upp og notað þær reglur sem teknar hafa verið upp af NEAFC og NAFO varðandi hafnríkjaeftirlit (PSM) til að berjast gegn ólöglegum veiðum.

Samkvæmt reglum varðandi löndun/umskipun er það skilyrði hvað varðar erlend skip sem koma frá NEAFC og NAFO veiðisvæðum að þau verða að senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þrem dögum fyrir áætlaða komu. Landhelgisgæslan samþykkir síðan komuna (svo framarlega sem allt er í lagi) ef hún er samþykkt af ríki þessa fána sem skipið siglir undir. Til að hafa eftirlit í höfnum hafa eftirfarandi hafnir verið samþykktar af NEAFC og NAFO: Þorlákshöfn, Hafnarfjörður, Reykjavík, Grundarfjörður, Bolungarvík, Ísafjörður, Akureyri og Húsavík. Allar hafnirnar eru viðurkenndar landamærastöðvar nema Grundarfjörður og Bolungarvík.

Í þessu sambandi skal einnig bent á Spurningu 13:69.

**(b) Innflutningur á sjávarafurðum**

**Lýsið kerfi í notkun sem ætlað er að sannreyna að sjávarafurðir sem ætlunin er að flytja inn til Íslands séu í samræmi við viðeigandi verndunar- og stjórnunarreglur. Þar á meðal framkvæmd varðandi staðla og áhættustýringarmælikvarða í tengslum við athugun á skjölum og öðrum sannprófunum og einnig refsiramma við brotum.**

Eins og lýst er að ofan hefur Ísland tekið upp og framfylgt öllum viðeigandi ESB reglum um innflutning á sjávarafurðum. Vísað er til fullyrðinga í (a) að ofan og svars við Spurningu

13:69. Á Íslandi er einnig unnið að því að koma í framkvæmd ESB reglugerð nr. 1005/2008 og mun hún taka gildi 1. janúar 2010.<sup>13</sup>

**(c) Aðgerðir gegn skipum sem stunda ólöglegar fiskveiðar (IUU) og landa sem ekki taka þátt í aðgerðum gegn þeim**

**- Lýsið þeim reglum sem í gildi eru til að bregðast við ólöglegum fiskveiðum sem og þeir aðgerðum sem beitt er í viðskiptum við lönd sem ekki virða slíkar reglur.**

Á Íslandi tengjast allar upplýsingar um siglingar saman á einum stað (FMC). Þar af leiðir að öllum upplýsingum um siglingar innan íslensku efnahagslögsögunnar, svo og beiðnum um komu í hafnir er safnað og þær kannaðar á einni starfstöð. Þetta er samvinnustofnun um eftirlit með fiskveiðum, eftirlit með skipum vegna fiskveiðistjórnun, einnig öryggisverkefni, AIS eftirlit, þjónustu vegna skipaferða, GMDSS strandstöðvar, verk Landhelgisgæslunnar og samhfingarstöð björgunar á sjó.

Öll þekkt skip sem eru að ólöglegum veiðum (IUU) eru skráð fyrirfram í gagnagrunn í stöðinni þar sem allar tilkynningar eru skráðar og varðveittar. Tilkynningu er ekki hægt að skrá inn í gagnagrunninn fyrr en skipið hefur áður verið skráð þar. Ef tilkynning berst frá áður þekktu IUU skipi fær starfsmaðurinn strax viðvörðun þegar auðkenni skipsins er skráð. Í framhaldinu er skipinu neitað um aðgengi og/eða löndun í íslenskum höfnum í samræmi við skráningu skipsins á IUU lista.<sup>14</sup>

Afrit af sérhverri tilkynningu er sent sjálfvirkt til allra viðeigandi skrifstofa og til hafnarstarfsmanna. Ef skip er á NEAFC IUU A lista (þ.e. lista yfir skip sem stundað hafa ólöglegar fiskveiðar) er það skýrt aðgreint í tilkynningunni þar eð viðkomandi skip má ekki fá neina þjónustu en skal rannsakað.

Kerfið á Íslandi er samþætt sem gerir snögg viðbrögð við skipum sem stunda ólöglegar veiðar möguleg og tryggir að þau skip fái ekki þjónustu en er neitað um aðgang að höfnum eftir því sem við á.

Listar yfir skip sem stundað hafa ólöglegar fiskveiðar, s.k. IUU listar eru einnig sendir til eftirlits- og skoðunarstaða þar sem þeir eru teknir inn í gagnagrunn viðkomandi staðar þannig að viðvörðun birtist samstundis ef skráð er tilkynning um slíkt skip. Ennfremur eru allar tilkynningar um skip sem skráð eru inn í gagnagrunninn borin sjálfkrafa saman við síðustu tilkynningu frá því skipi og síðustu þekktu staðsetningu þess. Einnig fer fram sjálfvirk athugun á heimildum skipsins, bæði innan íslensku lögsögunnar og á alþjóðlegum hafsvæðum eftir því sem við á.

<sup>13</sup> Reglugerð Evrópuráðsins nr. 1005/2008 frá 29. september setur upp sambandskerfi til að koma í veg fyrir, hindra og útrýma ólöglegum, óskráðum og óstýrðum fiskveiðum. UM er að ræða viðauka við ESB reglugerðir nr. 2847/93, 1936/2001 og 601/2004 og fellir úr gildi ESB reglugerðir nr. 1093/94 og 1447/1999.

<sup>14</sup> Athugið kerfi fyrir IUU A og IUU B hjá NEAFC, sjá [www.neafc.org](http://www.neafc.org)

**- Lýsið innleiðingu í innlenda löggjöf samþykktum frá svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum varðandi skip sem stunda ólöglegar veiðar og aðgerðum gegn lönd sem ekki hafa innleitt slíkar samþykktir**

Ef samþykktir svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarsamtaka krefjast breytinga á löggjöf leggur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fram frumvarp til laga, eða breytingar á reglugerðum sem gera íslenskum yfirvöldum kleift að standa við alþjóðlegar skuldbindingar .

Lög nr. 22/1998 um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands taka á þessu.

Samkvæmt þriðju grein laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998, mega erlend skip landa eigin afla, umskipa honum og selja hann í íslenskum höfnum, og geta fengið þar alla þá þjónustu sem nauðsynleg er til að nýta skipið.

Þriðja greinin hljóðar svo:

Erlendum skipum, sem stunda veiðar eða vinnslu á afla úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og sem íslensk stjórnvöld hafa ekki gert milliríkjasamning um nýtingu á, er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. óheimilt að koma til íslenskra hafna. [Sama gildir um erlend skip sem stunda veiðar eða vinnslu á afla sem brýtur í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að, þar með talið skip sem hafa verið skráð hjá svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum, og sigla ekki undir fána aðildarríkja þeirra, fyrir brot gegn reglum settum á grundvelli slíkra samninga. Komist skip sem um ræðir í þessari málsgrein til íslenskrar hafnar er þeim óheimilt að landa eða umskipa afla í höfn og skal án tafar vísa þeim úr höfn eftir að þau hafa verið skoðuð af eftirlitsaðilum og eftir atvikum veitt neyðaraðstoð. Óheimilt er að veita skipum sem um ræðir í þessari málsgrein, skipum sem flytja afla þeirra, skipum sem þjónusta þau, sem og útgerðum þessara skipa, þjónustu, þar með talið í íslenskum höfnum, í fiskveiðilandhelgi Íslands og utan hennar. Kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum er skylt að láta sjávarútvegsráðuneytinu eða Fiskistofu í té, ókeypis og í því formi sem þessi stjórnvöld ákveða, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd framangreindra ákvæða.]<sup>1</sup>

Ráðherra getur ákveðið að ákvæði 2. mgr. gildi gagnvart skipum ef fánaríki skipsins er ekki aðili að samningi sem gildir um stjórn þeirra veiða sem viðkomandi skip stundar eða fylgir ekki þeim reglum sem settar eru samkvæmt þeim samningi, enda sé Ísland aðili að honum. Þá getur ráðherra ákveðið að ákvæði 2. mgr. taki til erlendra skipa sé slíkt talið nauðsynlegt til verndar lifandi auðlindum hafsins.

Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki rétt erlendra skipa til löndunar, umskipunar eða þjónustu hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að eða gildandi þjóðarétti. Ráðherra er heimilt að víkja frá ákvæði 2.–3. mgr. þegar sérstaklega stendur á. Ákvæði þessarar greinar skerða ekki rétt erlendra skipa til að koma til hafnar þurfi þau á

neyðarþjónustu að halda og heimilt er þeim að leita vars við strendur landsins, enda verði Landhelgisgæslu Íslands tilkynnt um það.

### **31. Lýsið stjórnkerfi og eftirliti með fiskeldi.**

Fiskistofa gefur út vinnsluleyfi vegna fiskeldis og hefur yfirumsjón með starfandi leyfishöfum.

*Yfirumsjón með eldi nytjastofna sjávar:* Starfandi leyfishafar skila mánaðarlegum upplýsingum til Fiskistofu með rafrænni framleiðsludagbók fyrir fiskeldi. Þar koma fram upplýsingar um flutning seiða/fisks í kvíum, magn og fjölda fiska og uppruna þeirra, fôðrun síðastliðinn mánuð (magn og tegund fæðu), og flutning milli kvía sama fyrirtækis (magn og fjöldi). Ennfremur verður að tilkynna Fiskistofu með rafrænu dagbókinni um alla slátrun um leið og hún fer fram, þar á meðal magn, fjölda fiska og hvað verður um framleiðsluna.

Eftirlitsmenn Fiskistofu hafa umsjón með áframhaldandi eldi, þ.e. framleiðslu ungfisks til frekara eldis í fullorðinn fisk.

*Yfirumsjón með eldi ferskvatnsfisks:* Starfandi leyfishafar verða árlega að skila sömu upplýsingum sem talin er upp að ofan varðandi sjávarstofna. Tekið er við skýrslum á pappír en upplýsingarnar eru varðveittar á rafrænu formi. Sérstakar reglur gilda um aðstöðu fiskeldisstöðva með fullalinn fisk / fisk sem er að öllu leti alinn í stöðvunum, og ráðgjafar hafa reglulega verið ráðnir til að gera reglulega úttekt á aðstöðunni.

### **C. Stjórnun fiskveiðiflotans**

#### **32. Er veiðigetu fiskveiðiflotans stjórnað af yfirvöldum? Ef svo er, hver eru markmið þessara stjórnunaraðgerða og hver eru grundvallar sjónarmið sem lögð eru til grundvallar kerfinu?**

Stærð íslenska flotans er ekki stjórnað af opinberum aðilum. Reyndar hefur Hæstiréttur Íslands fellt úrskurð um að öllum haffærum skipum sem sækja um fiskveiðiheimildir skuli úthlutað þeim. Sjá einnig Spurningar 13:21 og 29.

#### **33. Er fyrir hendi sérstök skrá yfir fiskiskip? Hvaða skilyrði þarf skip að uppfylla til að teljast fiskiskip? Hvaða upplýsingar eru skráðar í fiskiskipaskánni?**

Ekki er til sérstök skrá yfir fiskiskip.

Skipaskrá Íslands er vistuð í miðlægu tölvukerfi sem er opið skráðum notendum; Siglingastofnun og sviðstjórar um allt Ísland bera ábyrgð á skráningu veða á skip.

Skilyrði varðandi skipaskrána er að finna í 4. grein Laga nr. 115/1985 um skráningu skipa með síðari breytingum:

„Siglingastofnun Íslands heldur aðalskipaskrá yfir öll skip sem skráð eru samkvæmt lögum þessum. Skráin má vera lausblaðabók.

Aðalskipaskrá skal greina um hvert skip sér:

- Skipaskrárnúmer sem helst óbreytt meðan skipið er skráð á Íslandi
- Nafn
- Einkennisbókstafi (kallmerki)
- Umdæmisbókstafi og tölu
- Heimilisfang
- Gerð og aðalmál
- Smíðastöð og hvenær smíðað
- Hvenær mælibréf er gefið út
- Gerð og stærð aðalvélar
- Fullt nafn og heimilisfang eigenda eða leigutaka samkvæmt 1. gr. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn og skal þá greina hversu mikinn hluta hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er í eign félags eða stofnunar skal greint nafn þess eða hennar, nöfn og heimili stjórnenda og nafn framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra
- Hvar og hvenær eignarskilríki eiganda er út gefið eða eigenda ef fleiri eru en einn
- Skráningardag og ár

Siglingastofnun gefur árlega út skipaskrá yfir íslensk þilskip.“

Í Reglugerð nr. 122/2004 um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri með síðari breytingum er tekið fram að „fiskveiðiskip“ eða „skip“ þýði skip sem hefur útbúnað eða er notað til að veiða fisk, hvali, seli, rostunga eða aðrar sjávarauðlindir í atvinnuskyni.

#### **34. Hvernig er veiðigeta mæld? Vinsamlega lýsið í smáatriðum.**

Veiðigeta íslenska flotans er ekki mæld eða metin af opinberum aðilum þar eð veiðunum er stjórnað með aflamarkskerfi. Hins vegar heldur Siglingamálastofnun skrá yfir stærð flotans, burðargetu og vélarafli eins og greint er frá í smáatriðum við Spurningu 13:37.

**35. Er fiskveiðiflotanum skipt í flokka (t.d. eftir veiðitegundum, veiðarfærum eða skipstærð)? Vinsamlega útskýrið.**

Íslenska flotanum er ekki skipt í mismunandi hluta eða stjórnunarflokka. Á hinn bóginn er fiskveiðistjórnunin byggð á tvenns konar veiðileyfum; aflamarki og krókaleyfum. Krókaveiðikerfið er háð takmörkunum, samkvæmt lögum geta aðeins skip undir 15 brúttótonnum fengið flutt á sig krókaveiðileyfi. Þau skip geta aðeins haft krókaveiðileyfi fyrir tegundir eins og þorsk, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og karfa, og við veiðarnar má aðeins nota handfæri eða línu. Sjá einnig Spurningu 13:17.

**36. Gilda sömu ákvæði um stjórnun veiðigetna minni og stærri báta? Ef svo er ekki, lýsið í smáatriðum.**

Spurningin á ekki við þar eð smábátaveiðum er stjórnað með aflamarkskerfinu. Þó ber að hafa í huga að krókaveiðar eru bundnar við báta undir 15 brúttótonnum að stærð.

**37. Vinsamlega setjið fram nákvæm gögn um stærð flotans eftir flokkum, og tilhneingingu stærðar síðustu 10 ár (fjöldi skipa, burðargeta, afl).**

Tímabil (fiskveiði- ár)	Fjöldi veiðileyfa						
	Afla- heimildir	Hand- færi	Aflamark þorski	Lína, hand-færi	Sóknar- dagar	Krók- veiði-leyfi	Samtals
98-99	920	81	562	7	224		1,794
99-00	907	84	533	7	240		1,771
00-01	883	73	527	6	243	19	1,751
01-02	876				237	631	1,744
02-03	751				333	589	1,673
03-04	655				310	586	1,551
04-05	584				9	846	1,439
05-06	526				1	807	1,334
06-07	507					817	1,324
07-08	480					792	1,272
08-09	459					749	1,208
09-10	432					689	1,121

	<i>Brúttótonn</i>						
Tímabil	Afla-heimildir	Hand-færi	Aflamark í þorski	Lína-hand-færi	Sóknar-dagar	Króka-veiði-leyfi	Samtals
98-99	194,233	332	3,055	36	930		198,587
99-00	183,612	349	2,970	36	1,007		187,974
00-01	190,374	291	3,010	32	1,035	110	194,853
01-02	189,067				1,013	3,499	193,580
00-03	184,290				1,413	3,611	189,313
03-04	169,391				1,326	3,793	174,510
04-05	177,127				38	5,137	182,302
05-06	169,883				5	5,198	175,085
06-07	166,930					5,477	172,407
07-08	161,768					5,447	167,214
08-09	145,701					5,192	150,893
09-10	138,294					4,808	143,102

	kW						
Tímabil	Afla-heimild	Hand-færi	Aflamark í þorski	Lína, hand-færi	Sóknar-dagar	Króka-veiði-leyfi	Samtals
98-99	443,232	6,413	65,541	490	18,536		534,212
99-00	429,276	6,868	67,685	490	21,485		525,804
00-01	442,955	5,520	70,357	543	24,225	2,337	545,935
01-02	437,208				25,109	79,642	541,959
02-03	415,643				35,333	79,213	530,190
03-04	382,128				35,775	81,115	499,019
04-05	380,603				1,857	116,197	498,656
05-06	364,380				257	118,367	483,003
06-07	357,077					122,912	479,990
07-08	345,307					121,298	466,605
08-09	321,620					114,792	436,412
09-10	302,000					106,797	408,797

**38. Fer fram reglulegt mat á veiðigetu og hvort hún er hæfileg til veiða á nýtanlegum auðlindum? Er stærð íslenska veiðiflotans í samræmi við þær aflaheimildir sem honum stendur til boða? Setjið fram nákvæma útskýringu.**

Ekki er lagt mat á veiðigetu flotans þar eð aflamarkskerfi er notað við stjórnun fiskveiða eins og nefnt er í svari við Spurningu 13:34. Vafalaust hefur íslenski fiskveiðiflotinn stærri en þörf er á fyrst hann hefur ekki átt erfitt með að fullveiða úthlutað aflamark undanfarin ár. Framseljanleikinn í aflamarkskerfinu tryggir að ekki er fjárhagslega hagkvæmt að fjárfesta í of stórum flota. Gera verður því ráð fyrir að iðnaðurinn sjálfur bregðist við vandamálum sem skapast af of mikilli veiðigetu á fullnægjandi hátt.

**D. Haglýsing fiskveiðanna****39. Lýsið þróuninni í magni og verðmæti landaðs afla, heildar virðisauka<sup>15</sup> og nettó hagnaði<sup>16</sup> síðustu tíu ár.***Þróun aflamagns, verðmæti fyrstu sölu frá útgerðum<sup>1</sup>*

	<i>Heildarafla í tonnum</i>	<i>Aflaverðmæti í ísl krónum</i>
1999	1,735,344	60,367.8
2000	1,983,528	60,370.8
2001	1,990,853	70,884.8
2002	2,136,973	77,071.4
2003	1,985,672	67,277.7
2004	1,736,765	67,975.1
2005	1,677,352	67,920.1
2006	1,331,789	76,163.3
2007	1,400,550	80,251.5
2008	1,283,078	99,152.5

<sup>1</sup> Frá íslenskum skipum<sup>2</sup> Í tölum um aflamagn er fiskeldi innifalið en verðmæti þess magns liggur ekki fyrir hendi

Eftirfarandi tafla sýnir afkomu fiskveiða samkvæmt upplýsingum frá skattayfirvöldum sem og árgreiðsluaðferð. Vegna mikilla breytinga á gengisskráningu íslensku krónunnar gefur árgreiðsluaðferðin betri lýsingu á afkomu fiskveiða.

<sup>15</sup> Verðmæti landaðs afla mínus gjöld til annara þjónustugreina.<sup>16</sup> Verðmæti landaðs afla mínus allur kostnaður, þ.á.m. afskriftir og vextir.

**Heildar virðisauki og hagnaður***05.01 Fiskveiðar*

Milj.ísl.kr.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
**56. Teljið upp allar tegundir opinbers stuðnings sem nú er veittur til mismunandi undirflokka. Vinsamlegast takið fram hve miklum fjármunum er veitt til hvers flokks, markmiðið, hverjum stuðningur er ætlaður og almenn skilyrði til að geta fengið stuðning. Óskað er eftir nákvæmri upptalningu einstakra atriða:**

Vísað er til Spurningar 13:55 um ríkisstuðning við sjávarútgerð.

**57. Ef veittur er stuðningur til að afskrá skip, gefið til kynna hve mikill árangur var af slíkum aðgerðum í heild síðustu tíu ár og gefið upp hvaða hluta flotans aðgerðum var beint að og hvert markmið aðgerðanna er sem hlutfall af veiðigetu næstu 5 ára.**

Engar niðurgreiðslur hafa verið veittar til að afskrá fiskiskip úr flotanum.

**58. Eru veittar einhverjar niðurgreiðslur til fjárfestinga í skipaflotanum? Ef svo er, vinsamlega skýrið í smáatriðum frá því hvers konar fjárfestingar eru studdar, hámarksgræiðslur á skip og hvers konar skipum aðgerðin beinist að.**

Engar niðurgreiðslur hafa verið veittar til fjárfestinga í fiskveiðiflotanum.

**59. Gefið upp hver opinber stuðningur hefur verið síðastliðin 10 ár við landsvæði sem eru sérstaklega háð fiskveiðum. Vinsamlega lýsið hvernig stuðningur er núna veittur til almennrar þróunar slíkra svæða. Gefið til kynna hvort staðbundnir hópar eru tengdir myndun staðbundinna áætlana sem þiggja stuðning úr opinberum sjóðum og ef svo er hvernig.**

Segja má að allt landið utan höfuðborgarsvæðisins sé sérstaklega háð fiskveiðum. Árið 2007 voru heildaraflaheimildir minnkaðar verulega (um 60.000 tonn á ári næstu tvö ár). Til að minnka neikvæð fjárhagsleg áhrif á þessi svæði innleiddi ríkisstjórnin sérstakar aðgerðir sem var ætlað að ýta undir nýsköpun og fjölgun starfa. Samkvæmt áætluninni átti að veita fénu á þremur árum (2008-2010). Heildarupphæðin sem lögð var í þetta var 6.5 milljarðar ísl. kr. og auk þess var fé til vegaframkvæmda aukið um 4 milljarða og vegaáætlun flutt fram til 2008-2010.

Eins og skýrt er frá við Spurningu 26 í Kafla 22 gegna sveitarstjórnir einnig hlutverki varðandi opinberan stuðning við svæði sem eru háð fiskveiðum. Sveitarstjórnir leggja fram framkvæmdaáætlun að eigin frumkvæði og í tengslum við eigin umræðufundi. Ríkisstjórnin leggur fram fjármuni til vaxtarsamninga á sjö mismunandi svæðum á landinu. Samsvarandi fé er lagt fram af sveitarstjórnnum, mismunandi félögum og einkafyrirtækjum. Vaxtarsamningarinnir leggja fram fé til mismunandi verkefna á sérstökum sviðum innan samvinnu í klösum, og þiggjendur slíkra styrkja leggja fram samsvarandi upphæðir. Menningarsamningar hafa verið

gerðir á átta mismunandi svæðum og sveitarfélög leggja fram jafn mikið fjármagn. Frumkvæðið varðandi vaxtar- og menningarsamningana liggur hjá hverju samfélagi fyrir sig.

Í viðbót við það sem talið er að ofan hafa eftirfarandi áætlanir „til almennrar þróunar svæðanna“ verið tilkynntar Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO):

#### *Almennur stuðningur við þróun svæða*

##### Aðstoð við starfsþróunarverkefni

*Ábyrgt yfirvald:* Byggðastofnun

*Markmið stefnu:* Markmið verkefnanna er að styðja við efnahagslega þróun stuðningssvæða á Íslandi. Verkefni eru lítil og meðal þeirra má nefna atvinnuskapandi verkefni, þjálfun og nýsköpun.

*Fyrirkomulag opinbers stuðnings:* Styrkir til verkefna innan markmiða Laga um Byggðastofnun, nr. 106/1999.

*Upphæð fjárframlags ríkisins:* Heildargreiðslur árið 2008: 173.2 milljónir ísl. kr.

*Reglur og skilyrði:* Verkefnisstyrki má veita til einstaklinga, einkafyrirtækja, svæðisbundinna þróunarfyrirtækja og sveitarstjórna. Styrkir eru háðir skilyrðum sem sett eru fram í leiðbeiningum varðandi ríkisstuðning frá Eftirlitsstofnun EFTA og landakorti um svæðisstuðning sem hefur verið staðfest af Eftirlitsstofnun EFTA.

*Tímatakmörk:* Engin tímamörk eru á verkefninu, upphæðin er ákveðin á fjárlögum hvers árs.

*Lagagrundvöllur:* 10. grein Laga um Byggðastofnun, nr. 106/1999, og fjárlagaliður nr. 11-411.

##### Stuðningur við efnahagsþróun einstakra svæða

*Ábyrgt yfirvald:* Byggðastofnun.

*Markmið stefnu:* Markmið verkefnisins er að styðja svæðisbundin fyrirtæki og fjármagna áhættusöm verkefni sem stuðla að fjölbreytni atvinnulífs og nýsköpun.

*Fyrirkomulag opinbers stuðnings:* Styrkir til að fjármagna verkefni sem styðja við starfsþróun og nýsköpun.

*Upphæð fjárframlags ríkisins:* Heildargreiðslur árið 2008: 106.5 milljónir ísl. kr.

*Reglur og skilyrði:* Samkvæmt lögum um Byggðastofnun, nr. 106/1999, verða framlög að standast reglur sem settar eru af ráðherra iðnaðar- orku- og ferðamála. Þessar reglur hafa enn ekki verið gefnar út. Styrkir eru háðir skilyrðum sem sett eru fram í leiðbeiningum varðandi ríkisstuðning frá Eftirlitsstofnun EFTA og landakorti um svæðisstuðning sem hefur verið staðfest af Eftirlitsstofnun EFTA.

*Tímatakmörk:* Engin tímamörk eru á verkefninu, upphæðin er ákveðin á fjárlögum hvers árs.

*Lagagrundvöllur:* 10. grein Laga um Byggðastofnun, nr. 106/1999, og fjárlagaliður nr. 11-411.

*Viðbótarupplýsingar:* Byggðastofnun hefur vald samkvæmt 11. grein Laga nr. 106/1999 til að veita lán og tryggingar í samræmi við hlutverk stofnunarinnar eins og tilgreint er í lögnum. Lánin og tryggingarnar eru veitt á markaðsforsendum með svipuðum vöxtum og á opnum markaði.

**60. Lýsið áformum um endurheimt kostnaðar, gjalda og skattafrádrætti, félagslegar tryggingar, og hlutverki og þróun þessara aðgerða síðastliðin 10 ár.**

Fiskistofa innheimtir gjöld af útgerðum og hluti þeirra er notaður til að greiða kostnað Fiskistofu. Þessi gjöld er sýnd í töflunni hér að neðan.

## Gjöld greidd af útvegsaðilum til Fiskistofu 1998-2008

Tegund gjalds/Fiskveiðiár	98-99	99-00	00-01	01-02	02-03	03-04	04-05	05-06	06-07	07-08	08-09
Próunarsjóðsgjald fyrir þorskígildi í tonnum	1.200	1.225	1.230	1.230/1.351	1.358/1.441	1.441					
Fiskeftirlitsgjald fyrir þorskígildistonn	166	242	424	1	664	664					
Fiskeftirlitsgjald utan lögsögu fyrir þorskígildistonn	300	300	424	593	664	664					
Fiskveiðigjald fyrir þorskígildiskíló							1,99	1,53	0,91	1,45	0,71
Veiðigjald	14.262	14.940	15.000	16.500	17.500	17.500	17.500	17.500	17.500	17.500	17.500
Lágmarksgjald (fiskeftirlitsgjald/veiðigjald)	2.615	2.670	2.700	2.700	2.700	2.700	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000
Gjald fyrir flutning veiðikvóta			2.000	2.000	2.000	2.000	2.000	2.000	2.000	2.000	2.000
Gjald fyrir flutning veiðihlutdeildar	1730-1770	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800
Dagkostnaður fyrir eftirlit um borð í vinnsluskipi	14.200	14.200	16.500	16.500	16.500	16.500	16.500	16.500	16.500	16.500	16.500
Dagkostnaður fyrir eftirlit um borð á Flæmska hattinum	15.000	15.000	19.500	19.500	19.500	19.500	19.500	19.500*	19.500**	19500**	19500**

Tegund gjalds/Fjárlagaár	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Greitt til Veiðipróunarsjóðs (í þús. kr.)	583.744	580.491	538.138	526.200	632.809	729.537	187.325	-20.534			
Veiðieftirlitsgjald (í þús. kr.)	84.114	114.901	181.997	194.178	302.649	337.162	86.115	-9.462			
Veiðigjald (í þús. kr.)							695.250	755.705	421.120	425.283	180.005
Veiðigjald (í þús. kr.)	37.397	38.177	33.473	36.685	36.527	36.444	37.198	30.993	10.413	9.257	10.482
Vinnsluleyfi (í þús. kr.)	11.140	3.575	3.395	5.065	3.540	4.725	4.840	3.345	2.205	2.225	
Gjöld fyrir flutning veiðikvóta (í þús. kr.)				12.174	20.234	20.780	21.742	23.324	22.154	18.326	16.286
Gjöld fyrir flutning veiðihlutdeildar (í þús. kr.)	1.012	661	1.148	1.425	1.248	1.091	1.519	1.665	1.305	1.067	450
Eftirlit um borð í fiskveiðiskipum (í þús. kr.)	23.893	32.504	34.613	32.522	25.441	28.653	26.956	20.296	20.541	18.483	14.688
	<b>743.298</b>	<b>772.308</b>	<b>794.764</b>	<b>810.250</b>	<b>1.024.450</b>	<b>1.158.392</b>	<b>1.060.945</b>	<b>780.343</b>	<b>477.738</b>	<b>474.641</b>	<b>221.911</b>

Vinnsluleyfi eru nú gefin út og innheimt af Matvælastofnun (MAST)

Efri hluti töflunnar, „Tegund gjalds/Fiskveiðiár“, sýnir grunnupphæð einstakra gjalda. Hvað varðar Þróunarsjóðsgjöld, gjald vegna fiskveiðieftirlits og veiðigjald þá er upphæðin lögð á úthlutað aflamark hvers skips í þorskígildum og lönduðum afla hafi úthlutað aflamark ekki verið fullveiddur á yfirstandandi fiskveiðiári. Þorskígildisstuðlar eru gefnir út fyrir hvert fiskveiðiár með auglýsingu frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Þorskígildi eru reiknuð út sem hlutfall af aflaverðmæti einstakra tegunda eftir stjórnunartakmörkunum og ráðast af aflaverðmæti slægðs þorsks á ákveðnu tímabili. Stuðullinn fyrir þorsk er því alltaf 1,00. Dálkurinn „veiðigjald fyrir þorskígildiskíló“ sýnir að veiðigjald fyrir síðasta fiskveiðiár, 2008-2009, var 0,71 króna fyrir hvert þorskígildiskíló. Heildarveiðigjald á úthlutað aflamark fyrir veiðiárið 2008-2009 er 3,47 krónur á hvert þorskígildiskíló og hefur aldrei verið hærra síðan gjaldið var tekið upp árið 2004. Veiðigjaldið er reiknað út eftir aflaverðmæti tímabilsins frá 1. maí til 30. apríl síðasta árs. Til að ákvarða hagnaðinn er dregið frá því útreiknaður launakostnaður, eldsneytiskostnaður og annar kostnaður. Sérstakt hlutfall (sem stendur 9,5%) hagnaðarins er reiknað og sú upphæð er grundvöllur veiðigjalds næsta fiskveiðiár og er lagt á úthlutun fyrir það ár. Veiðigjaldið er því misjafnt frá ári til árs þar eð það er í fyrsta lagi byggt á afköstum viðkomandi útgerðar og í öðru lagi á úthlutað aflamarks hvers fiskveiðiárs.

Öll skip sem veiða á íslenskum hafsvæðum verða að hafa veiðileyfi um borð í skipinu. Gjaldið fyrir veiðileyfið er 17.500 íslenskar krónur.

Sérstakt gjald er greitt Fiskistofu í hvert sinn sem aflahlutdeild og aflamark eru fluttir milli skipa.

Eigendur fiskiskipa greiða fast gjald fyrir hvern dag sem eftirlitsmaður dvelur um borð í vinnsluskipum og skipum við veiðar á Flæmska hattinum.

Síðari hluti töflunnar sýnir heildarupphæð sem Fiskistofa hefur innheimt frá útgerðum síðastliðin 11 ár. Eins og sjá má var hætt að innheimta gjöld í Þróunarsjóðinn á fiskveiðiarinu 2004-2005. Þetta gjald var greitt af útgerðum en það var ekki notað til að ná yfir athafnir Fiskistofu. Því var safnað í sérstakan sjóð sem m.a. fjármagnaði úreldingu skipa og byggingu nýs rannsóknarskips. Taflan sýnir að veiðigjald síðasta fiskveiðiár var 180 milljónir króna sem var töluvert minna en árið áður. Ástæðan er fyrst og fremst aðgerðir í kjölfarið á ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að minnka þorskígildisheimildir úr 190,000 tonnum í 130.000 tonn. Það var álitid sanngjarnt að minnka tímabundið grundvöllinn fyrir útreikningum á veiðigjaldi og einnig að afnema innheimtu veiðigjalds fyrir aflamark þorsks. Taflan sýnir einnig að sama ár var hætt að innheimta gjald fyrir veiðieftirlit sem notað var í verkefni Fiskistofu, og veiðigjald tekið upp þess í stað. Veiðigjaldið leggst inn í Ríkissjóð og fer ekki beint til verkefna Fiskistofu.

#### *Skattaívilnanir – sjómannafláttur*

Á sjötta áratug síðustu aldar var samið um sérstakan skattaafslátt til allra sjómanna, þ.á.m. skipshafna fiskiskipa. Sjómenn fá því sérstakan skattaflátt sem er ákveðin upphæð fyrir

hvern dag sem þeir eru skráðir í áhöfn fiskiskips. Eftirfarandi tafla sýnir heildarupphæð árlegs skattaafsláttar síðustu tíu ár.

Sjómannafsláttur	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Millj.kr.	1.257	1.223	1.225	1.209	1.267	1.254	1.256	1.185	1.102	1.109

*Almannatryggingar.* Engin slík, sama og gildir fyrir aðra.

## VI. FISKVEIÐAR OG UMHVERFIÐ

### A. Samþætting við umhverfið / vistkerfisnálgun fiskveiðistjórnunar

**61. Vísio í löggjöf varðandi fiskveiðar um hvernig hugtökin „umhverfissamhæfing“ og „vistkerfisnálgun fiskveiða“ eru túlkuð og framkvæmd og notuð varðandi innlendan flota.**

Í íslenskri fiskveiðilöggjöf eru hvergi notuð hugtökin „umhverfissamhæfing“ og „vistkerfisnálgun fiskveiða“. Á hinn bóginn eru ákvæði í lögum um fiskveiðar með skýrum markmiðum um verndun og sjálfbæra og ábyrga notkun einstaka auðlinda, sbr. Spurningu 1.

**62. Lýsið stefnumörkun sem er ætlað að ýta undir umhverfisvænar fiskveiðar og fiskeldi, svo sem bindandi aðgerðir, fjárhagslega hvata og sérstaka þjálfunar og útvíkkun starfsemi. Eftirfarandi málefni skulu vera með í umfjölluninni:**

- Skaðleg umgengni við auðlindir ( brottkast o.fl.,)
- Aðgerðir til að koma í veg fyrir að veiðarfæri tapist á sjó og skaða sem slík veiðarfæri geta valdið þ.e. „draugaveiðar“ (e. Ghostfishing)
- Meðafli annarra fisktegunda en sóknartegunda
- Orkusparnaður um borð á skipum og í höfnum
- Staðarval fyrir fiskeldi
- Samspil afránstegunda s.s. sjávarspendýra og fugla (t.d. sela og skarfa) við fiskveiðar og fiskeldi; aðgerðir til að halda slíkum tegundum í skefjum
- Mengun frá fiskeldisstöðvum

- **Dreifing sjúkdóma og sníkjudýra frá fiskeldisstöðvum (sjávarlýs, ríslur (Gyrodactylus) o.s.frv.)**
- **Dreifing ágengra erlendra tegunda**

#### Skaðleg ástundun

Almennt má segja að stefnan sé að ýta undir sjálfbæra notkun allra auðlinda sjávar. Það er mikilvægt að undirstrika þá meginreglu að öll fiskveiðiskip verða að hafa úthlutað aflamark fyrir allan afla á öllum tegundum samkvæmt gildandi fyrirkomulagi. Ef skip hafa ekki nægt aflamark fyrir þeim afla sem þau veiða verða þau að fá fluttan á skipið aflamark af öðru skipi. Ef ekki, eru þau svipt veiðileyfi. Samkvæmt lögunum verða skip að hafa nægilegt aflamark fyrir líklegan afla þegar þau láta úr höfn.

Í viðbót við úthlutun aflamarks, sem ásamt aflahlutdeild og útgefnu heildaraflamarki er hornsteinn íslenska fiskveiðistjórnunar. Þá er stjórnunarkerfið stutt fjölda annarra stjórnunaraðgerða svo sem lokun svæða, takmörkun á veiðarfærum og notkun svæða sem eru lokuð tímabundið til að vernda mikilvæg en viðkvæm svæði. Yfirgripsmiklar ráðstafanir eru gerðar til að loka hrygningarsvæðum tímabundið fyrir öllum veiðum. Auk þess hefur Hafrannsóknarstofnunin vald til að loka veiðisvæðum fyrirvaralaust ef magn smáfisks í afla fer yfir ákveðin mörk. Þessum aðgerðum er öllum ætlað að styðja við og tryggja sjálfbærar fiskveiðar og fyrirbyggja skaðlega umgengni, að koma í veg fyrir veiðar á ungfiski eða fiski sem hefur verið ofveiddur (t.d. að koma í veg fyrir brottkast).

Brottkast fisks er ólöglegt en í íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu hefur verið gripið til ýmis konar aðgerða til að koma í veg fyrir brottkast. Meðal þeirra eru:

- Undirmálsfiskur er aðeins dreginn að hluta frá aflamarki
- Leyft er að landa allt að 5% fram umfram aflamark – 80% af verðmæti afla rennur í sérstakan þróunarsjóð sem rekinn er af Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu
- Leyfð skipti á tegundum (aðeins botnfisksafla)
- Leyfilegt er að veiða 5% fram yfir aflamark skipsins – dregið frá aflamarki næsta árs
- Ákveðið hlutfall (sem stendur 33%) af aflamarki hvers skips má flytja yfir á næsta ár
- Lokun svæða ef um er að ræða undirmálsfisk (skilgreint hlutfall fisks yfir ákveðnum mörkum) – aukaafli við uppsjávarveiðar
- Möskvastærðir og skiljur (of smár fiskur, óæskilegar tegundir)
- Veiðileyfasviptingar vegna umframafla

Ýmsum sértækum aðferðum er beitt til að tryggja að magn smáfisks eða meðaflategundir séu ekki umfram viðmiðunarmörk. Þar má nefna reglugerðir um tegund veiðarfæra sem leyfilegt er að nota á einstökum veiðisvæðum og lokun veiðisvæða. Einnig eru reglur um lágmarks möskvastærðir og veiðiskiljur.

Ef í ljós kemur við eftirlit að hlutfall smáfisks í afla eða meðafli er meiri en viðmiðunarreglur segja til um getur Hafrannsóknarstofnunar lokað viðkomandi svæði í stuttan tíma. Slíkar takmarkanir taka gildi innan fárra klukkustunda. Ef smáfiskur eða meðafli er ítrekað umfram viðmiðunarmök, eru svæðin lokað um lengri tíma.

Ýmis svæði eru í reynd lokað í langan tíma og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið setur reglugerðir um slíkar langtíma lokanir. Lokanirnar geta tekið til sérstakra veiðarfæra, stærð fiskiskipa eða náð til allra veiða um ákveðinn tíma. Tímabundnar lokanir af þessu tagi eru framkvæmdar árlega til að vernda hrygningarsvæði þorsks og annarra botnfisktegunda. Auk þess er notkun botnveiðarfæra alfarið bönnuð á sumum svæðum, t.d. þar sem kóral er að finna eða á öðrum viðkvæmum svæðum.

#### Aðgerðir til að koma í veg fyrir tap veiðarfæra og „draugaveiðar“

Samkvæmt 4. grein Laga nr. 57/1996 skal hafa reglulegt eftirlit með lagnetum og öðrum veiðarfærum eftir því sem við á. Ef þau eru látin liggja of lengi í sjó eða eftir að vertíð lýkur, hefur Fiskistofa vald til að láta taka upp veiðarfærin á kostnað eiganda. Á sama hátt má fjarlægja ólögleg veiðarfæri og veiðarfæri sem lögð hafa verið á svæðum þar sem yfirvöld hafa ekki leyft þau.

#### Meðafla „viðkvæmra“ (e. Sensitive) tegunda

Lítill gögn eru til um meðafla af fuglum og sjávarspendýrum í veiðarfærum á íslensku hafsvæði. Söfnun slíkra gagna hefur verið hafin undir heildarstjórnun Norður-Atlantshaf sjávarspendýraráðsins, NAMMCO.

#### Orkusparnaður um borð í skipum og í höfnum

Stöðugt er reynt að bæta eldsneytisnýtingu um fiskveiðiflotans með mismunandi orkusparandi tækni. Yfirvöld hafa stutt slíka þróun. Endurbætur á veiðarfærum hafa einnig snúist um minnkun eldsneytisnotkunar. Öll stærri skip eru tengd við rafmagn í höfn (endurnýtanlega orku) til að spara eldsneytiskostnað.

#### Staðarval fyrir fiskeldi

Sjá Spurningar 13:34 & 44.

#### Samspil afránstegunda (e. large predators) (t.d. sela og skarfa) við fiskveiðar og fiskeldi; aðgerðir til að halda fjölda slíkra tegunda í skefjum

Ekki eru fyrir hendi neinar áætlanir um að takmarka fjölda afránstegunda sem hafa áhrif á fiskveiðar.

Fiskeldi hefur verið varið fyrir ránfuglum með netum yfir eldiskvíunum og selir verið reknir á brott á bátum. Ef slíkar aðgerðir reynast ekki fullnægjandi, hafa rándýr og fuglar (aðallega selir og skarfar) verið skotin í samræmi við undantekningar í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

### Mengun frá fiskeldisstöðvum

Til er löggjöf sem tekur á umhverfisáhrifum fiskeldis varðandi heilbrigðisaðgerðir og stjórn á mengun, mengunareftirlit, varnir við köfnunarefnismengun vatns vegna landbúnaðar og annars iðnaðar og mat á umhverfisáhrifum.

### Dreifing sjúkdóma og sníkjudýra frá fiskeldisstöðvum (sjávarlýs, ríslur (Gyrodactylus) o.s.frv.)

Til er löggjöf um varnaraðgerðir gegn sjúkdómum. Hún tekur á eftirfarandi atriðum:

- Rannsóknarverkefnum varðandi fisksjúkdóma
- Flutningur, slepping laxfiska og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sjúkdómum
- Sýnaáætlanir og greiningaraðferðir til að uppgötva og staðfesta fisksjúkdóma
- Heilbrigði dýra sem hefur áhrif á markaðsetningu ræktaðra dýra og dýraafurða
- Tæki og innra eftirlit og eftirlit með fiskeldisstöðvum
- Vernd gegn fisksjúkdómum

### Dreifing ágengra erlendra tegunda

Til er löggjöf til að koma í veg fyrir dreifingu ágengra erlendra tegunda og nær yfir eftirfarandi:

- Stjórnun á innflutningi heilbrigðra dýra
- Erfðabreyttar lífverur
- Stjórnun á innflutningi heilbrigðra dýra
- Dýr sem sleppa úr haldi
- Tilkoma erlendra tegunda

### ***B. Alþjóðleg umhverfismálefni***

**63. Lýsið aðgerðum sem teknar hafa verið til að standa við ályktanir Sameinuðu þjóðanna sem samþykktar voru á Heimsráðstefnu um Sjálfbæra þróun 2002 og á Allsherjarþingi SP 2006 (Ályktun nr. 61/105) með sérstakri áherslu á:**

- **Að stuðla að hámarksafrakstri fiskistofna (MSY) árið 2015;**

Ekki hafa verið gerðar neinar sérstakar aðgerðir hvað varðar íslenska fiskistofna. Hin almenna stefna um sjálfbærar fiskveiðar og stöðugar tilraunir við stjórnun helstu fiskistofnum, í samræmi við sjálfbær markmið hvað varðar fiskveiðidauða eða markmið um lífmassa, er hins vegar fyllilega í anda þess að ná markmiðum Sameinuðu þjóðanna. Vinna að ákvörðun

viðmiða innan ramma Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) mun sérstaklega beinast að þessum almennu markmiðum ákvörðunar Sameinuðu þjóðanna.

– **Að koma á fót neti verndarsvæða í hafi fyrir 2012.**

Víðtæk svæðastjórnun er innan íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins og hefur verið í þróun í áratugi. Stórum svæðum er lokað fyrir fiskveiðum á íslenskum hafsvæðum, sumum tíma- bundið og öðrum varanlega.

*Varanlegar lokanir*

Út af vestur- og norðvesturströndum Íslands er ekki leyft að nota botn- eða flotvörpur eða dragnót innan 12 mílna marka sem dregin eru fyrir mynni fjarða og flóa. Út af austur, suður og vesturströndinni er notkun botnvörpu leyfð eftir stærð fiskiskipa og vélarafli. Skip yfir 42 m á lengd hafa ekki aðgang innan 12 mílna, en skip sem eru innan við 29 m mega fara inn að 4 mílna mörkum á sumum svæðum. Ennfremur eru stór uppeldissvæði utan þessara marka ævinlega lokað.

*Tímabundnar lokanir*

Kerfi tímabundinna lokana hefur verið í notkun síðan 1976 til að vernda ungfisk og draga úr brottkasti.

*Verndarsvæði á sjó (e. Marine Protected Areas-MPAs)*

Verndarsvæði eru hluti af svæðastjórnun íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins og er ætlað að vernda viðkvæm vistkerfi, t.d. kórala í köldum sjó og heitar uppsprettur, frá öllum neikvæðum áhrifum fiskveiða við botn.

Í skýrslu frá 2005 um verndun viðkvæmra sjávarsvæða, þriggja svæða sunnan Íslands, samtals 73 km<sup>2</sup>, voru þau talin þurfa sérstaka vernd; einnig var tekin afstaða um frekari rafræna kortlagningu sjávarbotnsins. Hagsmunaaðilum í sjávarútvegi var gefið tækifæri til að gefa umsögn um tillögurnar eða gera breytingartillögur áður en ráðherra tæki endanlega ákvörðun. Í ferlinu var haft samráð við atvinnugreinina og svæðin stækkuð upp 80 km<sup>2</sup>. Innan þeirra voru fimm kóralrif. Söfnun upplýsinga og skilgreining svæðanna sem skyldi lokað eða þau vernduð, var samvinnuverkefni helstu hagsmunaaðila, það er sjávarútvegsins, yfirvalda og Hafrannsóknarstofnunar.

Breyting á lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands veitir möguleika á að banna fiskveiðar með veiðarfærum sem snerta botn til að vernda viðkvæm vistsvæði á botninum.

– **Reglur til að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar utan lögsögu.**

Íslensk skip sem hafa leyfi til veiða á alþjóðlegum hafsvæðum verða að fara eftir reglum og ákvörðunum um fiskveiðistjórnun sem teknar hafa verið upp af svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana (RFMO) sem Ísland er aðili að. Við ákvarðanir þessar hefur Ísland ekki gert athugasemdir. Íslensk skip verða einnig að fara eftir lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og reglugerðum um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu Íslands og standa við skuldbindingar Íslands til að vernda lifandi sjávarauðlindir.

## VII. MARKAÐSSTEFNA OG VIÐSKIPTI

### *A. Sala og markaðssetning fiskafurða (hrárra, unninna,) neytendavernd (umhverfismerkingar taldar með þar sem við á)*

**64. Lýsið lagasetningu, stefnu og stjórnunaraðgerðum sem hafa áhrif á skipulag framleiðslunnar (þ.á.m. samtaka sjómanna eða framleiðenda (útgerða)), vinnslu, sölu og/eða markaðssetningu og dreifingu fiskafurða (hrárra og/eða unninna) á íslenskum markaði, sérstaklega:**

- **Reglugerðir varðandi sölu fisks frá skipi, þ.á.m. skipulag og starf uppboðsmarkaða. Vinsamlega gefið til kynna hvort í reglunum er fjallað um lágmarksstærðir tegunda, mismunandi ferskleika eða önnur auðkenni.**

Allan afla verður að vigta og skrá. Svo framarlega sem þessi skilyrði eru uppfyllt eru engar almennar reglur eða reglugerðir sem gilda um sölu fisks frá skipi nema lög um uppboðsmarkaði sjávarafla, nr. 79/2005, sbr. Reglugerð um uppboðsmarkaði sjávarafla, nr. 646/2007. Eigandi skipsins ákveður hvort hann selur afla beint til vinnslufyrirtækis eða býður hann upp. Í þessum lagatextum er hvergi minnst á lágmarks stærð fisk við viðskipti eða önnur auðkenni. Seljandinn verður hins vegar að gefa rétta lýsingu á aflanum sem boðinn er upp og uppboðsmarkaðurinn verður að sjá til þess að kaupandinn hafi aðgang að þessum upplýsingum. Vinnsla um borð í fiskiskipum og í vinnslufyrirtækjum er háð opinberum leyfum.

- **Reglur sem taka til áfangastaðar fisks eftir uppboð: eru takmörk varðandi flutning fisks til manneldis í iðnaðartilgangi (fiskimjöl og lýsi, efnavinnsla, dýrafóður, áburður, o.s.frv.)?**

Engar sérstakar reglur fjalla um ákvörðunarstað fisks eftir uppboð, þ.e.a.s. ekki er um neinar hömlur að ræða.

**- Reglugerðir um tengsl kaupenda og seljenda. Ef það á við, gefið þá til kynna hvort viðskiptafyrirkomulag með fiskafurðir er undanþegið viðkomandi samkeppnisfyrirkomulagi.**

Frjáls verðlagning í verslun með fisk er regla á Íslandi, sbr. 6. grein Laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Verð á öllum tegundum fersks sjávarafla, fisks sem ekki fer á markað og fiskúrgangs eru ákveðin í frjálsum samningum seljenda og kaupenda eða við sölu á uppboðum, sbr. lög um uppboðsmarkaði sjávarafla, nr. 79/2005.

Einu hugsanlegu undantekninguna frá þessu er að finna í lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998, en þar er gert ráð fyrir eftirliti til að tryggja að rétt verð sé notað sem grundvöllur við að ganga frá launagreiðslum milli útgerðar og áhafna þegar afli er seldur aðilum sem tengjast útgerðarmönnum. Lágmarksverð fyrir viðskipti með afla á ekki við heldur viðmiðunarverð við samninga þessara aðila.

Þess utan eru engar sérstakar reglugerðir um tengsl milli kaupenda og seljenda.

Viðskiptafyrirkomulag varðandi fiskafurðir er ekki undanþegið samkeppnislögum.

**- Reglugerðir um landanir, þ.á.m. skyldulandanir (í ákveðnum höfnum, til sérstakra fyrirtækja o.s.frv.). Ef þetta á við, gerið grein fyrir ástæðum fyrrnefndra skyldna (tengsl við veiðiréttindi, þróun strandsvæða, verndun fjölda starfa).**

Engar markaðstengdar ráðstafanir eru um landanir á Íslandi. Öllum afla verður að landa og vega samkvæmt 5. grein Laga nr. 57/1996, sbr. Reglugerð um vigtun og skráningu afla, nr. 224/2006. Afla verður að landa í einhverjum af þeim 50 höfnum þar sem er hafnarvigt og vigtun framkvæmd af viðurkenndum vigtunarmanni.

**- Hvað verður um fisk sem er ekki er tækur á markað eða er síður markaðshæfur? Ef við á, lýsið viðkomandi reglum um stjórnun.**

Fiskafurðum sem eru hæfar til manneldis eða í dýrafóður eða sem hluti af dýrafóðri er leyfilegt að setja á markað í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir. Ekki eru fyrir hendi nein sérstök lög um hvernig eigi að losa sig við slíkan fisk, utan almenn löggjöf um meðferð úrgangs.

**65. Lýsið ráðum sem beita má við markaðsstefnu, sérstaklega varðandi: stjórn á framkvæmd markaðsstaðla í höfnum og á heildsölumörkuðum, og um upplýsingar til neytenda; stjórn á því magni sem er tekið af markaði; söfnun markaðsupplýsinga á NUTS<sup>21</sup> svæðum; söfnun og færslu gagna um verð (í höfnum, við landamæri); umsóknir um ástand varðandi viðurkenningu fyrir samtök framleiðenda.**

Sömu almennu reglurnar gilda um viðskipti með fiskmeti og önnur viðskipti. Samkeppniseftirlitið og Neytendasamtökin halda uppi almennu eftirlitsaðgerðum. Ekkert í íslenskri fiskveiðilöggjöf fjallar sérstaklega um markaðseftirlit.

Ef fyrir hendi ætti að vera sérstakt markaðseftirlit varðandi verslun með fiskafurðir, geta ýmsar stofnanir séð um þetta málefni, svo sem Fiskistofa, hugsanlega Matvælastofnun varðandi upplýsingar til neytenda og Hagstofa Íslands varðandi söfnun upplýsinga um verð og ráðstafanir á afla á NUTS svæðum. Fiskistofa safnar upplýsingum um verð og ráðstöfun afla.

#### ***B. Upplýsingar til neytenda og umhverfismerkingar ( skyldugar og sjálfviljugar )***

**66. Reglugerðir um upplýsingar til neytenda: lögbundnar eða aðrar merkingar á ferskum og/eða unnum fiski.**

Samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995, er það hlutverk Matvælastofnunar (MAST) að fræða og upplýsa neytendur og fæðuframleiðendur um öryggi matvæla til að minnka hættu á sjúkdómum sem berast með fæðu. Upplýsingar um matvælaöryggi má nálgast á vefsíðu Matvælastofnunar sem einnig gefur út bæklinga og dreifir þeim til neytenda og framleiðenda, birtir greinar í stærstu dagblöðum aðra hverja viku og heldur einnig upplýsingafundi fyrir framleiðendur og neytendur hvern vetrarmánuð.

Eftirfarandi reglur gilda um merkingu sjávarafurða:

Í 11. grein Laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, segir:

„Sjávarafurðir skulu vera rétt og greinilega merktar þannig að þær upplýsingar, sem fram koma, séu ekki villandi. Á umbúðum skal koma fram nafn Íslands, óstytt eða skammstafað IS, og leyfisnúmer viðkomandi starfs- eða vinnsluleyfshafa þannig að unnt sé að rekja uppruna afurðanna til framleiðandans. Sé afurðin send ópökkuð skulu sömu upplýsingar koma fram í fylgiskjölum. Merkingar skulu að öðru leyti vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi.“

Reglugerð nr. 503/2005 um merkingar matvæla fjallar um merkingu fersks og unnins fisks. Vönduð ákvæði þessarar reglugerðar samræmast ESB reglum um merkingar. Auk þess gilda sjálfstæð ákvæði 7. Viðauka við Reglugerð nr. 233/1999 um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla og fiskafurða, en þær eru sambærilegar við ákvæði Tilskipunar ESB nr. 91/49.

<sup>21</sup> staðlaflokkun ESB í svæði, NUTS stendur fyrir: The Nomenclature of Territorial Units for Statistics

**67. Merking sjávarafurða: lýsið lögum og reglugerðum sem stýra merkingum sjávarafurða eins og þær tengjast sjálfbærri nýtingar fiskistofa eða með tilliti til vistkerfa. Gefið til kynna hvort til sé opinber áætlun varðandi fiskafurðir og „sanngjörn viðskipti“ (fair trade) og/eða „kolefnisspor“.**

Fiskifélag Íslands, sjálfstæð samtök félaga í sjávarútvegi, heldur úti verkefni um skrásetningu og samstarf ábyrgar útgerðar. Verkefnið hefur þegið styrki frá opinberum aðilum. Hluti af þessu verkefni er að Fiskifélagið hefur kynnt merki til að auðkenna íslenskar sjávarafurðir sem koma úr íslenskum hafsvæðum og sett reglur um notkun þess. Merkið gefur til kynna að varan sé upprunnin á Íslandi frá ábyrgum útgerðum. Í undirbúningi er verkefni til að votta að vörunnar sé aflað á íslenskum hafsvæðum samkvæmt viðmiðunarreglum FAO um vottun og vistmerkingar.

Ekki eru í gildi nein lög eða reglugerðir um merkingar sjávarafurða hvað varðar sjálfbæra notkun eða vistkerfisathuganir.

Ekki eru til neina opinber verkefni varðandi sjávarafurðir í tengslum við „sanngjörn viðskipti“ eða „kolefnisspor“.

## VIII. VIÐSKIPTASTEFNA (ÞAR Á MEÐAL FJÁRFESTINGAR OG ÞJÓNUSTA)

### A. Lagarammi fyrir alþjóðleg viðskipti með sjávarafurðir

**68. Leggið fram lista yfir tvíhliða eða marghliða viðskiptasamninga við þjóðir utan ESB eða aðra aðila með stuttri lýsingu á ákvæðum sem snerta sjávarútveg.**

Ísland hefur gert fríverslunarsamninga við nokkurn fjölda landa utan ESB. Þannig hefur Ísland gert fríverslunarsamning við Noreg, Liechtenstein og Sviss í gegnum EFTA sáttmálann og 18 fríverslunarsamninga við ríki utan ESB með EFTA ríkjunum. Auk þess hefur Ísland gert tvíhliða fríverslunarsamninga við Færeyjar og Grænland.

Textar EFTA sáttmálans og fríverslunarsamninga EFTA má nálgast á vefsíðu EFTA.<sup>22</sup> Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit um áður nefnda samninga og tollaívilnanir í hverjum samningi. Þar eð allir samningarnir gera ráð fyrir afnámi tolla á innfluttum sjávarafurðum frá viðkomandi löndum utan ESB til Íslands, nær lýsingin einungis til ívilnana varðandi innflutning íslenskra vara til viðkomandi landa.

Samningsland	Ákvæði um sjávarfang	Tollívilnanir varðandi sjávarafurðir upprunnar á Íslandi
A. EFTA sáttmáli	Greinar 10 og 3	Niðurfelling tolla á öllum vörum.
B. Fríverslunar samningar EFTA		
Kanada	Viðauki H	Niðurfelling tolla á öllum vörum.

<sup>22</sup> <http://www.efta.int>

13. kafli – Sjávarútvegur

Chile	Viðauki V	Niðurfelling tolla á öllum vörum.
Króatía	Viðauki II	Niðurfelling tolla á öllum vörum.
Egyptaland	Viðauki II	Niðurfelling tolla/minnkun tollakvóta eins og sett er fram í Töflu 3 í Viðauka 2. Tollkvótar undir HS fyrirsögnum 0301, 0302, 0303, 0304, 0306 og undirfyrirsögnum 0305.59, 0305.61, 0305.62, 0305.63 og 0305.69 á að afnema á sex árum (sjá ath. við töflu 3).
Ísrael	Viðauki II	Tollar á vörum í Töflu 3 í Viðauka II hafa verið felldir niður. Engin tollalækkun á vörum sem taldar eru upp í Töflu 4 í Viðauka II.
Jórdanía	Viðauki II	Niðurfelling tolla á öllum vörum.
Líbanon	Viðauki III	Niðurfelling tolla á öllum vörum, nema reyktum laxi en þeir tollar verða smám saman felldir niður fyrir 1. mars 2015.
Makedónía	Viðauki II	Niðurfelling tolla á öllum vörum.
Mexíkó	Viðauki III	Niðurfelling tolla á öllum vörum, á sumum á afnámstímabili, það lengsta til 1. júlí 2011. Engin tollalækkun á sumum vörum (merkt sem flokkur 5 í Töflu 3 in Viðauka III), eftir endurskoðun.
Marokkó	Viðauki II	Tollar felldir niður á flestum vörum í Töflum 2-4 í Viðauka II, og lækkaðir í 2,5% á fáeinum vörum sem taldar eru upp í Töflum 6-7 í Viðauka II.
Stjórn Palestínu	Viðauki II	Tollar felldir niður á vörum í Töflu 2 í Viðauka II.
Singapúr	Viðauki IV	Niðurfelling tolla á öllum vörum.
Tollabandalag Suður Afríkúríkja	Viðauki IV	Niðurfelling tolla á öllum vörum. Tollar á vörum í Töflu 3 í Viðauka IV verða smám saman afnumdir fram að 1. janúar 2015.
Lýðveldið Kórea	Viðauki V	Niðurfelling tolla á flestum vörum. Í Grein 4 og Töflu 3 í Viðauka V er áætlun um tollaniðurfellingu á vörum í Töflu 3, lengsta tímabilið til 1. janúar 2016, svo og tollkvótar á nokkrum vörum. Tollar verða áfram á nokkrum vörum, verður endurskoðað.
Túnis	Viðauki III	Gjöld lækkuð á vörum í Töflu 3, innan tollkvóta. Endurskoðunarákvæði í efnisgreinum 2 og 4 í grein 4 af Viðauka III. Heildarniðurfelling tolla á innfluttum vörum fyrirsjáanleg eftir 18 ár frá gildistöku fríverslunarsamningsins (efnisgrein 4 í Viðauka 4).
Tyrkland	Viðauki II	Niðurfelling tolla á öllum vörum.
Kólumbía (undirritaður en ekki í gildi)	Viðauki IV	Niðurfelling tolla af næstum öllum vörum eins og talið er upp í Töflu 3 í Viðauka IV, sumt verið að afnema, að síðasta eftir 10, ár frá gildistöku fríverslunarsamningsins.
Flóabandalags ráðið (undirritaður en ekki í gildi)	Viðauki V	Niðurfelling tolla á öllum vörum. Tollar á vörum í Töflu 3 í Viðauka V verða afnumdir á fimm ára tímabili frá gildistöku fríverslunarsamningsins.
C. Tvíhliða Fríverslunarsamningar		
Færeyjar	Grein 5, auka-efnisgrein. 2(A)(iii)	Niðurfelling tolla á öllum vörum.
Samningur milli Íslands og Danmerkur um verslun milli Íslands og Grænlands	1. grein samningsins	Það sama gildir um íslenskar vörur við innflutning til Grænlands og um íslenskar vörur til ESB.

**69. Lýsið öllum lögum, stefnumótun, eða stjórnunaraðgerðum sem hafa áhrif á alþjóðlega verslun með sjávarfang, sérstaklega:**

- **Innflutningstollar, innflutningskvótar, lágmarksverð við innflutning, innflutningsleyfi varðandi sjávarfang.**

Mikilvægi sjávarútvegs í íslensku efnahagslífi kemur berlega í ljós í stefnu varðandi viðskiptasamninga. Þar er lögð áhersla á fríverslun með fisk og aðrar sjávarafurðir. Meðal bestu kjaratolla sem Ísland leggur á fisk og sjávarafurðir, að undantekinni fiskmeltu til dýrafóðurs, eru 1,1%. Fiskur og sjávarafurðir í 3., 5. og 15. kafla eru gjaldfrjáls en gjald á vörur í tollflokkum 1604 og 1605 er 10%. Sjávarafurðir í tollflokkum 2301.10 og 2301.20 eru tollfrjálsar. Tollgjöld sem lögð eru á meltu í dýrafóður (*ex* 2309.90) eru 55%, en það gjald er lagt í sérstakan Fóðursjóð sem stofnaður var á grundvelli Laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993. Fóðursjóðurinn endurgreiðir að hluta eða að fullu tolla á innflutningi ákveðinna fódurvara samkvæmt skilyrðum sem sett eru fram í Reglugerð um greiðslur úr fóðursjóði, nr. 431/1996, með síðari breytingum.<sup>23</sup> Fóðursjóði er stjórnað af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Ísland hefur ekki sett kvóta á innflutning, lágmarksverðmiðanir á innflutning eða verndaraðgerðir. Samkvæmt lögnum er leyfilegt að grípa til aðgerða vegna undirboða til að koma í veg fyrir skaða vegna niðurgreidds innflutnings.<sup>24</sup> Ísland hefur ekki notað aðgerðir vegna undirboða eða til að vega upp á móti slíku og það er ólíklegt að Ísland muni gera það, sérstaklega hvað varðar sjávarafurðir.

Ekki er gripið til innflutningsleyfa á sjávarafurðum nema um sé að ræða fódurvörur, en þær verður Matvælastofnun að samþykkja eftir 5. grein Laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.

Í fríverslunarsamningum við lönd utan við uppsöfnunarkerfi Evrópu og Miðjarðarhafslanda hefur Ísland ásamt hinum EFTA ríkjum beitt reglum sem byggðar eru á evrópsku fyrirkomulagi til að koma í veg fyrir tvíhliða uppsöfnun.

EFTA ríkin hafa samt sem áður kosið sveigjanlegri og einfaldari reglur um uppruna og þær endurspegla m.a. reglur um uppruna fisks og annarra sjávarafurða.

---

<sup>23</sup> Allur tollurinn skal endurgreiddur af hráefni til fódurgerðar og tilbúnu fóðri fyrir loðdýr og fiskeldi. Vegna hráefnis til annarar fódurgerðar skal endurgreiða allan tollinn og varðandi fullgerðar fódurblöndur sem koma utan EES skal endurgreiða allan tollinn nema 3,90 krónur á kílógramm. Fyrir fullgerðar fódurblöndur frá ríkjum innan EES skal endurgreiða allan innflutningstollinn samkvæmt Reglugerð nr. 1220/2008 sem er tímabundin breyting á Reglugerð nr. 431/1996 og skal hún gilda frá 1. janúar 2009 til 31. desember 2009. Fóðursjóði er stjórnað af Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

<sup>24</sup> Viðkomandi ákvæði eru sett fram í XVIII kafla. Framkvæmdaraðgerðir eru settar fram í Reglugerð nr. 351/1995 um undirbúning og framkvæmd gjalda og aðgerða vegna undirboða með þeim breytingum sem eru í Reglugerð nr. 714/2002.

Í fyrsta lagi er í nýlegum fríverslunarsamningum EFTA<sup>25</sup> notuð einfölduð skilgreining hvað varðar vörur sem eru teknar eða veiddar utan hafsvæða viðkomandi ríkis, og byggt eingöngu á þeim fána sem skipið má nota. Í sambærilegu ákvæði í fríverslunarsamningi EFTA við Kanada er tekið fram að skipið verði að vera skráð eða talið upp hjá viðkomandi aðila og sigli undir fána þess lands.

Í öðru lagi eru til í reglum um fisk og sjávarafurðir í ýmsum EFTA samþykktum nokkur tilbrigði varðandi sérstakar vörur. Þessar reglur, sem settar eru fram í fríverslunarsamningum við ríki utan uppsöfnunar Evrópu og Miðjarðarhafslanda, nema Króatíu, Makedóníu og Grænland, eru sveigjanlegri að mörgu leyti. Til dæmis í sérstökum vörureglum í tollflokkum 0304 er flökun skilgreind sem samráð um uppruna, og leyfð efni sem ekki er af sama uppruna. Sveigjanleiki er mismikill eftir samningunum.

#### **- Reglur um uppruna sjávarafurða (reglur um fríðindi og ekki fríðindi)**

Texta reglna um uppruna í EFTA sáttmálanum og fríverslunarsamningum EFTA má finna á vefsíðu EFTA.<sup>26</sup> Ísland hefur ekki tekið upp upprunareglur um engin fríðindi.

#### **- Tollar, gjöld og aðrar greiðslur á útflutningi sjávarafurða (þ.á.m. aukagjöld gegn veiðikvóta utan Íslands)**

Það eru engir tollar, gjöld eða aðrar greiðslur lagðar á útflutning sjávarafurða. Allt frá 2007, hefur tilskipun í lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, ekki verið notuð, en hún leyfir frádrátt á aukagjaldi frá aflamarki fiskiskipa vegna afla sem er fluttur út til viðurkennds uppboðsmarkaðar án þess að endanleg vigtun og skráning aflans hafi farið fram á Íslandi.

Engar takmarkanir eru á löndun nema þær heilbrigðistakmarkanir sem útskýrðar eru við Spurningu 13:70.

#### **- Takmarkanir (bönn, fyrirfram heimildir o.s.frv.) á innflutningi, þar á meðal bönn á löndun á Íslandi**

Reglur ESB og ályktanir NEAFC og NAFO eiga við Ísland, sbr. svar við Spurningu 30. Í þessu sambandi sjá einnig lög um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 28/1998. Samkvæmt þessum lögum mega erlend skip landa eigin afla, umskipa honum eða selja hann í íslenskum höfnum og þiggja alla umbeðna þjónustu fyrir skipið. Eftirfarandi undantekningar við hina almennu reglu eru:

<sup>25</sup> Til dæmis fríverslunarsamningur EFTA við Chile, Kólumbíu (undirritaður en hefur ekki tekið gildi) Flóabandalagið (undirritaður en hefur ekki tekið gildi), Singapúr, Suður Afríska tollabandalagið og Lýðveldið Kóreu.

<sup>26</sup> <http://www.efta.int>

Erlend skip sem veiða eða vinna afla úr sameiginlegum tegundum, sem veiddur er innan eða utan íslensku efnahagslögsögunnar og sem Ísland hefur ekki gert alþjóðlegan samning um, mega ekki leggjast að í íslenskum höfnum. Hið sama á við um erlend skip sem veiða eða vinna afla öfugt við samninga um nýtingu og verndun lifandi sjávarauðlinda sem Ísland er aðili að. Þar á meðal eru skip sem skráð eru hjá svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarsamtökum og sigla ekki undir fána neinnar þeirra þjóða til að brjóta þær reglur sem settar eru á grundvelli slíkra samninga. Ef slík skip koma í íslenskar hafnir mega þau ekki landa eða umskipa afla milli skipa í höfnum og skal þeim vísað úr höfn um leið og þau hafa verið skoðuð af eftirlitsaðilum eða fengið nauðsynlega neyðaraðstoð. Þessi skip, svo og þau sem flytja afla þeirra eða veita þeim þjónustu og stjórnendur skipanna, mega ekki fá þjónustu, hvorki í íslenskum höfnum, innan fiskveiðilögsögunnar eða utan hennar.

**- Hömlur (bönn, fyrirfram heimildir o.sfrv.) um umskipun fisks (í höfnum, innan og utan efnahagslögsögu Íslands)**

Erlend skip mega ekki umskipa afla innan íslenskrar lögsögu nema í höfn og verða skipin að vera bundin við bryggju.

Umskipun íslenskra skipa á fiski utan lögsögunnar er háð reglum NEAFC og NAFO og leyfi Fiskistofu. Sjá einnig næst að ofan.

**70. Í viðbót við upplýsingarnar hér að ofan, vinsamlega teljið upp lög og reglugerðir sem gætu haft áhrif á alþjóðleg viðskipti með fisk (t.d. varðandi CITES samningin um alþjóðaverslun með tegundir dýra og plantna í útrýmingarhættu, heilbrigðis- og hreinlætismál, gjaldeyris- og fjármálastefnu o.s.frv.).**

Ísland er mikill stuðningsaðili frjálsrar verslunar með fisk og fiskafurðir. Í samræmi við það eru fáar takmarkanir á alþjóðlegum viðskiptum í íslenskri löggjöf. Í þessu sambandi er mikilvægt að taka fram að á grundvelli EES samningsins eru allar reglugerðir um heilbrigði og jurtaheilbrigði sem geta haft áhrif á alþjóðleg viðskipti í samræmi við réttarreglur ESB.

Fyrir utan takmarkanir vegna beitingar á réttarreglunum geta íslensk viðskipti orðið fyrir áhrifum vegna aðildar Íslands að CITES (samningsins um alþjóðaverslun með tegundir dýra og plantna) og ICCAT (Atlantshafs túnfiskveiðiráðinu). Ísland hefur fyrirvara um aðild sína að CITES varðandi hvali og hvalaafurðir.

Að lokum þá hefur ríkisstjórnin sett á tímabundnar takmarkanir á gjaldeyrisviðskipti eins og skýrt er frekar í kaflanum um fjármálastefnuna. Þessar reglur geta haft áhrif á sjávarafurðir. Íslenskir sjómenn eða útgerðaraðilar sem selja afla sinn erlendis eru skyldugir til að koma með allan gjaldeyri sem fenginn er fyrir afla af Íslandsmiðum. Áætlað er að löggjöfin sem reglurnar eru byggðar á falli úr gildi í lok nóvember 2010.

**B. Erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi (veiðum og vinnslu)**

**71. Lýsið öllum lögum, stefnumörkunum eða stjórnunaraðferðum á Íslandi sem hafa áhrif á beinar fjárfestingar eða stofnsetningar erlendra aðila í sjávarútvegi (þar á meðal djúpsjár- og strandveiðum) eða vinnslu sjávarafurða (þar á meðal vinnslu í landi og á sjó). Vinsamlegast gefið sérstaklega til kynna lög, stefnumörkun eða framkvæmdir sem gera upp á milli íbúa utan landsins (eða útlendinga) og íbúa (eða Íslendinga) og geta skipt máli við:**

**- Stofnun eða stækkun fyrirtækis í fullri eigu, hvort sem um er að ræða sem a) útibú eða b) dótturfyrirtæki.**

Í 3. grein Laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991 með síðari breytingum er tekið fram að erlendum ríkisborgurum er ekki leyfilegt að fjárfesta í fyrirtækjum á Íslandi innan þeirra takmarkana sem kveðið er á um í lögnum eða sérstakri löggjöf, og við uppfyllingu annarra skilyrða og að fengnum þeim leyfum sem lög útheimta. Fjórða grein laganna bannar beinar fjárfestingar í fyrirtækjum sem stunda fiskveiðar og í fyrirtækjum sem fyrst og fremst stunda frumvinnslu fisks.

Í efnisgrein 1 (a) í lögnum stendur að íslenskir ríkisborgarar eða aðrir Íslendingar eins og þeir eru skilgreindir í lögnum, megi stunda fiskveiðar innan íslenskrar lögsögu eða eiga eða reka fyrirtæki í fiskvinnslu.

Í lagagreininni er einnig tekið fram í efnisgrein 1 (b) að íslenskir lögaðilar megi stunda fiskveiðar innan íslenskrar lögsögu eða eiga eða reka fyrirtæki í fiskvinnslu ef þau eru algjörlega í eigu Íslendinga eða uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Eru undir stjórn íslenskra aðila
- Eru ekki í meiri eign erlendra aðila en sem nemur 25%, reiknað út frá hlutfjáreign eða upphaflegu hlutfé. Hins vegar ef hlutur íslensks lögaðila í lögaðila sem stundar veiðar innan íslensku lögsögunnar eða fiskvinnslu á Íslandi er ekki meiri en 5%, þá má erlendur íbúi eiga allt að 33%.
- Þau séu hvað annað varðar í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila undir stjórn Íslendinga

Samkvæmt lagagreininni er með *íslenskum lögaðila* átt við Ríkissjóð og sveitarstjórnir, og einnig stofnanir, fyrirtæki og sjóði á Íslandi sem eru alfarið í eigu þeirra, íslenska ríkisborgara sem búa á Íslandi og lögaðila sem hafa aðsetur á Íslandi og eru alfarið í eigu opinberra íslenskra stofnana, íslenskir borgarar sem búa á Íslandi eða aðra lögaðila sem hafa aðsetur á Íslandi og eru alfarið eign íslenskra borgara sem hafa aðsetur á Íslandi. *Íslenskur lögaðili* í þessari grein þýðir lögaðili sem er skráður á Íslandi burtséð frá því hvert form löglegt einkennið er eða eignarhald fyrirtækisins. Lögaðili er talinn hafa aðsetur á Íslandi ef hann er skráður með aðsetur á landinu, ef lagagreinar tengds lands staðhæfa að viðkomandi hafi aðsetur í landinu eða ef starfandi stjórn er á Íslandi. *Íslenskur lögaðili undir stjórn íslensks aðila eða manna* í greininni þýðir íslenskur lögaðili í meirihlutaeigu íslensks manns, í gegnum

meirihluta eign hlutafjár eða meirihluta upphaflegs fjármagns, sem hefur meirihluta atkvæða eða raunverulega stjórn á viðkomandi lögaðila.

Greinina má skýra með eftirfarandi dæmi: Útgerð A er eign tveggja lögaðila, B og C. Bæði B og C þurfa að uppfylla skilyrði til að teljast íslenskir lögaðilar undir stjórn íslenskrar einingar. Þetta þýðir að bein eign erlendra aðila getur verið allt að 25% hlutafjár eða upphaflegs höfuðstóls B og C. Ef hvorki B eða C eiga meira en 5% af hlutafé eða upphaflegum höfuðstól A þá getur eignarhlutur erlenda aðilans orðið allt að 33% hlutafjár eða upphaflegs höfuðstóls. Íslenskir lögaðilar, t.d. D, E, F og G, sem eiga hlut í B og C verða að uppfylla skilyrði um stjórn íslenskra aðila. Samkvæmt skilgreiningu um íslenska lögaðila undir stjórn íslenskra eininga geta erlendir aðilar ekki átt meira en 49% af D, E, F, og G. Þessir lögaðilar þurfa einnig að uppfylla það skilyrði að íslenskir aðilar stjórni meirihluta atkvæða og hafi raunverulega stjórn á viðkomandi lögaðila.

**- Full (100%) yfirtaka nýrra eða eldri fyrirtækja**

Fjárfestingar í veiðum og fiskvinnslu eru takmarkaðar samkvæmt 4. grein Laga nr. 34/1991, sjá að ofan.

**- Þátttaka í nýjum eða eldri fyrirtækjum. (Takið sérstaklega fram sérstakar takmarkanir sem eiga við erlenda aðila eða þá sem ekki búa í landinu.)**

Fjárfestingar í veiðum og fiskvinnslu eru takmarkaðar samkvæmt 4. grein Laga nr. 34/1991, sjá að ofan.

**- Leyfi eða tilslakanir sem þörf er á varðandi fiskveiðar eða fiskvinnslu, þar á meðal öll skilyrði sem greina á milli íbúa utan lands (eða útlendinga) og íbúa (eða Íslendinga), t.d. skilyrði um gagnkvæm skipti, skilyrði sem stjórna skráningum til að sigla undir fána landsins við fiskveiðar og/eða tilgangi flutningaskipa, aðgang að aflaheimildum.**

Í efnisgrein 1 í 4. grein Laga nr. 34/1991 er fjallað um hverjum er leyfilegt að stunda fiskveiðar innan íslenskra fiskveiðilögsögu samkvæmt gildandi lögum um fiskveiðiréttindi innan íslenskra hafsvæða, eða eiga eða reka fyrirtæki sem stunda fiskvinnslu. Sjá svörin hér að ofan.

**- Takmarkanir á eign eða leigu á eignum sem tengjast fiskveiðum eða fiskvinnslu, t.d. aflaheimildum, fiskiskipum eða skipum sem skráð eru á Íslandi.**

Í efnisgrein 1 í 4. grein Laga nr. 34/1991 er fjallað um hverjum er leyfilegt að stunda fiskveiðar innan íslenskra fiskveiðilögsögu samkvæmt gildandi lögum um fiskveiðiréttindi

innan íslenskra hafsvæða, eða eiga eða reka fyrirtæki sem stunda fiskvinnslu. Sjá svörin hér að ofan.

**- Einkasöluréttur opinberra aðila, einkaaðila eða fyrirtækja í eigu beggja í tengslum við fiskafurðir (þ.e. þar sem fjárhagsleg starfsemi er takmörkuð með lagalegum eða stjórnarfarslegum ákvæðum varðandi starfsemi eins eða fleiri fyrirtækja í skjóli einkaleyfa).**

Engar.

**- Skráning og flöggun fiskiskipum.**

Í 1. grein Laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum segir: „Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sérstakri skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991 og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 22/1998.“

Í 1. grein Laga um skráningu skipa, nr. 115/1985, segir: „Skráningarskylt eftir lögum þessum er sérhvert skip sem er 6 metrar á lengd eða stærra, mælt milli stafna. Rétt er að skrá skip hér á landi þegar íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hér á landi eða íslenskir lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi, eiga það. Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins frá og með gildistöku samnings um hið Evrópska efnahagssvæði (EES). Hið sama gildir um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem og um Færeyinga.

Aðeins má skrá til fiskveiða hér við land skip sem eru í eigu eftirtalinna aðila:

- Íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi.
- Íslenskra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hér á landi, eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
  - Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
  - Eru í eigu erlendra aðila að hámarki 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari hins vegar eignarhlutur íslensks lögaðila í öðrum lögaðila, sem er skráður eigandi skips, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.

**73. Gefið til kynna hvort einhver starfsemi tengd fiskveiðum við Ísland (veiðar á sérstökum svæðum, kaup á fiski, flutningur fiskafurða o.s.frv.) sé aðeins á færi þeirra sem eiga fastafjármuni/eignir sem tengjast fiskveiðum (t.d. skráð skip, eign aflaheimilda o.s.frv.) eða öðrum skilyrðum sem ekki eiga við þá sem ekki eiga slíkar eignir.**

Í 4. grein, málsgrein 1, í lögum nr. 34/1991 er fjallað um þá aðila sem leyft er að stunda fiskveiðistarfsemi innan íslenskrar fiskveiðilögsögu í samræmi við gildandi lög um fiskveiðiréttindi innan íslensks hafsvæðis, eða eiga eða leigja fyrirtæki í fiskvinnslu.

### ***C. Þjónusta í fiskveiðigeiranum (veiðar og vinnsla)***

**73. Lýsið viðeigandi löggjöf þjónustugreinar sjávarútvegs á Íslandi (t.d. leigu erlendra skipa), þar á meðal reglur varðandi flutningsþjónustu (t.d. þjóðerni eða önnur skilyrði).**

Ekki er til nein löggjöf á Íslandi sem kemur í veg fyrir frelsi til að veita þjónustu við sjóflutninga. Innifalið í því er frelsi til að veita flutningsþjónustu (t.d. hafnarþjónustu eins og viðhald og viðgerðir, afhendingu eldsneytis, verslun o.s.frv.) til annarra en íslenskra borgara, lögaðila eða skipa.

Einu undantekningarnar snúa að e notkun erlendra fiskiskipa í vísindalegum tilgangi sem geta fengið undantekningu frá þeirri almennu reglu að aðeins íslensk skip geti fengið leyfi til veiða. Í 13. grein Laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands segir eftirfarandi:

#### *13. grein*

*Ráðherra getur, að fengnu álitni Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt tímabundnar heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna í fiskveiðilandhelgi Íslands og þurfa þær heimildir ekki að vera bundnar við íslenska aðila. Slíkar tilraunir eða rannsóknir skulu að jafnaði fara fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslunnar eða Fiskistofu. Verði því ekki viðkomið að hafa sérstakan eftirlitsmann um bord í skipi því er heimild fær samkvæmt þessari grein skal heimildin veitt með því skilyrði að Hafrannsóknastofnunin fái nákvæmar upplýsingar um niðurstöður þessara tilrauna eða rannsókna. Heimilt er að ákveða að leyfishafi skuli greiða allan kostnað sem leiðir af veru eftirlitsmanns um bord í skipi samkvæmt þessari grein.*

**74. Lýsið, ef við eiga, lögum og reglugerðum sem banna þjónustu við skip á Íslandi (t.d. hafnarþjónustu eins og viðhaldi og viðgerðum, afhendingu eldsneytis, verslun o.s.frv.) til annarra en íslenskra borgara, fyrirtækja og/eða skipa.**

Takmarkanir á afhendingu þjónustu við erlendra borgara, fyrirtækja eða skipa í íslenskum höfnum eru skilgreindar í 3. grein Laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998.

3. grein hljóðar svo:

... erlendum skipum, sem stunda veiðar eða vinnslu á afla úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og sem íslensk stjórnvöld hafa ekki gert milliríkjasamning um nýtingu á, er óheimilt að koma til íslenskra hafna. Sama gildir um erlend skip sem stunda veiðar eða vinnslu á afla sem brýtur í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að, þar með talið skip sem hafa verið skráð hjá svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum, og sigla ekki undir fána aðildarríkja þeirra, fyrir brot gegn reglum settum á grundvelli slíkra samninga. Komist skip sem um ræðir í þessari málsgrein til íslenskrar hafnar er þeim óheimilt að landa eða umskipa afla í höfn og skal án tafar vísa þeim úr höfn eftir að þau hafa verið skoðuð af eftirlitsaðilum og eftir atvikum veitt neyðaraðstoð. Óheimilt er að veita skipum sem um ræðir í þessari málsgrein, skipum sem flytja afla þeirra, skipum sem þjónusta þau, sem og útgerðum þessara skipa, þjónustu, þar með talið í íslenskum höfnum, í fiskveiðilandhelgi Íslands og utan hennar. Kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum er skylt að láta sjávarútvegsráðuneytinu eða Fiskistofu í té, ókeypis og í því formi sem þessi stjórnvöld ákveða, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd framangreindra ákvæða.

Ráðherra getur ákveðið að ákvæði 2. mgr. gildi gagnvart skipum ef fánaríki skipsins er ekki aðili að samningi sem gildir um stjórn þeirra veiða sem viðkomandi skip stundar eða fylgir ekki þeim reglum sem settar eru samkvæmt þeim samningi, enda sé Ísland aðili að honum. Þá getur ráðherra ákveðið að ákvæði 2. mgr. taki til erlendra skipa sé slíkt talið nauðsynlegt til verndar lifandi auðlindum hafsins.

Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki rétt erlendra skipa til löndunar, umskipunar eða þjónustu hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að eða gildandi þjóðarétti. Ráðherra er heimilt að víkja frá ákvæði 2.–3. mgr. þegar sérstaklega stendur á. Ákvæði þessarar greinar skerða ekki rétt erlendra skipa til að koma til hafnar þurfi þau á neyðarþjónustu að halda og heimilt er þeim að leita vars við strendur landsins, enda verði Landhelgisgæslu Íslands tilkynnt um það.

Sjá ennfremur Spurningu 13:30.

## IX. ALÞJÓÐASAMNINGAR OG SAMTÖK

Þessi fyrir sögn varðar alþjóðlega samninga og fyrirkomulag fiskveiða sem ekki eru nefnd meðal lagalegra grundvallartækja í spurningu 2.

### A. Hagsmunir Íslands á alþjóðlegum hafsvæðum

75. Teljið upp svæðisbundin samtök um stjórnun fiskveiða og aðra alþjóðlega stjórnun fiskveiða, svo sem strandveiðisamninga sem Ísland er aðili eða félagi í, hérefstir nefnd „samtök“

*Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (NEAFC)*

Samkomulag sem tekið hefur verið upp innan NEAFC:

- Samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.
- Samkomulag um veiðar úr kolmunnastofninum milli Evrópusambandsins, Færeyja, Íslands og Noregs Samkomulag um veiðar á karfa á NEAFC svæðinu (ICES svæðahlutum I og II)
- Samkomulag um veiðar á úthafskarfastofnunum á Reykjanes hrygg

*Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistjórnunarstofnunin (NAFO)*

*Atlantshafstúnfiskveiðiráðið (ICCAT)*

**76. Lýsið í smáatriðum fyrir hver einstök samtök eftirfarandi upplýsingum:**

**(i) fjöldi og stærð viðkomandi skipa (brúttótonn/KW);**

*Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (NEAFC)*

Samkomulag sem tekið hefur verið upp innan NEAFC:

*Veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum*

<i>Ár</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Brúttó tonn</i>	<i>kW</i>
2008	23	41,122	88,443
2007	24	42,976	90,506
2006	28	50,497	100,323
2005	33	55,996	106,397
2004	25	37,039	76,805
2003	28	36,742	77,826
2002	32	41,997	90,304
2001	30	34,923	78,392
2000	44	40,012	89,429
1999	49	39,649	83,303
1998	52	42,389	89,550

13. kafli – Sjávarútvegur

*Kolmunnaveiðar*

Ár	Fjöldi	Brúttó tonn	kW
2008	22	38,424	843,590
2007	21	43,698	859,290
2006	26	50,307	1,000,130
2005	26	46,216	894,950
2004	25	39,901	858,810
2003	22	35,943	780,180
2002	18	30,222	699,340
2001	23	31,090	724,049
2000	23	30,810	698,910
1999	24	27,791	638,429
1998	23	27,862	589,230

*Makrílveiðar*

Ár	Fjöldi	Brúttó tonn	kW
2008	24	39,918	87,255
2007	19	35,218	77,642
2006	11	27,576	48,079
2005	4	14,509	16,568
2004	0		
2003	1	1,411	4,140
2002	2	2,704	7,080
2001	0		
2000	0		
1999	2	2,174	3,970
1998	3	4,803	7,023
1997	6	5,678	13,007
1996	1	663	1,230

*Karfaveiðar á ICES svæðum I og II og Samkomulag veiðar á úthafskarfastofnum á Reykjanes hrygg*

Ár	Fjöldi	Brúttó tonn	kW
2008	13	20,686	32,872
2007	16	28,679	46,144
2006	18	31,845	52,243
2005	17	25,528	41,781
2004	22	37,064	61,116
2003	23	36,685	61,415
2002	24	34,592	59,369
2001	24	33,006	56,637
2000	27	36,120	62,212
1999	27	36,339	62,551
1998	33	46,139	76,586

13. kafli – Sjávarútvegur

*Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistjórnunarstofnunin (NAFO)*

Ár	Fjöldi	Brúttó tonn	kW
2008	Engar veiðar		
2007	Engar veiðar		
2006	1	2,139	3,690
2005	1	2,139	3,690
2004	1	2,139	3,690
2003	3	4,571	8,538
2002	3	3,905	7,366
2001	5	5,502	10,266
2000	8	9,032	16,069
1999	11	12,751	22,316
1998	11	14,886	24,976

**(ii) fisktegund, afli og verðgildi**

*Veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum*

Ár	Heildarafli (t)	Í ísl.kr.
2008	222,800	7,118,659,262
2007	176,627	3,456,169,679
2006	159,545	4,180,417,301
2005	156,466	5,090,008,983
2004	102,787	2,225,967,731
2003	117,910	1,866,927,658
2002	127,195	2,453,893,205
2001	77,590	1,469,084,103
2000	186,038	954,540,908
1999	203,750	944,415,698
1998	200,229	1,825,253,518

*Kolmunni*

Ár	Afli	Í ísl.kr.
2008	163,793	2,719,098,116
2007	237,854	3,065,347,584
2006	314,768	3,611,993,916
2005	265,515	1,487,398,045
2004	422,078	2,820,056,161
2003	501,496	3,441,552,060
2002	286,430	2,341,376,577
2001	365,099	2,861,059,868
2000	260,857	1,227,635,742
1999	160,425	737,777,988
1998	68,681	604,926,865

### 13. kafli – Sjávarútvegur

#### *Makrill*

<i>Ár</i>	<i>Heildar afli</i>	<i>Ísl.kr.</i>
2008	112.290	3.552.713.447
2007	36.518	503.124.482
2006	4.222	98.492.220
2005	362	9.201.354
2004		
2003	122	1.547.976
2002	53	3.297.934
2001		
2000		
1999	144	4.217.454
1998	357	14.293.220
1997	955	38.666.669
1996	92	4.549.042

#### *Úthafskarfastofnar á Reykjanes hrygg og karfi á ICES svæðum I og II*

	<i>Afli</i>	<i>Í ísl.kr.</i>
2008	67,896	9,249,455,810
2007	19,907	1,838,594,726
2006	24,648	3,133,944,873
2005	16,019	1,672,490,426
2004	36,822	2,644,308,655
2003	48,400	3,216,763,809
2002	44,492	3,570,680,143
2001	42,473	3,847,934,464
2000	45,231	3,390,890,727
1999	43,094	3,114,633,555
1998	46,214	3,333,145,484

#### *Rækja*

	<i>Afli</i>	<i>Í ísl.kr.</i>
2008		
2007		
2006	2,185	200,546,254
2005	4,154	462,058,109
2004	3,671	462,224,768
2003	4,828	637,743,659
2002	5,793	767,602,342
2001	5,315	809,086,771
2000	8,974	1,340,363,424
1999	9,274	1,678,116,723
1998	6,594	1,174,020,911

#### *Norðaustur Atlantshafs bláuggatúnfiskur*

2008 Afli: 50 tonn

**(iii) hluti af þeim kvóta sem samtökin veita Íslandi og þar sem Ísland hefur ekki mótmælt sínum hluta;**

- Norsk-íslensk síld: Samkvæmt núgildandi samningi sem er frá 2007 fær Ísland 14.5% leyfðs heildarafla (TAC)
- Kolmunni: Samkvæmt núgildandi samningi sem er frá 2006 er hlutur Íslands 17.6%
- Rækja á Flæmingjagrunni samþykkt innan NAFO, hlutur Íslands 1.1%
- Norðaustur Atlantshafs bláuggatúnfiskur: samþykkt innan ICCAT, hlutur Íslands 0.2%

**(iv) landfræðileg svæði þar sem fiskiskip starfa aðallega á alþjóðlegum hafsvæðum;**

Íslensk skip stunda úthafsveiðar á svæðum sem NAFO og NEAFC snúast um.

**(v) mótmæli sem Ísland hefur lagt fram við verndunaraðgerðir sem samtökin hafa tekið upp og mótaðgerðir sem Ísland hefur tekið upp;**

*Úthafskarfastofnar á Reykjanes hrygg:* Allt frá 1996 hefur NEAFC stjórnað veiðum á svæðinu sem einum stofni. Ísland hefur reynt að fá grundvelli fyrirkomulagsins breytt þar eð niðurstaða vísindalegra rannsókna sýnir að um aðskilda stofna er að ræða og stjórnun ætti að byggja á þeim grunni. Allt frá 2000 hefur Ísland neitað að samþykkja stjórnun á þeim grundvelli að um einn stofn sé að ræða. Ísland hefur tekið upp einhliða aflamark og stjórnar veiðunum sem um tvo stofna sé að ræða. Önnur ríki lögðu fram sömu mótmæli árið 2005 og síðan hafa öll ríki tekið upp einhliða kvóta.

*Rækjuveiðar á Flæmingjagrunni:* Samþykkt innan NAFO. Rækjuveiðum á Flæmingjagrunni er stjórnað með sóknarkerfi (byggðu á veiðidögum). Ísland hefur mótmælt þessu fyrirkomulagi frá því að kerfið var tekið upp og tekið upp einhliða kvóta sem byggir á aflamagni. Mótmæli Íslands eru byggð á þeirri skoðun að sóknarkerfi tryggi ekki ábyrga og sjálfbæra nýtingu þar eð engin takmörk eru á heildaraflamagni. Full nýting veiðidaga með þeirri veiðigetun sem liggur fyrir gengi langt fram yfir sjálfbæra nýtingu. Fyrirkomulagið er andstætt öðrum fyrirkomulögum NAFO sem öll byggjast á kvóta og þannig er stjórnun almennt við svæðisstjórnun.

*Makrill:* Allt frá því að stjórnun makrílveiða innan NEAFC hófst hefur íslenska ríkisstjórnin krafist viðurkenningar sem strandríki makrílstofnsins og fái þar með rétt til að taka þátt í samningum strandríkja. Þessi krafa hefur enn ekki verið viðurkennd og Íslandi meðvitað verið haldið frá samningsviðræðum. Fyrir bragðið hefur Ísland mótmælt samningunum sem gerðir hafa verið innan NEAFC og er ekki bundið af ráðstöfunum þess. Árið 2008 var gefin út reglugerð um makrílveiðar íslenskra skipa á úthafinu. Hámarksafli var ákveðinn 20,000 tonn.

Árið 2009 var gefinn út reglugerð um makrílveiðar íslenskra skipa innan fiskveiðilandhelginnar og á úthafinu. Viðmiðunarkvótinn var ákveðinn 112.000 tonn og af þeim mátti veiða 20.000 tonn á úthafinu. Vegna mikils magns makríls voru leyfi til makrílveiða dregin til baka um mitt sumar og sett fram ákvæði (takmörkun veiðisvæða og hlutfall aukaaflla) til að takmarka makríl sem aukaaflla við veiðar á norsk-íslenskri síld á árinu 2009.

**(vi) löggjöf sem innleiðir samþykktir samtakanna (aðeins síðastliðin 5 ár);**

Lagagrundvöll varðandi útgáfu reglugerða er að finna í eftirfarandi lögum:

- Lög nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands með síðari breytingum
- Lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða
- Lög nr. 22/1998 um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands

Árlega eru gefnar út reglugerðir um fiskveiðar í samræmi við samninga við önnur lönd eða vegna samþykkis samtaka um fiskveiðistjórnun. Texti reglugerðanna er uppfærður árlega til að hann samrýmist samningum sem eru gerðir árlega og ný reglugerð gefin út. Í listanum hér að neðan eru einnig taldar upp reglugerðir um framkvæmd tvíhliða samninga.

Síðastliðin fimm ár hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gefið út eftirfarandi reglugerðir:

- Um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistjórnunarstofnunarinnar (NAFO)
- Um veiðar á Austur Atlantshafs bláuggatúnfiski
- Um veiðar á stofnum úthafskarfa
- Um línuveiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands
- Um leyfi til færeyskra, norskra og rússneskra skipa til síldveiða í íslenskri landhelgi
- Um leyfi færeyskra skipa til að veiða kolmunna í íslenskri landhelgi
- Breytingar á Reglugerð nr. 151 frá 20. febrúar 2001
- Um botnfiskveiðar færeyskra skipa í íslenskri lögsögu með síðari breytingum
- Um stjórnun fiskveiðar íslenskra skipa á norsk-íslenskra síldarstofninum
- Um eftirlit með fiskveiðum á svæðinu sem Norðaustur Atlantshafs fiskveiðiráðið (NEAFC) nær til
- Um veiðar íslenskra skipa á Íshafsporski í samræmi við samning milli Íslands, Noregs og Rússlands

- Um togveiðar á kolmunna
- Um karfaveiðar skipa Evrópusambandsins innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi
- Um loðnuveiðar erlendra skipa í íslensku landhelginni. Á loðnuvertíðinni 2009 var engin reglugerð gefin út þar eð loðnuveiðar voru þá ekki leyfðar.

**(vii) teljið upp skyldur, fjárhagslegar og aðrar, sem Ísland hefur gengist undir**

Ísland greiðir árleg gjöld til þeirra samtaka um fiskveiðistjórnun sem það er meðlimur í.

**77. Gerið grein fyrir ábyrgðarstöðum sem Ísland gegnir í þessum samtökum.**

Fulltrúi Ísland er forseti NEAFC.

Fulltrúi Íslands er stjórnarformaður ráðgjafarnefndar NEAFC um gagnasamskipti.

**78. Lýsið framkvæmdarferli alþjóðlega samþykkttra ráðstafana inn í íslensk lög.**

Ef þörf er fyrir breytingar á íslenskum lögum leggur ráðherra fram tillögu til breytingar á lögum sem gerir íslenskum yfirvöldum kleift að uppfylla skyldur Íslands við alþjóðlega samninga.

***B. Tvíhliða samningar og fyrirkomulag***

**79. Setjið fram lista yfir tvíhliða fiskveiðisamninga og ráðstafanir<sup>27</sup> sem eru í gildi og fyrri samninga frá síðustu 10 árum.**

- Tvíhliða samningur milli Íslands og Færeyja
- Samningur milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen
- Samningur um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilandhelgum Íslands og Grænlands
- Tvíhliða samningur milli Íslands og Noregs
- Samningur um fiskveiðar og lífheim hafsins milli Lýðveldisins Íslands og Evrópusambandsins
- Samningur milli ríkisstjórna Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um ákveðna samvinnu um veiðisvæði (Smugusamningurinn)

---

<sup>27</sup> Þetta nær yfir samninga með gagnkvæma eða tvíhliða veitingu aðgangs.

- Tvíhliða samningur við Noreg um veiðar á norsk-íslensku síldinni (Viðauki við Samning um norsk-íslensku síldina)
- Tvíhliða samningur við Rússland um veiðar á norsk-íslensku síldinni (Viðauki við Samning um norsk íslensku síldina)

**80. Varðandi sérhvern gildandi samning, lýsið eftirfarandi skilyrðum um veiðar:**

**(i) Verðgildi hvers samnings;**

Verðgildi hvers samnings hefur ekki verið áætlað. Það er afar ólíklegt að hægt sé að meta þá til fjár þar eð slíkt breytist gríðarlega eftir fiskverði og veiðiheimildum

**(ii) aðgengisréttur og kvóti / tækifæri til veiða sem um var samið;**

**(iii) fyrirkomulag varðandi skipti á réttindum;**

**(iv) árlegt yfirlit yfir afla eftir tegundum;**

**(v) grundvallaratriði sem stjórna veitingu leyfa/veiðiréttinda**

Samningar við Grænland og Noreg

*Samningur milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á svæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.*

*Samningur um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilandhelgum Íslands og Grænlands*

*Tvíhliða samningur milli Íslands og Noregs*

Fyrsti samningurinn milli þessara landa um skiptingu loðnustofnsins milli Íslands, Grænlands og Noregs var undirritaður í júní 1989. Núgildandi samningur er frá 1999. Samkvæmt samningnum er hlutur Íslands af loðnustofninum 81%, Grænlands 11% og Noregs 8%. Í nánu samhengi við þennan samning voru gerðir tvíhliða samningar við þessi tvö lönd þar sem lagðar voru niður reglur sem eiga við veiðar innan lögsögu landanna. Í tvíhliða samningnum við Grænland eru einnig ákvæði um gagnkvæman rétt til að veiða djúpsjávarkarfa.

Samningar við Færeyjar

*Tvíhliða samningur við Færeyjar*

Í samningi milli Íslands og Færeyja árið 1976 fengu færeysk skip einhliða rétt til að veiða botnfiskstegundir í íslenskri landhelgi. Færeyjum var veittur réttur til að veiða ákveðið magn af botnfiski í íslenskri landhelgi en í samræmi við breytingar sem gerðar voru á samningnum 1983 ákveða íslensk yfirvöld einhliða leyfilegan heildarafla eftir viðræður við færeysku stjórnina og með tilliti til ástands fiskistofnana. Um leið var tekin sú ákvörðun að leyfa aðeins veiðar á botnfiski með línu og handfærum í íslenskri landhelgi og banna togveiðar. Síðustu 10 ár hefur leyfður botnfisksafli Færeyinga verið næstum óbreyttur og er nú 5.200 tonn á ári.

Allt frá 1996 hafa verið gerðir árlegir samningar milli ríkisstjórna Íslands og Færeyja um veiðar á uppsjávarfiski í íslenskri og færeyskri lögsögu. Í þessum samningi eru ákvæði um einhliða rétt færeyskra skipa til að veiða loðnu í íslenskri lögsögu og jafnframt tvíhliða rétt til að veiða norsk-íslenska síld og kolmunna. Í samningnum eru einnig lágmarksréttindi íslenskra skipa til að veiða markíl og Hjaltlandssíld. Loks er í samningnum gert ráð fyrir fjölda skipa sem mega stunda veiðarnar í hverju tilviki og einnig getið svæða og annarra reglna um veiðarnar.

#### Samningar við Noreg og Rússland

*Samningur milli ríkisstjórna Íslands, Noregs og Rússnesku sambandsríkjanna um ákveðnar hliðar á samvinnu í sjávarútvegi*

*Tvíhliða samningur við Noreg um veiðar á norsk-íslensku síldinni (Viðauki við Samning um norsk-íslensku síldina)*

*Tvíhliða samningur við Rússland um veiðar á norsk-íslensku síldinni (Viðauki við Samning um norsk íslensku síldina)*

Samningurinn frá 1999 milli Íslands, Rússlands og Noregs leysti úr deilu um veiðar á Íshafsporski. Með samningnum fékk Ísland þorskkvóta sem árið 1999 var 8.900 tonn, byggður á leyfilegum 480,000 tonna heildarafla. Síðan þá hefur þorskkvóti Íslands verið sama hlutfall af heildaraflaheimildum, svo framarlega sem hann fer ekki niður fyrir 350.000 tonn. Helmingurinn af kvóta Íslands kemur frá hvoru ríki um sig.

Aðskildir samningar við Noreg og Rússland létu síðan í té uppbætur fyrir þennan þorskkvóta og lagði auk þess niður ýmsar reglur um fiskveiðarnar, þ.á.m. um aukaafli. Endurgjald til Norðmanna fólst í því að veita Norðmönnum rétt til að veiða árlega 500 tonn af keilu og löngu á línu í íslenskri landhelgi og einnig loðnu. Formúlan fyrir útreiknuðum loðnukvóta Norðmanna er að fyrir 4.450 tonn af þorski mega Norðmenn veiða 17.000 tonn af loðnu. Loðnukvótinn breytist í réttu hlutfalli við þorskkvóta Íslands. Hvað varðar Rússland er endurgreiðslan sú að greiða einn þriðja af markaðsvirði þess veiðiréttar sem Rússar láta af hendi.

Viðauki við strandríkjasamninginn um norsk-íslensku síldina er samningur við Noreg um gagnkvæm veiðiréttindi í íslenskri og norskri lögsögu og á lögsögu Jan Mayen. Í sama viðauka er einnig tvíhliða samningur við Rússland um rétt síðarnefnda landsins til síldveiða í íslenskri landhelgi.

#### Samningur við Evrópusambandið

*Samningur um fiskveiðar og lífheim hafsins milli Lýðveldisins Íslands og Evrópusambandsins*

Í samræmi við þennan samning sem er frá 1993 mega skip frá Evrópusambandinu árlega veiða 3.000 tonn af karfa á tveimur svæðum innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Í staðinn fær Ísland rétt til að veiða 30.000 tonn af loðnu frá ESB, það er frá Grænlandi sem er aðili að samningnum um úthlutun loðnukvóta á svæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands eins

og áður hefur verið nefnt. Í samningnum eru auk þess nákvæm ákvæði um hvernig eigi að framfylgja og tryggja ákvæðin sem hafa breyst nokkuð frá upphaflega samningnum.

**81. Gefið einnig lýsingu á viðkomandi flotum varðandi sérhvern gildandi samning:**

**(i) fjöldi skipa;**

**(ii) tegund skipa;**

**(iii) brúttótonn;**

**(iv) afl í kW o.s.frv.**

*Samningur milli ríkisstjórna Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um ákveðna samvinnu um veiðisvæði*

*Tvíhliða samningur við Noreg*

Ár	Fjöldi	Brúttó tonn	kW
2008	7	11,282	19,896
2007	5	8,134	14,748
2006	5	8,638	14,046
2005	5	7,673	12,486
2004	5	7,673	12,486
2003	4	5,094	7,382
2002	9	6,847	10,109
2001	10	7,957	12,331
2000	9	7,215	12,191
1999	13	14,650	25,303

*Tvíhliða samningur við Rússland*

Ár	Fjöldi	Brúttó tonn	kW
2008	5	6,433	10,383
2007	5	8,134	14,748
2006	3	4,777	7,561
2005	4	5,670	9,546
2004	5	9,340	14,128
2003	3	4,777	7,561
2002	4	4,439	6,584
2001	4	3,473	5,928
2000	2	1,163	2,356
1999	2	1,897	3,827

*Tvíhliða samningur við Noreg um veiðar á norsk-íslensku síldinni (Viðauki við Samning um norsk-íslensku síldina)*

Ár	Fjöldi	Brúttó tonn	kW
2008	11	23,499	48,968
2007	15	30,551	63,958
2006			0
2005			0
2004			0
2003	5	9,785	16,725
2002	6	12,788	22,125

*Tvíhliða samningur við Færeyjar*

Ekki fyrir hendi, sjá Spurningu 13:76 (i).

*Samningur um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilandhelgum Íslands og Grænlands*

Ekki fyrir hendi, sjá Spurningu 13:76 (i).

## **82. Hver eru gildandi skilyrði varðandi:**

- (i) ráðningar sjómanna og starfsskilyrði;**
- (ii) framlag til þróunar sjávarútvegsgeirans;**
- (iii) fjárfestinga.**

Í samningunum er ekki tekið á atriðunum á listanum.

## **83. Lýsið einnig í sérhverjum samningi:**

- (i) framlagi til:**
  - **sjálfbærrar nýtingar á viðkomandi fiskistofnum**
  - **baráttu gegn ólöglegum (IUU) veiðum**
  - **framfarir í vísindalegri og tæknilegri þekkingu í fiskveiðum**

*Samningur milli ríkisstjórna Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um ákveðna samvinnu um veiðisvæði (Smugusamningurinn)*

Aðilar að samningnum ásetja sér að tryggja langtíma vernd og sjálfbæra nýtingu fiskstofnanna á öllum svæðum þar sem þeir finnast, og skuldbinda sig til að fara eftir grundvallaratriðum ábyrgra fiskveiða. Þau skuldbinda sig til að stuðla að sjávarrannsóknum og byggja fiskveiðistjórnun stofnanna á bestu hugsanlegri vísindaráðgjöf. Allir aðilar munu tryggja að fiskiskip sem sigla undir fána þeirra stuðli að framkvæmd varðandi verndun, stjórnun og reglur ríkjanna sem teknar hafa verið upp varðandi fiskveiðistjórnun. Tilkynna verður um slíkt

fyrirkomulag, reglur og reglugerðir með nægum fyrirvara. Aðilarnir skulu vinna saman að könnun á möguleikum og taka ákvarðanir eftir þörfum til að hindra íbúa sína í að taka þátt í aðgerðum svo sem að skrá skip sín undir fánum annarra ríkja með það í huga að stunda fiskveiðar sem grafa undan þessum samningi. Aðilarnir samþykkja að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að afla sé landað í hafnir þeirra ef staðfest hefur verið að aflinn sé á einhvern hátt fenginn með aðferðum sem grafa undan samningnum og verndunar- og stjórnunar- aðgerðum í honum og án þess að skaða skyldur viðeigandi laga, með fyrirvara um að samningurinn sé í samræmi við gildandi landslög, að koma í veg fyrir að skip sem taka þátt í slíkum verkum komi í hafnir nema í neyðartilvikum.

*Samningur milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.*

*Samningur um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögum Íslands og Grænlands*

Aðilar að samningnum skulu vinna saman að verndun og nýtingu loðnustofnsins á svæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen. Aðilarnir verða að vinna saman að gagnkvæmu eftirliti með fiskiskipum í landhelgi sinni.

*Tvíhliða samningur milli Íslands og Noregs*

Samningurinn tekur til samvinnu landanna um fiskveiðar, með sérstaka áherslu á verndunar- aðgerðir, skynsamlega nýtingu og eðlilega endurnýjun fiskstofna sem finnast á hafsvæðinu milli Íslands og Jan Mayen. Aðilarnir skulu setja á stofn vinnuhópa sjávarlíffræðinga til að fá vísindalegar upplýsingar.

*Tvíhliða samningur milli Íslands og Færeyja*

Á ekki við.

*Samningur um fiskveiðar og lífheim hafsins milli Lýðveldisins Íslands og Evrópusambandsins*

Þessi samningur er til að koma á vísindalegum rannsóknum á stofnum með tilliti til sameiginlegra hagsmuna og samvinnu varðandi lífheim sjávar eftir því sem við á. Í honum eru einnig ákvæði um verndunaraðgerðir.

*Tvíhliða samningur við Noreg um veiðar á norsk-íslensku síldinni (Viðauki við Samning um norsk-íslensku síldina)*

Í samþykkttri skrá um niðurstöðu fiskveiðiráðgjafa um stjórnun á norska vorgotssíldarstofninum í Norðaustur Atlantshafi er málsgrein þar sem báðir aðilar samþykkja að mæla með

langtíma stjórnunarfyrrirkomulagi við viðkomandi yfirvöld samkvæmt ráðleggingum ICES (Alþjóðaráðið um könnun hafsins) sem nefndar eru í samningnum.

▪ **Samþættingu samningsaðila inn í alþjóðahagkerfið**

Ekki tekið fyrir í samningnum.

(ii) tengsl við

▪ **Stefnu í þróunarmálum**

Ekki tekið fyrir í samningnum.

▪ **Annað frumkvæði svo sem stuðningur við önnur lönd utan samnings á sviði vísinda**

Ekki tekið fyrir í samningnum.

**84. Lýsið sérstökum ákvæðum um stjórnun þar sem við á.**

Um er að ræða margar og breytilegar reglur um eftirlit með þessum fiskveiðum. Þar á meðal eru til dæmis ákvæði um tilkynningaskyldu, eftirlit á sjó og sérstakan fjölda skipa.

*C. Íslenskir hagsmunir í fyrirtækjum/skipum skráðum erlendis*

**85. Teljið upp fyrirtæki eða einstaklinga sem eiga að hluta eða í heild eða reka fiskiskip sem skráð eru erlendis og takið fram**

(i) Í hvaða landi skipin eru skráð

(ii) Nafn fyrirtækis

(iii) Fjöldi og stærð skipa (brúttótonn/kW)

(iv) Hvaða tegundum er sóst eftir, afli og verðmæti síðustu 5 ár

(v) Venjuleg löndunarhöfn

Ekki eru til neinar opinberar upplýsingar um þetta efni. Ennfremur skrá Landssamtök íslenskra útvegsmanna ekki slíkt eignarhald.

Ríkisstjórnin er hins vegar meðvituð um að fáein íslensk fyrirtæki og/eða einstaklingar taki þátt í störfum erlendis.<sup>28</sup>

## **X. FRAMKVÆMD SAMÞÆTTINGAR GRUNDVALLARATRÍÐA SJÁVARSTEFNUMÁLA**

### **86. Hve langt hefur Ísland gengið í að taka upp þær reglur sem settar eru fram í orðsendingu Nefndar um viðmiðanir um samþætta aðkomu að stefnu um málefni hafsins (tilvísun í skjal COM (2008) 395 lokið 26.6.2008)?**

Árið 2004 setti íslenska ríkisstjórnin fram og gaf út víðtæka stefnu um málefni hafsins. Stefnan er byggð á þremur stöðum: Ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í hafréttarmálum, hugmyndinni um sjálfbæra þróun og þeirri skoðun að ábyrgð á verndun og nýtingu vistkerfa sjávar sé best komin í höndum þeirra ríkja sem eru háð áhrifum allra ákvarðana og hafi mestan hag af þeim.

Kjarninn í markmiðum stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar í því sem snýr að hafinu og siglingum er að viðhalda heilbrigði vistkerfa hafsins og að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda svo hafið megi halda áfram að vera auðug uppspretta heilbrigðra og verðmætra afurða og geti haldið áfram að vera ein af meginstöðum íslenska hagkerfisins. Stefna Íslands leggur áherslu á vísindalegar rannsóknir og sérfræðiþekkingu sem grundvöll ábyrgrar stjórnunar sem og aðgerða í málum sem tengjast hafinu.

Stefnan í málum hafsins snertir mörg ráðuneyti. Fyrir bragðið hefur verið sett á stofn nefnd til tengingar ráðuneytanna sem á að vera meginundirstaða í því sem lýtur að siglingamálum. Nefnd svo ofarlega í stjórnkerfinu hefur getu til að vera pólitískt leiðarhnoð og hafa áhrif á aðra sem tengjast málefnum. Ennfremur verða boðleiðir styttri og aðgengi allra viðkomandi auðveldari vegna takmarkaðrar stærðar og einfaldrar byggingar íslenska stjórnkerfisins.

### **87. Hefur Ísland hafið átak sem er sambærilegt við hin nýju átaksverkefni yfir landamæri Bandalagsins um þekkingu á siglingarleiðum, eftirlit eða landnotkunarskipulag?**

Frumkvæði Íslands varðandi málefni hafsins á alþjóðavettvangi er ákaflega mikilvæg. Til að auka stuðning við sjálfbæra nýtingu ættu ríkisstjórnir að bæta stjórn sína varðandi málefni hafsins. Á undanförunum áratugum hafa sífellt fleiri aðilar lýst áhyggjur af verndun og nýtingu auðlinda náttúrunnar. Umræða um málefni hafsins hefur aukist og sömuleiðis þrýstingur á bættu stjórnun á nýtungu hafsvæða og verndun vistkerfa hafsins. Þetta sést berlega í nýjum ákvörðunum og samningum fjölda ríkja, í dagskrám og vinnu alþjóðlegra stofnana, hjá almennum samtökum og í stefnumálum og aðgerðum ríkisstjórna þjóðríkja. Íslenska ríkisstjórnin leggur afar mikla áherslu á frumkvæði og að taka þátt í umræðu, ákvörðunum, verkefnum og samvinnu sem hluta af því að vernda lífríki hafsvæðanna.

<sup>28</sup> Sjá til dæmis [www.samherji.is](http://www.samherji.is)

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið leggur áherslu á að sjávarútvegsmál og sjálfbær þróun séu mikilvægur þáttur í þróunaraðstoð. Stuðningur við grundvallaratriði sjálfbærrar þróunar verður að aukast í umræðum um þróunarsamvinnu með virkri þátttöku í umræðu um markmið og leiðir þróunarsamvinnunnar. Nauðsynlegt er að styðja fjárhagslega við verkefni í fiskveiðum og umhverfisvernd undir stjórn fjölþjóða þróunarstofnana. Ísland býr yfir mikilli og fjölbreyttri sérfræðiþekkingu varðandi fiskveiðar, auðlindastjórnun og líffræðilega fjölbreytni sem hægt er að nota til góða fyrir þróunarríki. Þróunarstofnun Íslands (ICEIDA) hefur unnið mikið starf við verkefni tengd fiskveiðum í nokkrum löndum. Töluverður fjöldi nema frá þróunarlöndum stundar árlega nám við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna (UNUFTP) sem staðsettur er á Íslandi undir leiðsögn Hafrannsóknarstofnunar í formlegu samstarfi við MATÍS, Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Þetta hefur styrkt tengsl Íslands og þróunarlanda.

Hvað varðar eftirlit á sjó þá er það trú Íslands að það sé ákaflega mikilvægt að landhelgisgæslur landa með aðliggjandi hafsvæði vinni reglulega saman. Þannig nái starfsmenn gæslanna að bera saman bækur sínar og leita að frekari samvinnu, þ.á.m. með samstarfs-samningum. Þar er einnig grundvöllur fyrir kynningu á nýjungum og umræðum um viðbrögð við nýjum ógnunum.

Ísland tekur þátt í samvinnu Samtaka strandgæsla á Norður-Atlantshafi og hefur náið samstarf við nágrannalönd þegar kemur að aðgerðum gegn skipulagðri glæpastarfsemi.